


Guðrún Kristín Magnúsdóttir

Japl, jaml og fuður

Þjóðfélagsfarsi -- sálgreinum þjóðfélagið og okkur sjálf.
Ótal sjónvarpsþátta sería, sápa, sem við setjum upp í huganum.
Það er ódýrara en að taka upp í alvöru.



Flétta -- allt bitur í halann á sér. Bitum við alltaf í sporðinn á okkur?
Gaman og óvænt atvik. Ekki alltaf alveg það sem ætlunin var.
Hver persóna er heilsteypt, en svolítill leiksoppur sinna örlaga.
Flækjan gengur upp að lokum á heillandi hátt.
Næmur skilningur á hverri persónu í leit að uppfyllingu óska sinna.
Yndisleg sjálfsbjargarviðleitni. Sumir detta í lukkupottinn fræga,
sumir þurfa að finna ráð; það er nú bara einu sinni svo.
Hvaða bull er það að skoða endi í upphafi !!! Það er sko misráðin orkusóun.

Japl, jaml og fuður

Algjör þjóðfélagsperla frá verðlaunahöfundi. Setjum upp farsa í huganum.

Japl, jaml og fuður

5.útgáfa 2016

ISBN 978-9979-895-11-4

Freyjukettir Norræn menning

Japl, jaml og fuður komst

-- sem handrit að kvikmynd í fullri lengd og/eða „sitcom“

((situation comedy), framhaldspættir í sjónvarpi) --

á stutta listann hjá MEDIA, evrópsku menningarstofnuninni,
valið úr tugum eða hundruðum þúsunda mjög góðra evrópskra handrita.

Einn dómnefndarmanna hafði fyrir að skrifa höfundu bréf: *-Ég var að óska að Japl hefði unnið.*

Endilega komdu því í tókur!!

Eins og í öllum góðum försum -- eins og til dæmis lífinu -- þvælist fólk í vandræði til þess að ná einhverju markmiði. Sumir eru aftur komnir á byrjunarreit, eftir allt þuðið. Sumir detta í lukkupottinn fyrir langsóttar tilviljanir.

Hver persóna hefur sína kosti og galla. Hver og einn þykist vera sjálfum sér samkvæmur -- nema á öðru þurfi að halda.

Handritið heitir í ensku þýðingunni:

Take It As It Comes

Why We Always Enjoy Most to Learn Everything The Hard Way
2-line pitch, synopsis, treatment; fagmannlegt, enda höf. diploma í handritagerð.

Japl, jaml og fuður allri alvöru fylgir nokkurt gaman

Japl, jaml og fuður er rammíslensk nútímavæn flækjusápa sem höfðar til tilfinninga og lifsporsta allra manna hvar og hvenær sem þeir lifa.

Þetta er nefnilega alveg óþolandi eðlilegt og fáránlegt vandamálaleikrit
(-- o, ég þoli ekki vandamálaleikrit !!!)
rétt eins og lífið er, og kemur alltaf á óvart,
í stuttu máli: hringdansinn (okkar) sem kallast: „leitin að hamingjunni“.
Og ég skil ekki í hvernig við nenum þessu (að lifa).
Það er bara svo gaman.

Í byrjum þarf að greiða aðeins úr persónum og umhverfi:
Í JAPLI JAMLI OG FUÐRI mætast þrjár veraldir í okkar „stéttaskiptingalaus“ þjóðfélagi:
unglingar í strjálbýli - sem eru vinndýr
unglingar í blokkarhverfi Reykjavíkur - sem þurfa að krafla,
og unglíngar fæddir í peningageiranum - sem búa við þá kvöð að verða
fint fólk og góðborgarar eða stórborgarar.

Leifur óheppni,
foreldrar hans og systkin á Hrakhólum.

Leifur - unglundur - rífur sig upp úr sveitinni, rífur sig upp frá föðurhúsunum. Hann er orðinn „ómissandi“, og síðustu forvöð að finna frelsið. Það gæti á endanum orðið of seint. Það rennur upp fyrir honum að hann er orðinn að vinnujálki heima hjá pabba og mömmu á Hrákhólum í Háhólasveit. Hann er hættur, farinn. Fer í bæinn

Sæmi ríki,
foreldrar hans
og auðvitað **Hægri höndin** og **Pálína**

Sæmi ríki kallast **Finnur** í sveitinni (til þess að þekkjast ekki)
Sæmi ríki - unglundur - er fæddur og uppalinn í borginni - fæddur með silfurskeið í munnum.
Sæmi ríki er að finna út að hann á kannski enga vini. Er þetta lið bara „vinir“, af því að hann á pening og gott partihúsnæði? Eru þessar stelpur bara skotnar í honum af því að hann erfir peningana hans pabba?

Ríkraforeldraunglingaklíkan: Lárviðar (Lárus Viðar skólaskáld)
Piece unique (Pétur U. Nikulásson), Kjarnsýra (Dagrún Nanna Aðalsteinsdóttir, DNA)
og þau hin í menntaskólaklíkunni -- „vinir“ Sæma ríka

Jónði (fallegur og áberandi sexi strákur)
og aðrir í **blokkarklíkunni**, t.d. Bibí

Jónði - unglundur - hefur alltaf þurft að bjarga sér sjálfur á mölinni. Hann er hluti af krakkahópi sem hefur ekki notið uppeldis að neinu marki, öðru en að þau hafa alið hvert annað upp og kennarar hafa kennt í tímum, og foreldrar hafa unnið fyrir íbúð og húsgögnum og sjónvarpi - sem kallast heimili en er í raun aðeins í besta falli bensínstöð.

Svo eru líka ótal aðrir:

Lumma, sem er alltaf kát, og kann að bjarga sér, Snilli teknó, bróðir Lummu,
Valkyrja hestamaður járnngamaður bílavíðgerðamaður
Dúrrí, Björn og Pétur litli
Krúkki, Gúffi og Dollý í Gróss

Vladimir Sergei, systkin hans, **Alexandra Bernadetta** og **Albert Pietro**
og barnfóstran **Raisa**

og margir fleiri koma við sögu (sem aukapersónur):
skólastjórinn í Fjölbraut
Palli á verkstæðinu
blokkarkonan
hjónin í litla húsinu
Þjóðverjinn og hávæð sveitakarll í samninganefnd.

Auk þessa leikur í stykkinu fjöldi bíla og dráttarvéla auk rútubíla, strætó, leigubíla og torfærujeppa; splunkuný farartæki, eldgömul, ryðguð, fokdýr, hálfónýt, aflóga, biluð -- og bensínlaus bílaleigubíll -- og svo hestar, hestakerra, flygill, kögurpils, norðlenskur alvörusnjór og englar, rollur, miðnætursól, kýr, veggjalýs, pönnu-
kökur, hundurinn Sæmi, ferðamenn og fleiri aukaleikarar, og gestaleikarar (frægt fólk).
Við erum eiginlega að setja upp í huganum sápuþætti fyrir sjónvarp;
ég ætla ekki að mata ykkur á útfærsluhugmyndum.
Setjum upp í huganum sápu fyrir sjónvarp.
Aðeins eitt mikilvægt atriði (-- mér hjartans mál): þegar bíll ekur að norðan suður aki hann í mynd frá hægri til vinstri, og þegar bíll ekur að sunnan norður aki hann í mynd frá vinstri til hægri. Ímyndum okkur alltaf að kameran standi á hálendinu þegar hreyfing farartækja milli staða er skotin. Að öðru leyti megið þið krossa og vera ófagleg eins og ykkur lystir fyrir mér.

Leifur ætlar í MA.

Já. Hann er ákveðinn í því að verða stúdent.

Hann ætlar að fara frá foreldrunum og litlu systkinunum og hokrinu og puðinu og í skóla.

Hann náði þarna þessum illræmdu á sínum tíma, og þótt hann ætlaði þá ekki að gera meira í skræðumálum, og þótt strákarnir segi honum að það sé hægt að hafa gott upp úr sér á loðnu, er þessi hugmynd búin að skjóta rótum í kollinum á honum, og ekki tautinu við hann komandi. Leifur ætlar í MA.

Leifur sér fyrir sér í huganum viðbrögðin þegar hann tilkynnir foreldrum sínum þetta:

-En, - en hvernig stendur á því, vinur minn að þú ætlar út í þetta? Sérðu ekki að hér er nóg að vinna?

-Já, í rauninni megum við ekki missa þig.

-Þú getur þá skotist framúr til okkar um helgar og létt undir með okkur.

-Það er auðvitað líka ýmislegt sem við þurfum að láta útrétta útfrá. Þú gætir þá gert það, Leifur, þar sem þú ert á ferðinni hvort eð er.

-Þú ert nú elstur, og þú sérð að yngri börnin geta ekki unnið allt sem þarf að vinna.

Það hvarflar að Leifi að benda pabba og mömmu á, að þegar hann var 10 ára, sló hann einn allt túnið, því pabbi hans hefur aldrei verið laginn við dráttar-vélar.

Það hvarflar að honum að benda á, að nú er Dóri 11 ára, og Bjargþrúður 13. Þegar Leifur var 13, sá hann einn um fjósið.

Bjargþrúður er alltaf að baka, baka, þrifa og þvo. Baka, baka, baka handa gestum, sem éta allar kleinurnar og pönnukökurnar og lagkökurnar jafn óðum.

Og frá því að Leifur man eftir sér, var mamma að skipta á kúkableium og þvo og þvo og þvo.

Og frá því að Leifur man eftir sér, var pabbi að reyna að vinna, þrátt fyrir þetta eilífa bak sitt, bakið, bakið, bakið, sem fór á sínum tíma.

Það hvarflar að Leifi að hann var ekki nema 12 ára, þegar hann tæmdi alla áburðarpokana í dreifarann. Dóri getur nú bara opnað þá og ausið í með fötu eins og hann gerði þegar hann sjálfur var 11 ára.

Það er eitthvert óskrifað lögmál að elsta barnið er alltaf elst og yngri börnin alltaf yngri. Hvernig stendur á því að Þrúða passaði alla krakkasúpuna, þegar hún var 8 ára, að hún gat það vel af því að hún var elst, en Gurra, sem núna er 8, er ekki látin skipta á gríslingunum -- þau eru nú þrjú sem kúka í sig, tvíburarnir og Palli litli.

Og Stína og Gummi, sem eru 5 og 6 ára, eru alltaf að leika sér. Þegar Leifur var 5 ára og þegar Leifur var 6 ára, var hann elstur, og mokaði flórinn, og gaf fóðurbættinn og vakti, þegar beljurnar voru komnar að burði.

-Og það væri nú möguleiki fyrir þig að koma í miðri viku, þegar þannig stendur á, ef það skyldi viðra fyrir steypuvinnu í haust (heyrir Leifur í huganum)
Það er þetta með haughúsið, sem á að verða véltækt.

Er það eitthvert lögmál, að elsti sonurinn eigi að byggja áburðarhús?
-Það er styrkur út á nýju áburðarhúsin. Við þurfum að reyna að byrja sem fyrst.

Leifur finnur, að eitthvert lögmál bókstaflega á hann. Hann er eign þessa frumburðarlögmáls. Þetta er bara eins og í einhverri af þessum íslendinga-sögum sem þau voru látin lesa í 9. bekk: -Elsti sonurinn varð bara höfuð ættarinnar, þegar búíð var að höggva höfuðið af pabbanum, sem var höfuð ættarinnar meðan höfuðið var fast á búknum. Það var lögmálið þá, að þetta nýja höfuð ættarinnar þurfti að höggva hausinn af þeim sem hjó hausinn af pabbanum -- en nú er þetta ekki svona glæsilegt. O nei. Nú er það hús undir beljuskít í staðinn fyrir blóðslettur og orðstír. Sveiflandi steypuskóflu í staðinn fyrir sverðið Leifsnaut.
Og engin saga.

Leifur heldur áfram að hugsa og æsa sig þar sem hann liggur í rúmi sínu um kvöldið. Hann vill ekkert láta eiga sig svona. Fólki getur verið að eiga börn og eiga börn, það er kannski gott fyrir bakið, en það er ekkert hægt að eiga svo þessi börn með húð og hári. Það er kannski eins gott að fara bara suður. Bara til Reykjavíkur? Hann er bara handviss um að þetta reddast allt án hans. Pabbi og mamma eru ekki nein gamalmenni, sem geta ekki séð sér farborða án hans. Tæplega fimmtugar manneskjur, þótt pabbi líti nú út fyrir að vera 100, þegar hann skriður uppí útaf bakinu.

Það var alltaf verið að segja, þegar Leifur var lítill, hvað hann væri nú duglegur hann Leifur, hvað hann væri nú duglegur hann Leifur. Það væri nú aldeilis munur, hvað hann væri duglegur hann Leifur. Það var alltaf gengið út frá því sem vísu að hann gerði allt sem gera þurfti, af því að hann var svo duglegur hann Leifur. Hann var farinn að trúa því að þetta væri það eftir-sóknarverðasta í lífinu, að vera duglegur hann Leifur.

Nú er hann ekkert svo viss lengur.

Ég er að verða 18 ára. Ég er ekkert búinn að taka einhverja ákvörðun um að verða hér til eilífðarnóns. Ef ég fer ekki núna, heldur ætla að biða eftir að Dóri verði 18, þá getur verið að hann fari, og þá þarf ég að biða eftir að Gummi verði 18, og ef hann vill ekki búa, og svo framvegis, þá verða pabbi og mamma á endanum orðin svo gömul, gömul í alvöru, ekki bara í útliti,

Ég fer. Fer suður. Afpanta á heimavistinni.

Það er hægt að leigja sér herbergi í Reykjavík.

Þar er til dæmis Fjölbraut. Hún gefur marga möguleika.

Fjölbrautarskólinn í Breiðholti í Reykjavík, til dæmis. Hvers vegna ekki athuga það? Þeir voru ekki að víla fyrir sér gömlu gæjarnir að koma sér milli landshluta, girðir sverði, í skikkjum, og móðirin stóð á hlaðinu og eggjaði þá til stórverkanna. Höggva mann og annan og svoleiðis dáðir mjög eftirsóknarverðar.

Það var nú dálítill munur á frumburðarhlutverkinu í þessum fornsögum sem maður var látinn lesa í níunda bekk: Elsti sonurinn varð bara höfuð ættarinnar, þegar búíð var að höggva höfuðið af pabbanum, sem var höfuð ættarinnar meðan höfuðið var fast á búknum á pabbanum. Það var lögmálið þá (Leifur fleygir böggum með tilþrifum) ... að þetta nýja höfuð ættarinnar þurfti að höggva hausinn af þeim sem hjó hausinn af pabbanum, - en nú er þetta ekki svona glæsilegt. O nei. Nú er það hús undir beljuskít, - búllsjitt - í staðinn fyrir blóðslettur og orðstír. Sveiflandi steypuskóflu í staðinn þess að sveifla sverðinu Leifsnaut. Og engin saga.

Hann finnur að hann er farinn að hugsa sömu setningar aftur og aftur. Greinilega að tapa glórunni!

Og það er ekki kalt fyrir sunnan.

Við fyrir norðan förum nú ekki að tala um snjó, fyrr en húsin fara að fara í kaf, og við förum ekki að tala um kulda fyrr en það er orðið kalt.

Ágætis herbergi í kjallara í blokk. Stórt og gott herbergi.

Leifur er að undirbúa ræðuna, sundurlausar hugsanir, sem verða notaðar í tilkynninguna, sjá fyrir sér hvellinn sem verður þegar hann tilkynnir ákvörðunina bara sí svona.

Daginn eftir er Leifur úti á túni að hirða bagga í kappi við rigninguna. Hann er í vatnsgalla. Það er rok og húðarigning. Leifur og pabbi hans eru með dráttarvélina og heyvagn. *-Meiri andskotans slóðaskapurinn alltaf hér fyrir norðan að láta baggana liggja á túninu þangað til fer að rigna.* (Þetta sagði raunar sunnlenskur bóndi á ferð fyrir norðan; þeir fyrir sunnan nota þessa fáu þurrkdaga vel, binda, hirða, koma öllu undir þak, því hann hangir ekki þurr þar nema í nokkra daga.)

Bagga!!! Nú eru allir hættir að vera með baggabindivélar. Orðnar forngripir. Hvers vegna þurfa Hrakhólar alltaf að vera langt á eftir tímanum í tækninni? Það væri skárri að hafa plastað núna. Hálfgerð byggðasafn þetta afdalakot. Merkilegt að orfið hefur verið aflagt hér. En það nú líklega letinnar vegna sem leitað var á náðir tækninnar. Þar kom letin loks í góðar þarfir.

Leifi hitnar í hamsi æ meir eftir því sem hann sér betur í hverju hann er flæktur. Æ, andskotann ætli ég sé að ergja mig á þessu. Hvað kemur mér þetta við lengur? Þær hafa hingað til þrifist á rudda, skepnurnar á Hrakhólum. Sennilega dræpust þær úr þembu ef þær fengju allt í einu annað en þennan búskussarudda.

Pabbi Leifs fer sér hægt -- eins og alltaf. Hann er alltaf bakveikur. Bakið, bakið, bakið. Leifur hins vegar ruslar böggunum uppá vagninn, og við getum séð fyrir okkur fornmann í bardaga.

-- Í stað bagga getum við séð hausa fjúka. En það er nú bara vegna þess að Leifur er í ham. Best að hann sé allt í einu kominn í fornmannaþúning. Helst blóðslettur. --

Hingað til hefur hann unnið af æðruleysi, þótt alltaf hafi gengið undan honum. En nú er adrenalínið flæðandi stjórnlaust um allt. Og hann stappar í sig stálinu með afköstum.

Það er best að tilkynna þeim á eftir að ég er að fara í skóla.

Það verður víst hvellur. En ég er farinn úr þessu hokri og puði. Auðvitað ætlaði ég á loðnu og meika það eins og strákarnir, en það var ekki hægt út af búskapnum.

Auðvitað ætlaði ég ekki að gera meira í skræðumálum. En nú verður ekki aftur snúið. Ég er ekkert búinn að taka ákvörðun um að vera hér til eilífðarnóns.

Leifur stekkur upp á heyvagninn til að raða böggnum. Snarast því næst upp í dráttarvélina og setur í gang.

Ef ég fer ekki núna, heldur ætla að bíða eftir að Dóri verði stærri, þá getur verið að hann fari og þá þarf ég að bíða eftir að Gummi verði stærri og ef hann vill ekki búa, ... og svo framvegis.

Ég var víst búin að hugsa þetta í gær. Orðinn galinn. Kominn í þráhyggju.

Bíll ekur heim traðirnar á Hrakhólum. Pabbi Leifs hættir að vinna -- ef vinnu skyldi kalla þetta gutl hans og gauf. Bakið, bakið, bakið. En hann heppinn að það eru að koma gestir. Alheilagir alltaf þessir gestir. Og karlinn snöggur að hætta um leið og hann sér gesti.

Pabbi Leifs kjagar heim að bænum.

Og ekki þarf að taka fram „fasta liði eins og venjulega“:

Bjargþrúður, systir Leifs, gægist út um eldhússgluggann, sér gesti, og byrjar að baka pönnukökur.

Pönnukökur.

Pönnukökur.

Pönnukökur.

Pönnukökur.

Pönnukökur.

Grey Bjargþrúður alltaf að baka og baka og smyrja og smyrja og laga kaffi handa gestum sem éta þetta allt saman jafn óðum. Og mamma alltaf að þvo og þvo og skipta á kúkableium frá því að maður man eftir sér. Það var kannski gott fyrir bakið að hlaða niður öllum þessum krökkum. Honum datt ekki í hug að kaupa nýja dýnu til að sofa á.

Fólk hleypur úr bílnum inn í bæ, léttklætt þrátt fyrir rok og rigningu, í ljósum tandurhreinum sumarflíkum. Það stekkur að útidyrum og bankar og hrökklast inn. Maður er nú ekki í vatnsgöllunum í bílum.

Húsbóndinn á Hrakhólum er nú mun hressari og minna bakveikur en áðan við vinnuna, nýgreiddur, og fer að drekka kaffi með gestunum.

Leifur bakkar heyvagninum af snilld upp að hlöðuopinu.

Ef ég fer ekki núna verða pabbi og mamma á endanum orðin of gömul til að búa, gömul í alvöru ekki bara í útliti. Þau eru ekki nein gamanmenni, fimmtugar manneskjur.

Er það eitthvert lögmál, að elsti sonurinn eigi að byggja véltækt haughús?

Ég er farinn - í skóla.

Þeir voru nú ekki að víla það fyrir sér, gömlu gæjarnir, að koma sér milli landshluta, girðir sverði, í skikkjum

Og móðirin stóð á hlaðinu og eggjaði þá til stórræðanna. Höggva mann og annan og svoleiðis.

Hver andskotinn!! Ég er farinn að verða innhverfur eða einhverfur, bara vitlaus. Rausa hér í huganum upp aftur og aftur sömu setningarnar. Enda tala ég aldrei við neinn nema sjálfan mig og beljurnar.

Nú er að duga eða drepast. Annars verð ég á endanum efni í Ómarsþátt um furðufugla og nátttröll á fjöllum uppi í óblíðri náttúru og belju- og rollu-félagsskap á afdalakoti og forneskju, rausandi við sjálfan mig í hálfum hljóðum.

Mamma hans Leifs stendur á hlaðinu, þegar Leifur er keyrður í rútuna.

Mamma hans lét lopapeysuna oní tösku. Leifur tók hana uppúr aftur. Ætlaði að skilja hana eftir. En mamma hans setti hana oní aftur. Leifur var nú ekki svo viss um að framhaldsskólaskrillinn í Reykjavík gangi í lopapeysum ---- afgangum lopapeysum sem hætta ekki að anga af fjósalykt þrátt fyrir þvott.

Þegar mamma hans fór fram tók hann lopapeysuna uppúr töskunni og faldi hana inni í skáp.

Þær elska mann svo mikið, þessar blessaðar mömmur, að maður endar á að taka með sér lopapeysu ef maður sér ekki í gegnum þessa móðurást.

-Það getur nú orðið kalt fyrir sunnan, vinur, og það getur verið kuldi í herbergjum sem leigð eru út.

Nei. Þær elska mann ekki sona mikið. Þær vilja bara að maður hætti ekki að hlýða. Það er hlýðnin sem þær elska svona mikið þessar elskur.

-En hvernig stendur á því, vinur minn, að þú ert að svíkja okkur svona allt í einu. Sérðu ekki að hér nóg að gera. Þú veist að við megum ekki missa þig núna. Þú veist að það er styrkur út á þetta áburðarhús. Við verðum að hefjast handa sem fyrst, ef viðra skyldi til steypuvinnu í haust. Þú veist hverju það munar að hafa haughús véltækt. Þú veist nú hvernig bakið á honum föður þínum er. Þú ert nú elstur. Þú sérð að börnin geta ekki unnið allt sem vinna þarf. Hver á að vaka yfir kúnum, þegar þær eru komnar að burði?

Og Leifur hugsar enn í rútunni:

-Ég gat það nú þegar ég var tíu ára.

Hann verður að hætta að hugsa um þetta. Klippa á naflastrenginn. Naflastrengurinn nær ekki suður. Þessum umræðum er lokið. Fortíð sem hann ætlar að loka á. Þessi kapítuli búinn. Búinn!! Og ekki orð um þetta meir.

Sæmundur Sæmundsson ehf er gott fyrirtæki. Það er að gera tilboð í rekastarvörur og aðstoð við lagningu jarðgangna. Þjóðverjarnir verða með þetta verkefni á Íslandi. Nú keppast allir við að ná í feitan bita við hlið Þjóðverjanna.

Hér á skrifstofunni sitja þessi fyrrverandi skólasystkin úr Verzló: Sæmundur Sæmundsson eldri, Pálína skrifstofumær, og auðvitað Hægri höndin, en hann er eilífðarkærasti Pálinu (síðan í Verzló) og hún eilífðarkærasta hans -- eða það hefur ekki orðið úr að þau giftu sig og eignuðust börn, en það stendur nú alltaf til. Hefur staðið til í 20 ár og hefur ekki verið slegið útaf borðinu, né heldur rætt um framkvæmdina.

Þau rýna mikið í teikningarnar á borðinu.

Sæmi ríki, ein aðalsöguhetjan okkar, situr hér líka yfir teikningunum og tilboðunum. Sæmi er einkasonur Sæmundar Sæmundssonar og konunnar hans, fyrrverandi fegurðardrottningar Verzló.

En Sæmi er ekki eins áhugasamur um rekstur fyrirtækisins og vera skyldi.

Í þessu stóra fina tveggjahæða húsi eru:

Uppi til hægri íbúð Sæmundar Sæmundssonar eldri og mómmu Sæma, en hún er nú á kafi í mannúðarmálum með sína mannúðarmálaeinkaskrifstofu;

uppi til vinstri er íbúð Hægri handarinnar og Pálinu;

á neðri hæðinni til hægri skrifstofa fyrirtækisins,

og niðri til vinstri einkaíbúð Sæma, Sæmundar Sæmundssonar yngri.

Stór garður er í kringum húsið, með gömlum stórum trjám, gömlum steyptum vegg í kringum garðinn, og skemmtilegri langri innkeyrslu að bílskúrunum þar sem BMWinn stendur, öllu vel við haldið og smekklega.

Frúin hans Sæmundar Sæmundssonar, mamma Sæma, fyrrverandi fegurðardrottning í Verzló, gefur mikla peningana til mannúðarmála, og

Hægri sér um að nýta allan mögulegan skattaafslátt, en samt er Sæmundur Sæmundsson ehf eitt af tíu hæstu skattgreiðendum landsins.

-Ekki kæmi mér á óvart, að akstur yrði stærrí póstur en í venjulegum tilboðum, segir Pálína hugsí. -Það er lélegt vegakerfi þarna.

-Hmmm. Þar hugsa ég að þú hafir lög að mæla, segir Sæmundur Sæmundsson eldri.

Þau sitja öll fjögur, alvarleg, við borðið á skrifstofunni.

Sæmundur Sæmundsson eldri, Pálína og Hægri höndin mjög hugsí, en Sæmi yngri sem á að vera að spekúlera í teikningum og kostnaðaáætlun fyrir tilboðið, er ekki með hugann við pappírana. Er bara þarna. Sæmi yngri horfir út í bláinn og út að glugganum.

Við leyfum þeim að hugsa þarna í friði. Þetta er hvort eð er leiðinlegur fundur.

Við fylgjumst því með rútunni að norðan sem rennir inn á Umferðamiðstöð í Reykjavík á þessum fagra haustdegi. Leifur er að koma til Reykjavíkur.

Lumma vinnur á Umferðamiðstöðinni. Hún á bróður sem er svolítið skritinn, heitir Snæúlfur, kallaður Snilli tæknó. Einsog sagt er: ekki einsog fólk er flest. Snilli er þarna á Umferðamiðstöð að vinna við að sópa gólf og tína upp rusl, eiginlega í stöðurgi umsjón Lummu, systur sinnar, sem hefur stöðugt auga með Snilla.

Hann nefnilega á það til að fikta við allt sem heitir vírar og tæki. Raunar snillingur í svoleiðis víraflækjuspaghetti, og getur látið sjálfan sig tala í útvarpið hjá nágrönnunum, og enginn skilur hvernig hann fer að þessu.

Ef hann er spurður, hlær hann bara.

Leifur spyr stúlkuna sem vinnur þarna (Lummu) hvernig hann komist í Breiðholt.

Lumma: *-Þú ferð oní Lækjargötu, rétt hjá MR finnurðu strætó sem fer í Breiðholtið.*

Leifur: *-Er Lækjargata í þessa átt?*

Lumma: *-Já*

Leifur: *-Hvað er MR?*

Lumma: *-Skóli, en hann er ekkert merktur svo þú verður að spyrja.*

Allt í einu heyrir rödd Snilla í hátalara: *-Ætlið þið að fara að gifta ykkur?*

Fólk lítur upp, en lætur þetta ekki á sig fá, enda sumt útlendingar sem ekki skilja.

Leifur lítur á Lummu því hún tekur þetta mjög inná sig.

Lumma, sem er glaðvær og kát að eðlisfari, verður allfúl á svipinn, reynir að gefa Snilla bendingu um að hætta þessu. En hann hættir ekki að stríða þeim. Hefur komist í hátalarakerfið og skemmtir sér vel.

Nú setur Snilli Svanavatnið á, svo það hljómar um alla Umferðamiðstöð.

Leifur, með poka og ferðatösku, fer upp í Breiðholt að leita að ákveðinni blokk.

Hann spyr stætóbílstjórann, einsog stúlkan á Umferðamiðstöð (Lumma) hafði bent honum á að gera.

Það er ekki auðvelt að finna eitt ákveðið hús hér. Hann spyr til vegar.

Hann leitar að nafni á dyrabjöllum, hringir bjöllunni, lítur upp í gluggana, óöruggur, lítur niður, lítur á dyrasímann, bíður. Urg og óskiljanlega rödd heyrir úr dyrasímanum. Það gengur eitthvað illa að opna. Allt svolítið í skralli.

Kona kemur loks niður stigann, fer oní kjallara, og Leifur eltir hana eftir dimmum löngum gangi. Konan staðnæmist við læstar dyr. Opnar með lykli. Þetta er niðurgrafinn kjallari, en gluggi er á herberginu. Dýna er á gólfinu

-Legubekkurinn er alveg að koma, segir konan þurrlega, -og borð og stóll. Hann sveik mig maðurinn.

-Þakka þér fyrir, segir Leifur og tekur við lykklum.
Konan fer.
Leifur opnar ferðatöskuna á gólfinu.
Lopapeysan liggur efst. Naflastrengurinn er seigur.

Kvöld, þetta sama haust, fyrir utan hús Sæmundar Sæmundssonar.
Ungt fólk kemur akandi í leigubílum. Hringir dyrabjöllunni á íbúð Sæma ríka. Þetta er Menntaskólaklíkan. Greinilega heimavön hér. Hér fara partíin fram. Sæmi tekur yfirhafnir stúlnanna og hengir upp. Sæmi ríki er sjentilmaður fram í fingurgóma. Ekki aðeins vegna uppeldisins, áunnið mál, heldur ásköpuð ósköp.

Piece unique (Pétur Yngvi Nikulásson, Pési Y Nik) gerir mest af því að horfa á fæturna á stúlkum. Það er bara hans hobbí.
Lárviðar (Lárus Viðar), með virðulegt sjálfsánægjubros, sezt við flygilinn.
Hans sérgrein er að vera skólaskáld, ganga í ljósum jakkafötum (helst bleikum), dökkri skyrtu (stundum svartri), og með bleikt eða silfrað bindi -- bara vegna þess að það er asnalegt að ganga með bleikt bindi og í bleikum fötum -- og hann skiptir í miðju. Það er líka asnalegt.

Sæmi hellir í glös. Hann er eðlilegakurteis maður.
Kurteisi eru auðvitað orð sem tákna hirðsiði. Merkingin er sú. Og við höfum aldrei haft hirð, svo við notum yfirleitt ekki hirðsiði. Erum það sem kallað er ókurteis.
Annað er tillitsemi og tilfinning fyrir öðru fólki, og það er Sæma eiginlegt.

En við getum ekki séð hvort Sæmi ríki skemmtir sér í þessum eilífu partíum í íbúðinni hans eða hvort hann skemmtir sér ekki. Ef til vill er það fas hans og þrudmennska sem kemur í veg fyrir að hann sýni slíkt.

Við sjáum að Lárviðar nýtur þess að spila á flygilinn stóra, hvers fætur sökkva oní þykkt hvítt stofuteppið í íbúðinni hans Sæma ríka.

Raunar valdi Sæmi ekki þetta teppi, heldur mamma hans og Pálína.

Sæmi lærði að spila á píanó þegar hann var lítill, og þá var keyptur flygill. Þetta er gott hljóðfæri og Sæma þykir vænt um það þótt hann sé löngu hættur að túlka meistarana.

Úr þessu gamla virðulega hverfi í vesturbænum hverfum við á ný í huganum í trjágróðurlaust blokkarhverfið í Breiðholtinu.

Leifur frá Hrakhólum í Háhólasveit er í Fjölbraut í Breiðholti og er ánægður.

Nei, liðið gengur ekki í lopapeysum. Leifur keypti sér úlpu.

Jónði nokkur er finn strákur því hann blandar geði við Leif. Leifur óttaðist kannski að hann yrði utanveltu, fyrst hann er ekki körfuboltafrik, eða fótboltafrik, eða neitt sem getur orðið leið inní hóp. En Jónði er hress og á ekki til neitt sem heitir manngreiningarálit.

-Ég leigi kjallaraherbergi hér rétt hjá, svarar Leifur Jónða.

-Blessaður, ég kíki til þín, segir Jónði. -Þú ferð létt með að komast inn í klíkuna, maður. Við erum ekki beint heimakært lið.

Leifur les í blokkarherberginu í kjallaranum. Ekkert hefur bættst við af lofuðum húsgögnum. Hann situr á dýnunni með sængina við bakið, uppi við kaldan vegginn. Það er langt síðan hann var í skóla, og erfitt að byrja að lesa.

Það er bankað í gluggann.

Leifur lítur upp. Jónði bendir að útidyrnunum. Leifur fer og opnar fyrir honum og Bíbí. Það er auðvitað ekki dyrasími í þessu kjallaraherbergi, enda lofthæðin ekki samkvæmt staðli

-Gerið þið svo vel að ganga í bæinn.

-Hæ.

Leifur gengur á undan inn langan dimman ganginn, svo Jónði, en Bibí tritlar á eftir.

Jónði og Bibí henda af sér úlpunum á gólfið, og Bibí segir: *-Flott húsgögn hjá þér, maður. Er þetta svona skilnaður að borði og sæng, borðið fór en sængin varð eftir?*

Þau hlæja.

Leifur (hallærislega): *-Má ekki bjóða ykkur sæti.*

-Blessaður, láttu okkur ekki trufla þig, segir Jónði hress. -Haltu bara áfram að lesa, maður. Gestir eru ekkert alheilagir.

Jónði tekur kók upp úr poka. Þrjár kókdollur. *-Áttu glös?*

-Ne, - nei. Það eru nú víst engin glös hérna.

Jónði opnar gluggann. Hann hellir dálitlu af kóki úr hverri dollu út. Raðar dollunum í gluggakistuna. Fyllir upp úr pela.

Þau sitja þarna lengi og rabba saman og drekka „kókið“.

-Blessaður, láttu okkur ekki trufla þig frá lestrinum, segir Jónði. -Hann er soldið stífur á mætingu og einkunnum, kallinn. Stjórinn.

Í íbúð Sæma ríka í stóra gamla húsinu í vesturbænum er eitt partið enn. Raunar finnst þessari klíku orðið svo sjálfsagt að nota íbúð Sæma undir partí, að það er varla spurt. Auðvitað eru þetta vel upp alin börn sem þakka fyrir sig, heilsa og kveðja, en samt er nú kannski aðeins of langt gengið að þiggja þessa aðstöðu svona eins og sjálfsagðan hlut.

Lárviðar spilar á flygilinn. Nokkuð vel, verður að viðurkennast. Enginn reynir að fá hann til að hætta og setja diskabunka á, þótt Sæmi eigi góðar græjur.

Og hér eru sko glös, fin glös..

Dyrabjallan enn. Sæmi fer til dyra eins og venjulega. Fyrir utan eru Gunni og Sandra sem alltaf koma of seint alls staðar:

-Við erum auðvitað fyrst, eins og venjulega.

-Einhver verður að vera síðastur, segir Sæmi ríki. -Liðið er nú ekki alveg á förum heim. Riddaralega tekur Sæmi kápu Söndru og hengir upp.

-Mætt!!!, hrópar einhver, og upp hefjast fagnaðaróp. -Þeim tókst það!!

Láviðar hættir í miðju lagi og spilar upphafið að brúðarmarsinum.

Lárviðar fer með ljóð. Það er ekki endilega neinn að hlusta á Lárviðarskáldið. Allir eru svo vanir gáfumannaþolinum í honum.

Kannski eru þessir menntahrokastælar Lárviðar hans leið til að ná athygli og skapa sjálfsímynd:

-Einu sinni var í tísku að allir væru eins. Allir áttu að vera eins. Allir voru eins.

Þá voru allir að rembast við að vera eins.

Svo kom í tísku að vera öðruvísi.

Þá voru allir að rembast við að vera öðruvísi. Kúnstugir, ef ekki vildi betur.

Svo er núna í tísku að vera bara eins og maður er.

Og -

þess vegna eru allir að rembast við að vera eðlilegir.

Og Lárviðar heldur áfram að láta ljós sitt skína:

-Og orð eru svo tóm

bara orðin tóm

svo umkomulaus

- án hugsunar.

Sjónvarpsgláparar standa upp

tómari en þeir nokkru sinni settust niður -

*án hugsunar...
Ég meinti þetta ekki til þín.
Bara sagði sí sona.
Tómur,
tómari,
tómastur.*

Gestir Sæma ríka skemmta sér þótt Sæmi bregði sér frá.
Sæmi fer upp á loft til Pálínu.

Hægri höndin er niðri á skrifstofu. Mikið sem hann er alltaf duglegur að vinna þessi maður. Pálína er uppi hjá sér með einhverja pappíra. Alltaf einhverjir pappírar í þessu húsi. Það er forsenda þess að fyrirtækið Sæmundur Sæmundsson ehf gengur svona vel.

Pálína lítur upp og brosir þegar hún sér Sæma: *-Hæ hæ.*
Sæmi stendur fyrir framan Pálínu þar sem hún situr notalega með pappírana leiðinlegu. Hún horfir á hann.

-Það eru nú ekki allir sem eiga tvær mömmur eins og ég á, Pálína.

Pálína brosir.

-Er ég mamma númer eitt núna, Sæmi minn? Stundum þegar þú ert svona á svipinn, veit ég að þú ætlar að segja eitthvað. Hvað er? Sestu.

Sæmi sest í sófann.

Pálína leggur handlegginn yfir axlir Sæma. *-Held bara utanum þig eins og í gamla daga, þegar ljótu strákarnir voru búnir að vera að hrekkja þig.*

-Veistu, Pálína, ég nenni ekki að vera með þessa svokölluðu vini mína í þessum endalausum partíum hér.

Það verður þögn. Pálína lítur á Sæma, og Sæmi lítur á Pálínu.

-Ég skal bara gerast örlagavaldur í lífi þínu, Sæmi minn. Ég las svo sniðuga sögu einu sinni: Rík stúlka var svo viss um að allir piltarnir væru svona hrifnir af henni vegna -- og

bara vegna -- peninganna hans pabba hennar, að hún fór langt upp í sveit, þar sem enginn þekkti hana.

Þetta var auðvitað happi ending, því þar hitti hún sinn alvöru heittelskaða: venjulegan sveitapilt með alla kosti sem einn pilt máttu þrýða.

*-Ég skal segja þér, Pálína: Stelpur halda ekki utanum mann. Þær hanga utaní manni.
-Ég er svo mömmuleg, segir Pálína. -Ég held utanum þig.*

-Hvar er Hægri?

-Niðri. Pabbi þinn og hann eru að ganga frá tilboði.

-Ætlið þið ekki að fara að gifta ykkur, Pálína?

Sæmi og Pálína heyra ekki í Hægri hendinni sem er kominn upp. Það eru svo þykk teppi í þessu húsi að fótatak heyrir aldrei hér. Jafnvel stigarnir eru teppalagðir. Hægri höndin heyrði ekki neitt af samtali Sæma og Pálínu annað en það sem Pálína segir nú:

-Gifta okkur?

Pálína og Sæmi verða vör við Hægri höndina í dyrunum. Þau líta við. Þau brosa hællærislega.

Hægri greip þetta greinilega út úr samhengi. Horfir á Sæma og Pálínu í faðmlögum í sófanum. Sófanum hans og Pálínu í íbúð hans og Pálínu. Þínlegt.

Gróss

er fyrirtæki, til húsa í einbýlishúsi Krúkka. Skiltið er utaná húsinu, einsog vera ber: GRÓSS ehf, inni í plasthylki, en þar sem átti að standa skrifstofa hafði sk dottið niður svo eftir stóð rifstofa og sk var á hliðinni neðst í hylkinu. Greinilega fokdýrt rusl þetta skilti.

Hús Krúkka, Gúffa og Dúllu er að Tómasarhaga 85. Krúkki og Gúffi reka Gróss.

Bíll Krúkka kemur akandi að húsinu. Dúlla er við stýrið.

Hún parkerar við bílskúrinn.

Hún er svo mikil dúlla hún Dúlla. Í alvöru. Hún er sæt og gengur í fallegum fötum. Ja bara smart, eins og maður segir á góðri íslensku eða þannig.

Inni eru Krúkki og Gúffi í góðu skapi. Þeir ætla að verða ríkir. Raunar eru þeir ofsa kátir, því þeir sjá fram á að verða ríkir.

Á skrifborðinu, innanum óskipulega blaðabunka, eru tveir öskubakkar, annan með hálfreyktri sígarettu í, hinn með nýíkveiktri sígarettu í.

Það er kannski ekki skrítið þar sem hér eru tveir menn inni, en við vitum ekki að Gúffi reykir ekki því Dúlla er svo mikið á móti reykingum. Gúffi er kærastinn hennar Dúllu, og hún bara vill ekki að hann reyki. Og þannig er það.

Krúkki er bróðir Dúllu og hann hlýðir ekki svona rugli í systur sinni. Hann bara reykir og svælir eins og honum sýnist. Hann er svolítið stressaður núna -- vegna bissettins - - og þess vegna kveikti hann í sígarettu, munandi ekki eftir að ein var þegar í gangi.

-Krúkki skæst á Skaganum ..., raular Gúffi.

Gúffi er nú aðeins laglaus að vísu, en við gætum heyrt að þetta er gömul vísa af Akranesi, sem var snúið uppá Krúkka, og er um hversu Krúkki er alltaf glúrinn gaur.

-Krúkki skæst á Skaganum ...,

og Krúkki bætir við:

*-... er svo næs
á rauðmaganum.*

Honum er engin stríðni í vísunni núna, því hún var hól þótt spaugileg væri.

-Manstu þá gömlu góðu daga, Krúkki?

*-Ef ég væri ekki í svona góðu skapi, yrði ég auðvitað bál..... við að þú ert að minna mig á
uppnefnið mitt, svarar Krúkki og hlær sínum hrossó.*

Allir Akrunesingar vita að skæis þýðir peningur á Akranesku, og Krúkki var glúrin sem krakki að ná sér í aura fyrir ýmisleg vik.

Krúkki og Gúffi hoppa og dansa af kæti.

Krúkki smeygir nú annarri hendinni oní innanábrjóstvasa Gúffa, hlæjandi:

-Við náum upplýsingum frá Páli og Pétri ...

*-.... Pétri og Páli, bætir Gúffi við, -... og ... (Gúffi stingur hendinni oní rassvasa Krúkka)
... náum tökum á rassvasabókhaldu þeirra. ...*

Krúkki grefur lausu hendinni í hárið á hnakka Gúffa: *-... Höfum hendur í hári þeirra
sem ætla að stinga undan okkur - .. ekki getur það verið neitt siðlaust? ...*

Gúffi tekur utanum rassinn á Krúkka með lausu hendinni. Bókstaflega skellir lófanum á rasskinn á Krúkka með smell og segir urrandi kátur: *-... og náum undirtökunum!
I love it !*

Þeir brosa út að eyrum.

En í því kemur Dúlla inn: *-OJ !!! OJ OJ OJ ! ...*

Krúkka og Gúffa bregður ögn. Þetta var svolítið óheppileg stelling til þess að láta grípa sig í.

-Bróðir minn og kærastinn minn !

Siðlaust!

Dúlla rekur augun í sigarettturnar á skrifborðinu, og það gerir hana enn reiðari.

Dúlla gengur fram og til baka af æsingi.

-Og ert þú, Krúkki, minn eigin bróðir, að spilla honum Gúffa, mínum eigin kærasta?!!

Kenna honum að reykja. Fý og skamm.

Gúffi drepur í annarri sigarettunni: *-Hann var með tvær, stynur Gúffi upp og bendir á Krúkka.*

-Fuss og svei, segir Dúlla. -Og á svo að reyna að skrökva sig útúr ósómanum.

Dúlla verður mjög sjarmerandi þegar hún verður svona obbópínutítulítið reið. Það klæðir hana mjög vel að verða svolítið reið og tala hátt og strunsa til og frá, því þá dillar hún bossanum um leið og verður ómótstæðileg.

-Og þú, Krúkki, átt að hætta að reykja. Mamma yrði reið ef hún sæi til þín. Nikkinn þinn.

Tóbakströllið þitt.

-Dúlla mín, Dúlla. Elsku dúllan mín.

Gúffi reynir að blíðka hana. *-Við erum að komast í feitt. Peninga. Dúlla mín. Dúlla mín!*

Dúlla strunsar fram, dillandi sæta bossanum sínum í þröngu bleiku pilsinu. Og það smellur í háu hælunum á parkettinu á Tómasarhaga 85.

-Dúlla mín, dúllan mín

Krúkki nær í seðlaveskið sitt úr innanávasanum, tekur nokkra fimmþúsund-kalla upp úr því: *-Hérna, Gúffi minn. Ég þekki hana systur mína betur en þú.*

-Dúlla mín, talaðu við mig

Gúffi hleypur á eftir Dúllu sinni, veifandi seðlunum.

-Við erum að verða rík !

*Við erum búnir að finna leið til að verða ríkir !
Þá getum við farið í hnattreisuna ! Dúlla mín!! Dúlla mín !!*

Leifur verður ápreifanlega var við, að allir fullorðnir eru að flýta sér í þessu Breiðholti, þrátt fyrir að þetta fólk virðist ekki hafa neitt svona mikið að gera í rauninni. Hvert er allt þetta fólk að keyra og keyra og keyra? Hvert fara allir þessir bílar og hvaðan koma þeir? Hvers vegna liggur öllum svona mikið á?

Í blokkarkjallarakerbergi er eiginlega alltaf partí unglíngja sem ala hvert annað upp. Enda umræður í þeim klassa.

Krakkarnir í blokkarklíkunni í Breiðholtinu eru, eins og Jónði sagði, ekki beint heimakært lið. Þeir eru nú á leið í heimsókn til Leifs í kjallarakerbergið. Einn strákur úr blokkarklíkunni bankar í gluggann. Leifur fer upp og opnar útidyrnar. Drykkjarföngin er tekin upp.

*-Djös gólfkuldi hérna, maður, segir Gulla.
Hún sest á úlpuna sína og treður fótunum innundir sig.*

Það er bankað er í gluggann. Úti er Jónði bograndi, og við hlið hans sést í fætturna á Bíbí. Hlæjandi bendir hann á opnanlega gluggann. Og einhver fattar, að auðvitað er þetta miklu þægilegra en að vera að nota þessar útidyr. Jónði (á undan) og Bíbí (á eftir) troðast inn um gluggann og hoppa oná gólf. Einski kemur að glugganum (úti), bankar í gluggann, ætlar að fara að úti-

dyrunum. En nýja fyrirkomulagið hefur verið tekið upp og Einsí kallar á krakkana sem bíða við útidyrnar.

*-Inn og út um gluggann,
inn og út um gluggann,
inn og út um gluggann,
og alltaf sömu leið.*

Og Jónði bætir við:

*-Stend ég, stend ég
bakvið hana Bibí ...*

og heldur áfram:

*-Stendur mér, stendur mér
bakvið hana Bibí.....*

Jónði er óborganlega fallegur drengur. Enda veður hann í kvenfólki.

Búsið er gott.

-Eigum við að vera hér áfram eða röltu, fara í bæinn eða ekki? eru spurningarnar þegar líða fer á nóttina.

Leifur sofnaði víst, en það breytti engu. Hann þarf að sofa, greyið, og þá sefur hann.

Á Tómasarhaganum gefur Dúlla gullfiskunum sínum í fiskabúrinu.

-*Gúsi gúsi gús*, segir hún við fiskana sína, og það er engu líkara en þeir skilji hana. Hún er ein heima. Krúkki og Gúffi fóru í vinnuna. Vinnan er stundum heima, stundum úti í bæ.

Nú eru Krúkki og Gúffi á leið í brotajárnsportið.

Gúffi (sem keyrir) parkerar hjá aflóga bílhræjum sem standa þarna í óskipulegri röð.

Krúkki og Gúffi snarast útúr bílnum, hálfhlaupa af stað.

Þeir haska sér í átt að háum krana. Þeir horfa upp í kranann, og maðurinn á krananum sér þá. Þessi maður er Jónði úr blokkarklíkunni.

Krúkki og Gúffi kalla hástöfum upp til Jónða:

- *J - Ó - N - D - I*

- *J - Ó - N - D - I*

J - Ó - N - D - I ! Við þurfum að.....

Setningarnar drukkna á hávaða, og við sjáum aðeins að Jónði skellihlær.

Jónði kemur niður úr krananum. Hann veit að þetta er vinnutilboð.

Jónði kemur gangandi, afslappaður og brosandi, algjör andstæða við stressið og patið í Krúkka og Gúffa.

Krúkki tekur um herðar Jónða, hvíslar að honum, lítur flóttalega í kringum sig, dregur Jónða afsíðis.

Krúkki útskýrir mikið plott fyrir Jónða.

Krúkki og Gúffi ganga í átt að bílnum eftir að hafa rætt við Jónða. Þeir eru hugsí. Ræða saman um mikilsverða hluti.

Þeir stoppa snögglega. Horfa undrandi fram fyrir sig.

Þeir líta til hægri, til vinstri, til hægri/vinstri, ---- hvar er bíllinn?

Þeir panikera.

Spríkla.

Bíllinn er á leið í pressuna einsog hver annar endurvinnslubíll!

Jónði hlær,

Krúkki og Gúffi veifa og veifa til að reyna að ná athygli mannsins á kranananum.

Ljós er í gluggum á íbúð Sæma ríka, neðri hæð til vinstri í stóra flotta húsinu þar sem Sæmundur Sæmundsson ehf er, þótt komið sé fram yfir háttatíma vinnandi manna.

Það er parti í íbúð Sæma ríka.

En pabbi hans, Sæmundur Sæmundsson eldri, og mamma hans, mannúðarmálafrömuðurinn, eru farin að sofa -- allt slökkt á eftir hæð til hægri. Slökkt á skrifstofunni á neðri hæð til hægri, því jafnvel Hægri höndin er sofnuð/sofnaður -- hjá Pálinu sinni í íbúðinni þeirra á efri hæð til vinstri. Búið að slökkva.

Í þessu húsi er hentugur dyrasímaútbúnaður til þess að spara hlaup til þess að opna fyrir gestum og viðskiptamönnum: Tengdur við dyrasímann er sjónvarpsskjárútbúnaður. Það er mikið öryggi í slíku einnig.

Í kringum húsið er dimmur garður með miklum trjágróðri, og þótt rómantísk garðljós séu hér og þar er auðvelt að felast í garðinum.

Partið er í fullum gangi í íbúð Sæma, og enn eru krakkar úr menntaskóla-klíkunni að fara og koma.

Þegar dyrabjallan hringir fer Sæmi til dyra, en allir í húsinu, einnig Hægri á skrifstofunni sjá, á sjónvarpsskjárútbúnaðinum, hverjum ber að svara. Andlit dyrabjölluhringjarans birtist við alla dyrasíma hússins. Tæknin, sko.

Sæmi tekur við yfirhöfnum og hengir upp. Heilsar sínum veluppöldu gestum af mikilli kurteisí. Þetta er bara hans móði at vere þo (þetta er gömul dönskusetta nú horfin en þýðist: honum eiginleg framkoma).

Allt er sem sagt eins og það er vant að vera.

Piece unique horfir, dreyminn á svip, á fætur stelpnanna. Það lítur út fyrir að hann sé hálfsofandi, en hann er bara dreyminn á svipinn. Hans hobbí er að horfa á fætur kvenna. Allir kvenfótleggir eru eggjandi og fagrir, hver á sinn hátt.

Lárviðar spilar yndislega franska ástarsöngva og kyrjar með. Merkilegt að hann skuli ekki taka að sér að spila fyrir samkvæmi. En honum finnst listin ekki eiga að koma samkvæmt pöntun og eftir klukku í metrávís fyrir kaup. Hann spilar þegar hann langar, stendur upp frá flyglinum þegar hann langar. Menn hafa sínar skoðanir og sín persónumörk á hreinu. List skólaskálds er ekki söluvara. Listin er tilfinning sem yljá hinum viðkvæmu mönnum um rætur hjartnanna þeirra.

Tvær stelpur í partíinu skoða fjölskyldumyndir uppi í hillu:

-Sjáðu! Mikið dúllukrútt hefur Sæmi verið þegar hann var lítill!

-Búttáður, í blúnduskyrtu og flauelsstuttbuxum!

-Je minn. Rosalegt krútt.

Partíið stendur fram á morgun, laugardagsmorgun. Það er ekki fyrr en um venjulegan fótaferðatíma vinnandi manna að gestirnir eru að fara heim úr partíinu í íbúð Sæma.

Sæmi fer upp til mömmu sinnar.

Mamma hans hefur skrifstofu fyrir sig uppi -- á efri hæð til hægri. Hún starfar við þessi mannúðarmál í algörri sjálfboðavinnu.

Hún er enn mjög glæsileg og vel til höfð kona. Já, bara falleg fertug kona.

Sæmi bankar létt á hálfopna hurðina hjá henni og gengur inn um dyrnar.

-Má ég trufla þig aðeins, mamma?

-Þú ert ekki að trufla, vinurinn minn.

-Mamma. Ég er orðinn leiður á þessum vinsældum mínum. Ég ætla að söðla um í gamni. Ætla að fara út á land.

Mamma Sæma horfir á hann.

Brosir svo.

-Já, segir Sæmi og hlær. -Ég sit og les atvinnuaglúsingar úr strjálbýlinu.

-Varstu ekki að byrja í lögfræðinni í haust, elskan mín?

Síminn hringir hjá mömmu Sæma.

-Ég tek með mér bækur og sé svo hvað verður.

Síminn hringir í nokkurn tíma án þess að mamma Sæma svari.

-Svaraðu bara. Ég tala betur við þig, mamma mín.

-Fyrirgefðu, elskan.

Mamma Sæma svarar í símann: *-Já, sæl og blessuð. Heyrðu. Má ég hringja til þín eftir tvær mínútur? -- Nú? -- Heyrðu, máttu vera að að biða aðeins?*

-Allt í lagi, mamma mín, segir Sæmi. -Ég tala við þig seinna.

Sæmi blikkar mömmu sína kankvíslega. Það er hlýtt á milli þeirra.

Á skrifstofunni á neðri hæð til hægri í húsi Sæmundar Sæmundssonar ehf, á skrifstofunni, situr Pálína við tölvuna.

Hægri höndin stendur við gluggann og gægist út meðfram gluggatjaldinu.

Hann er, svo lítið beri á, að horfa á hlæjandi stelpur sem eru að fara úr partiinu hjá Sæma. Hjá þeim er kvöldið áður, hjá honum er morgunn nýs vinnudags.

Allt í einu kemur hann auga á eitthvað í tíu sentímetra fjarlægð frá sér -- á gluggakarminum utanverðum!! Uppi í horninu.

Hann starir, allt að því rangeygður, á hlutinn -- heilasellurnar á fullu:

Torkennilegt, pínulítið tæki, sem lítur úr fyrir að vera hljóðnemi, er falið á glugganum utanverðum.

Hægri höndin stífnar upp. Hann klemmir saman varirnar. Starir á tækið mjög áhyggjufullur.

Hver er að njósna um viðskiptaleyndarmál Sæmundar Sæmundssonar ehf? Hver, úti í bæ, heyrir allt sem fram fer á þessari skrifstofu?

Pálína gjóar augunum á Hægri og er spottsk á svip því hún heldur að Hægri sé að horfa á stelpurnar.

En allt í einu sér hún á honum skelfingarsvip.

-Hvað er? spyr hún hlessa.

Hægri höndin leggur vísifingur á varir sér sem ussmerki.

-Einhver, hvíslar hann í eyra Pálinu, -heyrir allt sem hér fer fram. Hlerar.

Best að setja upp eftirlitsmyndavélar í kringum húsið. Ég læt rannsaka þennan hlut og kæri málið.

Hægri tekur með sér stól, fer út og pillar veggjalúsina niður.

-Hvernig er þessi marglofaða heiðarlega samkeppni eiginlega orðin!!?

Blokkarkjallarinn. Herbergi Leifs.

Klíkan sefur á gólfinu.

Krakkar í skólum eru auðvitað í klíkum, eins og gengur og gerist. Allir almennilegir við alla, og enginn svona klíkuskapur, sem útilokar aðrar klíkur. En samt eru klíkur.

Leifur er bara tekinn í klíkuna, sem Jónði er í.

Og Leifur er mjög vinsæll í þessari klíku. Leifur er með herbergi, sko.

Já, Jónði er aðlaðandi strákur. Raunar ofsalega fallegur. Veður í kvenfólki án þess að hafa fyrir því. Og góður vinur. Engir stælar.

Það er alltaf eitthvað að gerast, já, eiginlega of mikið að gerast. Leifur er alltaf annað kastið að hugsa um að fara að taka sig á við námið. Það virðist alltaf vera eitthvað sem á að gera á morgun, vegna þess að það var ekki tími í dag, svona ritgerðir og svoleiðis. Borðið og stólinn sem lofað var vantar enn.

Svo er hann alveg rotaður á morgnana þegar klukkan hringir, því það er aldrei drullast í bælið á kvöldin. Ekki einu sinni í miðri viku.

Jónði hefur uppá lítlum ísskáp fyrir kók, og þeir koma honum fyrir í einu horninu í herbergi Leifs.

Og þau koma fyrir græjum, sem einhver á (eða þessi einhver hefur eignast á einhvern hátt).

Og þau koma í heimsókn til Leifs. Og það eru partí. Partíin eru hjá Leifi því Leifur er með herbergi.

Svo stendur Jónði fyrir því að Leifur fær síma.

-Út í hróa að vera sambandslaus, drengur.

Síminn er mjög mikið notaður. Hann er hafður í herberginu og þau benda Leifi á að hafa hann í áskrift. Annars sé kortið alltaf tómt. Nú er hægt að hringja og spyrja hvort einhver sé mættur í kjallarann og hvert skrállinn ætli -- eða sé farinn. Hentugt.

Einu sinni hringir svo síminn á sunnudagsmorgni. Klíkan er sofandi á gólfinu. Bíbí vaknar við símann. Leifur rumskar ekki. Bíbí vekur Jónða og otar að honum símtólinu. Jónði svarar svefndrúkkinni röddu:

-Nei, það er ekki hann.

-Nei hann er ekki við sem stendur, svarar Jónði.

-*Nei ég veit ekki hvert, svarar Jóni.*
-*Ég heiti Jón með leyfi, svarar Jóni.*
-*Pétursson, með leyfi og er góði, svarar Jóni.*
-*Reyndu bara seinna. Eða í kvöld, svarar Jóni.*

Jóni leggur á.

-*Andskotans, segir Jóni. -Sagði ég „Jón með Leifi“?! Ég er Jón með Bibí.*
Bíbí flissar, Jóni tekur utan um hana og sofnar aftur.

Síminn hringir aftur um kvöldið, einhver af þeim sem eru í heimsókn hjá Leifi, svarar.
Leifur er steinsofandi frammi í kompu. (Búinn að sofa í 16 tíma.)

-*Hann skrapp frá. Get ég tekið skilaboð?* segir stelpa sem svarar.

-*Já, ég skal skila því, segir stelpa.*

Og svo leggur hún á og skellir uppúr:

-*Mamma fyrir norðan að spyrja hvort hún eigi ekki að senda síðar nærbuxur, því hún ætli að senda pakka með jólasnákökum.*

Þau hlæja. Það er svo gaman í partí.

-*Það er ekkert spaug að vera föðurlandslaus!!!*

-*Gott að fá snákökur.*

-*Hæ, velkominn á lappir, segir stelpa, þegar Leifur loks vaknar -- og byrjar að leita að einhverju ætilegu í ísskápnum. En þar er ekkert nema gos. Pizzuskorpur eru í pappakassanum á gólfinu.*

-*Mamma þín hringdi. Hún ætlar að senda snákökur, og spyr hvort þig vanti ekki síðu nærbuxurnar í leiðinni.*

Þetta er ekkert fyndið lengur, bara skilaboð.

Leifur verður að lesa. Ekki nóg með mætinguna, heldur er kennaraeinkunnin í hættu, því hann er alltaf ólesinn.

-*Reddum bara borði inni litla herbergið, segir Jóni. -Er ekki ljós þar?*

Jónði er hress félagi. Hann vinnur með skólanum, og hann á alltaf pening. Það er eins og peningar séu ekkert áhyggjuefni. Þessir krakkar eru í skóla, og þau þurfa líka að vinna fyrir nauðþurftum eins og t.d. búsi. Nauðþurftir eru vodkað og gosið, og pizzurnar, bíó, stundum bill uppeftir úr bænum, ef strætó er hættur að ganga. Annars byrjar tólfan aftur klukkan sjö á morgnana.

Leifur er heppinn, hvað hann hefur hitt á almennilegan krakkahóp.

Þau koma um helgar, þau kíkja inn á kvöldin í miðri viku. Alltaf einhverjir á hverju einasta kvöldi. Sumir líta við þegar þeir koma úr bíó, eða eru að fara á ellefubíó --- eða bara.

Leifur borgar ekkert nema leiguna -- og símann.

Það er skrýtið -- Leifur hefur eiginlega aldrei hugsað út í það fyrr -- að hann á ekki neina peninga. Pabbi sendir honum fyrir leigunni, en það virkar á Leif eins og hann sé að þiggja peninga, sem eiginlega ættu að fara til að borga úttektina í Kaupfélaginu. En það er nú svona með þetta Kaupfélag að menn leggja allt inn þar, og fá svo lán þar á vöxtum, og kaupa allt þar og þurfa að borga það.

-Ég skal redda þér um vinnu, segir Jónði. -Minnsta mál. Það þýðir ekkert að vera síblankur, maður. --- Og láttu karlinn borga símann. Síminn er ekki síst fyrir þau gömlu. Mómmu þína, ha?

Jónði vinnur hjá fyrirtæki. Snattar.

-Helvíti þægilegt snatt, segir hann. -Þeir eru í bisnis. Ég get unnið svona þegar mér sýnist og vantar pening.

Sætur og vinsæll og hress strákur hann Jónði. Hann gerir alltaf það sem honum sýnist. Það hefur hann alltaf gert. Mamma hans og stjúpi, sem búa á Vesturbergi hundraðgeithvað, eru ekki afgerandi hluti af lífi hans.

Það er ágætt að fá aukadjobb, en það kemur niður á lestrinum.

Auðvitað er það út í hróa að eiga aldrei pening.

En -- en Leifur er ekki alveg viss um hvernig fyrirtæki þetta er, sem hann er farinn að snatta fyrir. Gróss, heitir það víst. Þetta er bara heima-fyrirtæki, heima hjá einum eigandanum í flottu húsi í vesturbænum í Reykjavík: Tómasarhaga 85.

Jú, þeir eru svo sem vingjarnlegir, en þetta eru eitthvað skuggalegir náungar. Nei, hvaða vitleysa. Þeir eru bara svona eins og klipptir út úr skuggalegri sjónvarpsmynd um mafiósa, og þá heldur maður að þeir séu skuggalegir. Það er eins og vanti bara vindil og svartan hatt, og þá passi þeir í skúrkana í amrískri löggumynd. Sýnir bara áhrifamátt sjónvarpsins. Þetta eru alls ekki vindlaforstjórar. Annar (kallaður Krúkki) keðjureykir filterlausar Camel, hinn (kallaður Gúffi) reykir ekki. Og bisnis á Íslandi er ekki efni í neina löggumynd.

Þeir eru með tilboð í þjónustu fyrir stór fyrirtæki.

Krúkki situr bisnissmannalegur við skrifborðið. Allir pappírar eru í óskipulagðri hrúgu á borðinu. Gúffi, Jóni og Leifur standa og bíða.

Ágætt að geta fengið smá aukajobb þegar maður er orðinn blankur. Þeir sitja svo uppi með stressið.

Leifur getur ekki hjá því komist að bera saman búskapinn og þjónustufyrirtæki. Ætli bændur geti nokkuð farið á hausinn í nútímaþjóðfélagi? Í gamla daga var þurrkurinn og heyin stress uppá líf og dauða. Þjónustufyrirtæki er líklega stress uppá tap eða gróða, að missa húsið sitt eða græða.

-Gúffi minn, ætlarðu að skjótast með þessa pappíra, segir Krúkki. -Þú tekur bílinn, ef Dúlla er ekki á honum.

Í þessu tekur Krúkki upp stóran vindil og kveikir í.

Gúffi tekur pappírana og gengur að fatahenginu. Gúffi fer í svarta síða frakkann sinn og setur hattinn sinn á sig. Svartan Sikileyjarmafiósahatt.

Krúkki tekur upp vindlaöskjuna. Hann býður Jóni og Leifi, en þeir reykja ekki vindla. Raunar reykja þeir alls ekki. Krúkki kveikir sér í einum og heldur áfram að finna verkefni handa Jóni og Leifi.

Námið.

Þetta er allt að fara í steik.

Jólaprófin. Djöfuls rassgat, maður.

Jæja. Bara taka sig á eftir áramót. Mamma vildi að hann kæmi norður í jólafríinu, en hann sagði henni að hann þyrfti að lesa yfir jólin.

Vinirnir. Partiin. Síminn. Glugginn. Vinsæll maður Leifur.

Reyna að lesa. Redda ritgerðum. Snatta fyrir fyrirtækið. Partí. Bankað í gluggann. Sofa yfir sig. Fara að telja út mætingarskylduna. Telja vikurnar fram að prófum. Partí. Vinir í heimsókn. Konurnar uppi að kvarta yfir hávaða og ónæði í garðinum á öllum tímum sólarhrings. Verð að segja krökkunum að læðast á nóttunni. En slompaðir unglingar gleyma sér stundum og hlæja hátt. Vinsæll maður Leifur. Mjög vinsæll maður Leifur.

Í fataverslun í Reykjavík.

Sæmi kemur inn í búðina. Hann gengur yfirleitt í jakkafötum úr þunnu fljótandi efni -- ef þið skiljið hvað ég meina, svona ítölskum þægilegum jakkafötum sem virka ekki neitt einsog óþægilegt stöðutákn, heldur er Sæmi frjálslegur í jakkafötum. Ég skal útskýra: Sumir eru í jakkafötum úr stífu efni og maður hefur á tilfinningunni að þeir hlakki til að komast heim á kvöldin til þess að fara úr þessum sínum stöðutáknsgalla. Að jakkaföt og bindi séu óþægilegur „búningur“ en verði þarna (utan um búkinn) að vera merkimiði á starfsgreininni. Bara svona eins og jólapakki er í jólabréfi, afmælispakki í afmælispakkabréfi, innkaupin í plastpoka búðarinnar sem innkaupin voru framkvæmd í. Sama með bílinn, hárgreiðslur, skó, hegðun. Segir eitthvað um manninn. En hvað Sæma varðar er framkoman ekki áunnin heldur ekta, og jakkafötin þægileg, þunn mjúk, eðlileg.

Unglingsstrákur með föt í fanginu treðst fram fyrir Sæma í mátunarklefann. Sæmi segir ekkert. Biður, af sinni alkunnu þrúðmennsku, hógværð og kurteisi.

Sæmi mátar vinnuskyrtu. Og hann treður sér í stífar nýjar gallabuxur.

Sæmi kaupir einnig glansandi splunkuný vaðstígvél. Konan í skóbúðinni lánar honum hosur og segir að ekkert sé að marka númerin í sokkum einum saman. Það er fyndið að sjá Sæma í gallabuxum og vaðstígvélum. En hann er bara sætur svona klæddur. Kannski aðallega vegna þess að í augum hans býr örlítið glimt af eftirvæntingu eftir óvissunnar og tilbreytingarinnar óvissu. Þetta er svolítið spes hugmynd.

Inni í blokkarkjallaraherbergi Leifs.

Leifur situr á dýnunni á gólfinu og les.

Flöskur og glös eru um allt gólf.

Bankað er í gluggann. Leifur opnar gluggann fyrir tveim strákum úr klíkunni.

-Hæ, segir Leifur. -*Gerðið svo vel að ganga í bæinn.*

-*Gerum við svo vel að skriða í bæinn*, segir annar strákurinn og hlær.

-*Hoppa niður í bæinn*, segir hinn. -*Eru engir komnir?*

-*Jú. Tveir útfrikaðir með bokku*, svarar hinn strákurinn. -*Geri þeir svo vel að skriða og hoppa í bæinn.*

-*Hverjir?*, spyr sá fyrri.

-*Við*, svarar hinn og hlær.

Síminn hringir. Annar strákanna svarar.

-*Já, við verðum hér. Förum kannski á ball eða rölt ef við nenum klukkan svona tólf.*

Bankað er aftur í gluggann.
Leifur opnar.
Strákar troða hljómburðargræjum inn.

Enn bankað í gluggann. Einhver er með sjónvarp í fanginu.
-Leikurinn í kvöld.
-Hvar náðirðu í þetta, drengur?
-Æ, þegiðu. Opnaðu hurðina uppi. Það kemst ekki hér inn.

Í sjónvarpið næst engin mynd -- og leikurinn er að hefjast. Landsleikur.
Nú eru góð ráð dýr. Einhverjir þrila upp eftir rennunni utaná veggnum og slíta niður loftnet af neðstu hæðinni í blokkinni og tengja það inn í kjallara-gluggann. Leikurinn er að hefjast. Eitthvað verður undan að láta.

Fleiri mæta.
-Flott húsgögn heima hjá þér, þarna þú, hvað heitirðu?, segir stelpa sem er nýkomin í klinkuna. *-Hvað er um að ske? Hreingerning? Eða bar kallinn allt út svo það væri ekki hægt að stúta blómsturvösum og setja brunabletti í sófa-settið?*
Þetta verður fyrirmyndarpartí, ekkert hægt að skemmileggja.
-Nei, elskan, svarar einhver. -Þetta er skilnaður. Borðið sem aldrei kom fór en sængin að norðan varð eftir eftir að hún kom suður. Hann heitir Leifur heppni.

Mamma hans Gulla hringir í partíð.
-Gulli, síminn, það er naflastrengurinn. Vertu ekki svona arfalegur. Hvernig náði hún í númerið? Lét Erla hana fá það?
-Segðu henni að ég sé ekki hérna, segir Gulli, og fýlan lekur af honum.
-Ég átti að segja þér frá honum að hann sé ekki hérna.

Einhver hringir í einhvern -- auðvitað með símanum hans Leifs:
-Var ég að vekja þig?
Ansans vandræði. Ég var að vona að þú værir sofnuð. Ég nýt þess að trufla fólk.

Hvað segirðu þá? Kemurðu hingað?

Mikið notaður þessi sími:

-Komiði þá eftir ellefubíó?

-Ókei.

-Ef við erum farin setjum við miða í gluggann.

Blokkaklíkan er að skemmta sér.

Það er drukkið, hlegið, kelað, reykt.

Svona gengur þetta nokkurn veginn sinn vana gang.

Mjög fullur strákur stendur upp. Jói.

-Hvar er hægt að míga hérna?

-Oj, hvað þú ert ú gis leg ur, Jó i !, segir ein stelpa.

-Ég? Ég drekk aldrei neitt sterkara en brennivín. Hinn verður alveg snarvitlaus.

Allir hlæja aðeins, nema Leifur. (Hann skilur ekki brandarann.)

Strákurinn slagar fram í leit að klósettinu hans Leifs í þessum blokkar-kjallara.

Bíbí, í faðmlögum við Jóna sinn, útskýrir fyrir Leifi með handapati hvers vegna allir fóru að hlæja. Brandari er ekkert fyndinn þegar þarf að útskýra hann. En Bíbí er bara góð stelpa og útskýrir fyrir Leifi: *-Sko: Ég fæ mér bara einn. Þá verð ég allur annar maður. Og það helvíti veit ekkert hvað hann gerir. Skilurðu? Og það helvíti, þessi annar, drekkur mig á skallann.*

Ógurlegir skruðningar og öskur heyrast framan úr kjallaraganginum.

Krakkarnir þagna, líta hver á annan, rísa á fætur og fara fram að gå.

Það er mjög dimmt í þessum langa leiðnilega kjallaragangi.

Jói hefur dottið inn í dimma kompu sem vatnsinntakið og rafmagnstöflurnar eru í.

Krakkar koma til að athuga málið. Þyrpast að kompunni.

-Djös fyllerísbyttan, maðurinn.

Fulli strákurinn, Jói, liggur á gólfinu inni í mælakompu. Lappirnar á honum eru að vísu frammi á gangi, en restin af honum í hrúgu inni á gólfinu í þessari mælakompu. Hann bara liggur þarna og greinilega best að leyfa honum bara að liggja. Krakkarnir tínast aftur inn í herbergi Leifs.

Jónði einn stendur kyrr hjá kompudyrnum og löppunum á stráknum.

Jónði finnur rofa, kveikir og virðir fyrir sér kompuna. Þarna er hlýtt.

Jónði fær hugmynd. Hann er kankvís á svipinn þegar hann fær hugmyndir. Jónði klofar yfir fulla strákinn inn í kompuna og athugar hugmyndina sína betur í huganum.

Jónði stingur uppá við Leif að hann sofi í þessari kompu, hlýrri og góðri, til þess að fá frið til að sofa.

Þeir drösla Jóa fram á gang og fara með sængurföt Leifs í mælakompuna.

Og það er geymslukompa við hliðina á herberginu þarna í kjallaranum á blokkinni, sem enginn virðist nota til neins, því þær þarna uppi nota bara þvottahúsið -- jú og auðvitað hlýtur eitthvað að vera í læstu geymslunum sem enginn kemur nokkurn tíma inn í -- en þetta stendur bara autt.

-Út í hróa að nota þetta ekki meðan enginn segir neitt við því, segir Jónði.

-Þetta er svona aukaherbergi fyrir partiin, ef einhverjir vilja draga sig í hlé smástund og leggja sig og hvíla sig aðeins, ha? Passlegt fyrir tvo ef maður staflar.

Í mælakompunni er að vísu suð og tikk í mælum. Í geymslukompunni heyrir sturtað niður í klósettum því niðurfallið er þarna í vegg.

Öskutunnurnar eru rétt við mælakompuna, og það heyrir dynkur þegar pokarnir lenda.

Leifur vaknar líka þegar öskukallarnir koma að tæma eldsnemma suma morgna. Svona smávandkvæði -- en alls ekki óyfistíganleg.

Jónði fær lykil að blokkinni, því Leifur er ekkert alltaf þarna við þennan glugga til þess að opna, og glugginn ókræktur vill opnast af sjálfu sér. Þetta leiðir svona hvað af öðru.

Pálína keyrir BMW Sæmundar Sæmundssonar inn á bílaplanið við Umferðamiðstöðina í Reykjavík.

Sæmi ætlar ekki að fljúga norður, því nú er hann ekki flotræfill heldur strákur að fá sér vinnu í sveit.

Sæmi tekur ferðatösku og skjóður úr skottinu. Setur á sig bakbokann.

Sæmi kyssir Pálinu bless. Hún tekur um axlirnar á honum, innilega.

Þau brosa bæði. Ekki að furða. Sæmi að gerast vinnumaður einhvers staðar fyrir norðan.

Allt er nú hægt að láta sér detta í hug. Og Pálína var þessi örlagavaldur og því samsek um allt plottið. Auðvitað brosa þau bæði.

Lumma er í vinnunni (á Umferðamiðstöðinni).

Hún horfir á Sæma þar sem hann leitar að rútunni sinni. Sæmi í úlpu og gallabuxum, í æfingaskóm með bakpoka.

Það er einhver undarlegur svipur á Lummu, engu líkara en hún horfi flóttalega á þennan unga mann --- sem auðvitað þekkir hana ekki og tekur ekki eftir henni.

Jú raunar snýr hann sér að henni og spyr kurteislega hvort hún vinni hér, og hvort hún geti gefið honum upplýsingar um rútuna á leið í Háhólasveit, ekið um Akureyri.

Hún spyr á hvaða bæ hann þurfi að komast.

Nokkru síðar, líklega aðeins tveim dögum síðar, seint um kvöld í haustmyrkri, eru tvær feitar dökkklæddar verur að paufast inni í trjárinna á stóru lóðinni sem er í kringum hús Sæmundar Sæmundssonar, flóttalegar einsog þær hyggðu á innbrot.

Önnur feita svarta mannveran í trjábrúsknum verður vör við að bíll stoppar fyrir utan garðhliðið, og kippir í hina, þær fela sig, og engin hreyfing sést þar nú. Þessar kauðalegu flóttalegu dökklæddu manneskjur láta ekkert á sér kræla. Kúra í hrúgu bakvið þykklaufgaðan runnann í hauströkkrinu.

Tvær frjálslegar glæsilegar stúlkur úr menntaskólaklíkunni hans Sæma koma inn um garðhliðið, tripla á háum hælum, ganga rakleitt að útidyrnunum á húsi Sæmundar Sæmundssonar.

Stúlkurnar hringja dyrabjöllunni, biða.

Hægri höndin opnar útihurðina.

-Gott kvöld, segir önnur stúlkan. -Er Sæmi heima.

-Nei. Hann er ekki á landinu. Ekki væntanlegur í bráð, svarar Hægri höndin.

Þegar Hægri kemur inn á skrifstofu aftur gengur hann að glugganum og horfir út í gegnum stórisinn. Hann er að horfa á eftir stúlkunum tveim sem ganga eftir garðstéttinni og hverfa út í gegnum garðhliðið.

Pálína lítur upp, horfir á Hægri höndina, spottsk -- heldur svo áfram að vinna.

Snögglega hvessir Hægri augun á eitthvað úti. Það er hreyfing í trjábrúskinum við hliðið.

Dökklæddu feitu verurnar tvær eru að bröлта út úr trjárunnanum.

Hægri höndin tekur viðbragð, og hleypur fram, kallar til Pálinu um leið:

-Hringdu á lögguna.

Pálína lítur upp. Veit ekki hvaðan á sig stendur veðrið.

Ljösskíma fellur úr forstofunni út á stéttina um opnar dyrnar.

Hægri hleypur út í illa upplýstan garðinn. Á inniskónum.

Dökklæddu mannverurnar hlaupa, með klaufalegum tilburðum, út um garðhliðið,

önnur þeirra lítur við. Eitt andartak slær bjarma á andlitið.

Öruggt er að Hægri ber ekki kennsl á þetta andlit.

Hægri er mannglökkur maður, og man öll andlit sem hann sér.

Þótt hann sé nokkurn spöl frá þessum flóttaverum, á hlaupum -- á inniskónum -- og hann hafi séð andlitið aðeins í brot úr sekúndu, er andlitið skýrt í hans huga.

Verurnar eru með eitthvert drasl í fanginu, þær missa eitthvað, hlaupa útá gangstétt, hverfa.

Hægri hleypur eftir stéttinni að garðhliðinu, út um hliðið út á gangstétt á eftir þeim. En það er eins og jörðin hafi gleypst þessar dularfullu dökku mannverur. Þær gufuðu upp!

Hægri höndin hægir á sér, enda inniskór ekki mjög vel fallnir til lögguleikja. Hægri staðnæmist. Horfir niðreftir götunni, inn í garða. Leitar.

Hann gægist inn í öll hugsanleg skúmaskot, en þar finnst enginn.

Hægri viðurkennir loks að hann hefur misst af þeim, og verði að gefast upp.

Hann lallar til baka. Mjög óhress í bragði.

-Löggan þarf ekki að koma, segir hann við Pálinu. -Jú annars. Best hún komi.

Svipur Pálinu er svo spyrjandi að hún þarf ekki að spyrja.

-Veggjalúsaeigendurnir voru að fjarlægja eitthvað úr garðinum. Sjáðu.

Hægri er með torkennilegan hlut í höndunum, *-eitthvert víra- eða tækjadót.*

Hann setur það á borðið. *-Hlýtur að vera hluti af hljóðnemum, njósnagræjum.*

Ósköp er þessi viðskiptaveröld orðin rotin. Hlerunartæki á öllum gluggunum.

Jafnvel í íbúðunum!!

Hægri og Pálína telja nú víst að öryggismyndavélarnar hafi gegnt sínu hlutverki. Þar má ef til vill bera kennsl á þá sem þarna voru í paufast.

Þau uppgötva hins vegar, sér til mikillar furðu, að þær hafa verið teknar úr sambandi.

-Hver kann að gera öryggismyndavélar óvirkar?

Á rútustoppi í Háhólasveit, en á þessu plani eru einnig bílaverkstæði og smásjoppa, rennir smárúta uppáð bensíntankinum. Norðurleiðin fór ekki alla leið í Háhólasveit, því þangað eiga fáir erindi með rútu. Helst að póstur sé þangað.

Falleg dökkhærð stúlka setur eldsneyti á rútu.

Bílstjórinn talar við hana. Alexandra, heitir hún. Raunar Alexandra Bernadetta.

Hún er ekki bara falleg, ekki bara bráðfalleg, glulfalleg, heldur iðilfögur sem gyðja.

Raunar sér Sæmi stúlkuna ekki því hann er önnum kafinn við að pilla sínar töskur út úr lest. Hún er að dæla á rútu og fer svo inn í sjoppuna.

Sæmi er sá eini sem kemur út úr rútu, fyrir utan bílstjóran sem fær sér kaffi og samloku í sjoppunni.

Þetta er alveg greinilega töluvert afskekkt. Síðasta stopp rúttunnar. Rútan tekur U-beygju, snýr við.

Það er gaman að ímynda sér svipinn á Sæma. Allt í senn: eftirvænting, kímni, spurning, gaman. Hann stendur þarna á planinu með þjónkur sínar.

Gamall ryðgaður Volvó kemur loks að sækja Sæma -- sem hér og nú og hér eftir á þessum stað heitir Finnur.

Það er auðvitað hluti af plottinu að skipta um nafn.

Á endanum sér Sæmi -- Finnur -- skilti við veginn: „Hrakhó“.

Skiltið er skakkt og að falli komið. Skrönglast svo Volvóinn hægt upp traðirnar heim að bænum.

Á hlaðinu er litli bróðir Leifs, með fornmannaslá á herðum sér, í formannaleik á þykustuhestbaki, en fararskjótinn er húddið á grárri aflóga Farmal-dráttarvél. Þær gengu fyrir bensíni í sínum tíma. Strákurinn hossar sér upp og niður, eins og á gandreið, og hempan, gömul rekkjuvoð, fýkur glæsilega til á herðum hans í rokinu. Það er ekki alltaf rok hér á Hrakhólum því bærinn er milli hárra hóla Háhólasveitar. En sunnaáttin stendur uppá og er hún hlýr þurrkurinn þótt beint af jöklinum sé. En biddu fyrir þér þegar norðaustan-

áttin kemur hér. Sunnlenskt skítaveður koðnar niður í samanburði við norðlenska hafátt og það sem þeir hér kalla stórhrið. Það sem er hafátt fyrir sunnan er landátt fyrir norðan - og öfugt. Hér er sunnáttin þurrkurinn. Fyrir sunnan er norðanáttin, landáttin, og landnyrðingurinn þurrkur. Finnur þarf nú ekki að læra allt í einu. Þetta kemur. Í Reykjavík, og einkum í fyrirtæki Sæmundar Sæmundssonar ehf, eru menn ekki mikið að spekulera í þurrki.

Þegar litli bróðir Leifs sér bíl pabba síns (Volvóinn) togar hann í taumana og fer af baki.

13 ára systir Leifs, Bjargþrúður, horfir forvitnilega útum eldhússgluggann á Hrakhólum á nýja strákinn/vinumanninn, sem ku heita Finnur og vera úr Reykjavík. Bóndinn er bakveikur, og á bænum eru aðeins ungir krakkar, því elsti sonurinn, Leifur, fór í skóla.

Sæmi er svolítið hallærislegur í splunkunýju sveitafötunum sínum. En hann er í góðu skapi og honum líður eins og hann sé að fara á sniðuga bíómynd. Hann er að vísu í hlutverki hér. En þetta er svona ævintýri sem ekki allir hafa kjark til að skreppa í.

Systir Leifs bakar pönnukökur.

Pönnukökur
pönnukökur
pönnukökur
pönnukökur
pönnukökur.

Finnur kemur inni eldhúsið á Hrakhólum og húsfreyjan tekur innilega á móti honum. *-Komdu nú sæll og blessaður, Finnur minn. Og vertu nú mikið velkominn. Gerðu nú svo vel og fáðu þér sæti. Þú skalt sko fá góðan kaffisopa eftir allt ferðalagið.*

Hún talar í síbylju. Þær eiga það til að gera slíkt húsfreyjur í sveit. Þessi íslenska gestrisni felst í því að láta gestina finna hve velkomnir þeir eru.

Enda mun standa í Hávamálum að vats es þörf þeims víða ratar..... nei(?) þeims hefir um fjall farið? Hvernig er þetta? Til verðar kömr?

-Gott að Sæmundur fróði (en svo nefnist íslenskukennarinn meðal nemenda) heyrir ekki til mín nuna. Rugla vísum Hávamála!, hugsar Sæ...., ég meina Finnur.

Finnur úr Reykjavík, nýi vinnumaðurinn, heilsar, mjög kurteislega, húsfreyjunni og systur Leifs, Bjargprúði, en kemst ekki að til að tala. Húsfreyjan talar í síbylju. Litlu systkin Leifs koma inn, hvert af öðru og glápa á Finn.

Finni er boðið sæti við eldhússborðið.

Litlu systkin Leifs stilla sér upp í einskonar áhorfendahóp.

-Svo komum við upp á loft á eftir og ég sýni þér herbergið, segir húsfreyjan.

-Gekk ferðin ekki vel? Var nokkur ófærð? Þetta er svo langur akstur. Þú hlýtur að vera larður og löraður. Sonur okkar er í skóla fyrir sunnan, en kemur eflaust í vor til þess að létta undir með okkur. En vinnumannslaus getum við ekki verið, eins og þú skilur.

Systir Leifs er rösk í eldhúsinu. Greinilega bráðmyndarlegt þótt aðeins 13 ára sé. Hún smyr flatkökur og setur hangiket á, smyr brauð og setur niðurskorna tómata, gúrkur og harðsoðin egg á. Húsfreyjan talar í sífellu og setur kaffibolla á borðið.

Húsbóndinn kemur inn og sest við borðið. Finnur stendur upp og þeir heilsast, en það fipar ekki húsfreyjuna á Hrakhólum, því hún heldur áfram án hléa.

-Hann er nú ekki farinn að sýna á sér klærnar ennþá veturinn. En við erum hér hátt yfir sjávarmáli langt frammi til fjalla, svo maður kallar nú ekki allt ömmu sína í þeim efnum. Vonandi ertu með hlý föt, væni minn. Annars er nú gallinn hans Leifs okkar hér niðri í kjallara, rétt hjá olúfiringunni. Þú tekur hann bara þegar þér sýnist og þarft á að halda, góði. Hann vildi ekki taka hann með sér suður. En lopapeysuna tók hann.

Finnur hlustar, borðar, jánkar og þakkar á réttum stöðum í eintali húsmóðurinnar, og er hæstánægður með tilveruna.

Það er ekki fyrr en um kvöldið þegar Sæ..... ó, -- ég meina Finnur -- er kominn uppí að hann man: Vats er þörf þeims er til verðar kemur og elds er þörf þeims inn er kominn og á kné kalinn, matar og voða er manni þörf þeims hefir um fjall farið.

Nokkrir fróðlegir dagar líða í lífi Finns vinnumanns í sveit.

Úti á þjóðveginum er gamall bíll á gömlu R-númeri að skrönglast áfram. Það lítur nú út fyrir að bílstjóri þessa bíls hafi aldrei áður ekið á malarvegi. Gæti verið fæddur og uppallinn á malbiki. Bílstjórinn er Lumma, sú sem við kynntumst á Umferðamiðstöðinni.

Er það fjandans vegurinn eða þessi gamli bíll -- nema hvort tveggja sé -- sem veldur því að billinn rásar, eða raunar sækir út í kant og lætur ekki að stjórn. Lumma stoppar loks og fer út. Lumma starir þung á brún á hægra framdekkið. Sprungið. Hvergi er annan bíl að sjá, hvert sem litið er. Ekki beint hægt að tala um umferðaröngþveiti eða tráfikjustöppu hér. Hér sér aðeins víðáttu og fegurð Háholasveitar.

Hún ók rétt áður framhá sjoppunni og bensínstöðinni, svo hún hugsar að best sé að reyna að snúa við og komast þangað ef eitthvert dekkjaverkstæði skyldi finnast hér!! Kannski bæta sveitamenn bara sjálfir?

Lumma stendur kyrr í fyrstu, ergileg, hugsar, horfir eftir veginum í báðar áttir. Hún gengur á endanum að bílskottinu. Hún segir eitthvað ljótt í hálfum hljóðum. Og ekki að ástæðulausu: Hún hefur aldrei skipt.

Lumma stappar frekjulega niður öðrum fætinum. Þótt Lumma megi teljast síkát og alltaf í góðu skapi, getur svona hlaupið í hana. En það varir ekki lengi.

Hún leitar að varadekkinu. Það finnst loks undir botninum -- á kafi í skottinu á bílnum. Dröslar því út.

Hún hendir út tjakki, felgulyklum, og fleiru sem ekki endilega þarf allt að nota við að skipta um dekk. Hún reynir að koma tjakknum undir og tjakka, en hann vill ekki

tjakkast. Hún snýr tjakknum við. Ekkert betra. Hún dæsir, til þess að ryðja úr sér pirringnum. En Lumma er raunar alltaf kát og glöð og skemmtileg. Bara ekki einmitt núna, sem skiljanlegt er.

Hún fleygir verkfærunum í skottið. Hún dröslar varadekkinu aftur inn. Sezt við stýrið fúl á svip og startar bílum. Á sprungnu snýr hún bílum við, það er: bakkar og keyrir fram til skiptis, með spóli í vegarkanti á mjóum veginum. Hún kann greinilega ekki að aka á malarvegi.

Hún ekur til baka -- á sprungnu.

Á planinu þar sem rútan stoppar og sjoppan er er líka bílaverkstæði. Þangað ekur Lumma -- á sprungnu. Dekkið ónýtt, eða það litla sem eftir var af því.

Hún sér strák, eða raunar vinnusamfesting með einhverri mannsmynd inni, sem bograr á kafi í húddinu á stórum trukk. Sést svona bossi og fætur, og þá hlýtur að vera eitthvað meira þarna. Gallinn reisist allur við þegar Lumma býður góðan dag, hátt og snjallt og brosandí. Og innihaldið í gallanum brosir hvítum tönnum í skitugu andliti. Lumma raunar getur ekki hamið brosið, og er nú brosmild fyrir, því Palli er eins og Siggi Sigurjóns úr Spaugstofunni þegar hann leikur bílaviðgerða-manninn með hamarinn -- þennan sem eyðileggur meira en hann gerir við.

-Hey, þú, segir Lumma.

-Ég? Ég heiti nú barasta Palli.

Lumma, brosandí út að eyrum fær Palla auðvitað til þess að brosa ennþá meira. Það er bara svona með Lummu, að hún gerir alla svona að einu brosi. Hún brosir og hlær og það smitar útfrá sér.

-Og ég heiti barasta Lumma, og er á sprungnu.

-Noh.

-Það er barasta lumma á sprungnu. Þú kafnar ekki undir nafni. En hvers vegna skiptirðu ekki?

-Það þarf nú meira til að ég kafni. Það er eitthvert vesen með þennan tjakk. Nennirðu nokkuð að skipta fyrir mig. Eða er einhver annar laus?

-Nú það er þá helst hún grísa-Gunna hérna með smávegis koppafeiti.

Lumma horfir á strákinn Palla og tækið sem hann heldur á, skilur ekki. Brosir hallærislega.

Palli skellihlær. Mundar smurkoppabyssu eða hvað það nú kann að vera, eitthvert bílaviðgerðamannadót sem Lumma hefur ekki séð áður.

-Kyssileg hún grísa-Gunna, vinkona mín. Heyrðu. Talaðu við þennan þarna. Hann er kallaður Valkyrja.

Annar vinnugallaklæddur afturendi stendur uppúr húddinu á stórum bíl.

-Hey, þú, fyrirgefðu aðeins, geturðu hjálpað mér aðeins, tjakkurinn minn er í skralli. „Strákurinn“ (Valkyrja) fer út með Lummu. Valkyrja virðir tjakkinn hennar Lummu fyrir sér. Valkyrja skrúfar svo loftþrýstiventilinn að, og réttir Lummu tjakkinn. Lumma er þinupons hallærislega skömmustuleg á svip, en um leið er hún full eftirtektar.

Valkyrja smellir stórum verkstæðistjakk undir bílinn, hjólkopp af, losar rær, Lumma fylgist grannt með, dekkið af. varadekkið undir, herðir rær, lætur bílinn síga á tjakknum, klárar að herða rærnar

Lumma fylgist grannt með,
Valkyrja tekur ónýta barðann af felgunni.

Ónýti barðinn flýgur í ruslagám.

-Viltu annað dekk sem varadekk?

Inni í kaffikompunni, sem er um leið skrifstofan á þessu verkstæði, eru auðvitað nektarmyndaalmanök á veggjum. Það tilheyrir á svona stað.

Valkyrja biður eftir greiðslunni frá Lummu. Hún þurfti að kaupa varadekk.

-Heyrðu, segir Lumma. -Ég bý hér á Hrakhólum, er í vinnu þar í vetur. Geturðu skrifað þetta hjá mér?

-Fór Leifur suður, spyr Valkyrja, og nú rennur upp fyrir Lummu að Valkyrja er stelpa en ekki strákur.

-Já, svarar Lumma.

Það er bara miklu betra að keyra bílinn núna en þegar var sprungið. En hvers konar vegir eru eiginlega í þessari Háhólasveit?

Lumma rýnir á vegvísa. Stoppar bílinn nærri því til þess að reyna að sjá heiti bæjanna. Loks stendur „Hrakhó“ á skökkum staur, og „-lar“ hefur greinilega brotnað af. Þetta er eitthvað draslarabúskaparlegt. Lumma beygir. Þetta er vegurinn, eða skulum við segja traðirnar, að Hrakhólum.

Bjargþrúður, systir Leifs, lítur útum eldhússgluggann þegar bill Lummu keyrir í hlað. Lumma ber að dyrum og Bjargþrúður systir Leifs fer til dyra.

-Góðan dag, segir hin brosmilda Lumma. -Fyrirgefðu. Hvað heitir þessi bær?

-Hrakhólar.

-Það var auglýst eftir vinnumanni hérna ...

-Búið að ráða.

Lumma er nú ekki aldeilis á þeim buxunum að fá bara nei og fara svo. Onei. Lummu tekst að rabba við Bjargþrúði, systur Leifs, þannig að hún býður henni innfyrr.

Lumma fær kaffibolla við eldhússborðið.

Systir Leifs sem gerir meira af því að baka fyrir gesti en að tala við þá, er loks skellihlæjandi og farin að rabba við þessa hressu stúlku.

-Ég er alvön sveitastörfum. Uppalín í sveit, segir Lumma.

-Ég veit að það vantar ekki hér, segir Bjargþrúður. -Veit ekki til að neinn vanti vetrarfólk hér um slóðir.

Lumma hefur lag á að fá Bjargþrúði, sem annars er þögul og stuttur, til að tala.

Lumma spyr og spyr og Bjargþrúður svarar:

-Bróðir minn fór í skóla. Suður. Við fengum strák í staðinn fyrir hann. Að sunnan. Hann er nýkominn.

Mér heyrir þú vera að sunnan? Viltu ekki viðbit? Ertu úr Reykjavík?

-Ertu að bjóða mér viðbit! Nú er ég alveg bit. Allt svona gúmmúlaði er mitt samviskubit. Ég get nú varla sagt að ég hafi komið til Reykjavíkur nema einu sinni.

Er möguleiki að fá að gista hér? heldur Lumma áfram. -Eruð þið með ferðaðjónustu bænda?

-Nei.

-En gæti ég fengið að gista? Jafnvel í hlöðunni!! Maður hefur nú sofíð í hlöðu oft en einu sinni.

-Það er alveg pláss, sko. Við bara erum ekki með ferðaðjónustu, svarar Bjargþrúður.

-Þú getur þá bara sett mig í uppvaskið.

-Þú meinar svona matvinnungur? segir Bjargþrúður og þeim finnst þetta orð ofsalega fyndið, en hafa aldrei fyrr haft tækifæri til að nota það.

Einhvern veginn hefur Lummu tekist að fá gistingu á Hrakhólum þótt ekki sé hér nein ferðaðjónusta bænda.

Ein nótt?

Nei. Næsta og næsta. Einhverra hluta vegna er Lumma bara hér áfram. Bjargþrúður hefur aldrei fyrr átt slíka vinkonu, og Lumma er rösk. Hvers vegna vera að reka hana burt?

Það er verið að steypa grunn að véltæku haughúsi hér á Hrakhólum.

Finnur úr Reykjavík er í glerfinum gallabuxum og í glerfinum vaðstígvélum. Og þessi Lumma fær bara lánuð fjósastígvélin hans Leifs. Hann fór ekki með þau suður.

Þessi Finnur er greinilega ekki vanur handlangari í svona steypuvinnu og mótatimbursuppslætti. En hann er allur að koma til. En þessi Lumma, ja, virðist nú ekki vita neitt heldur, en samt veður hún í þetta eins og hún hafi aldrei gert annað.

Sennilega er hún bara svona snögg að læra með því að taka vel eftir.

Semsagt mikil vinna við grunn að véltæku haughúsi á Hrakhólum, ásamt húsbóndanum á Hrakhólum. Húsbóndinn á Hrakhólum fer sér hægt. Hann er alltaf að passa bakið. Svo þetta gengur nú svosem frekar hægt og ambögulega.

Húsbóndinn er alltaf snöggur að hætta um leið og bílar renna í hlað. Oft eru þetta bara ferðamenn að spyrja til vegar. Það að hætta við verk er í raun það eina sem húsbóndinn á Hrakhólum er snöggur við.

Og þegar gestir koma hættir hann auðvitað líka að vinna og fer inn í kaffi.
Og systir Leifs bakar pönnukökur, pönnukökur, pönnukökur, pönnukökur.

Litlu systkinin á Hrakhólum gera aldrei neitt gagn. Þau leika sér daginn út og daginn inn.

Lumma fær fina hugmynd: Nýta þetta. Nýta þessa orku. Fá þau til að taka til hendi. Hún kallar til krakkanna: *-Þótt það verði einhver afgangur af pönnukökum, fáid þið enga, því þið gerið ekkert gagn.*

Krakkarnir horfa skilningssljóir á Lummu.

-Og ég skal segja ykkur, heldur Lumma áfram: -Maður verður alveg ofsalega sterkur af að vinna.

Systkinin á Hrakhólum glápa hissa á Lummu, hallandi undir flatt.

-Sko: Ég er bara að vinna af því að ég er með kraftadellu. Ætla að verða sterkust af öllum. Á ég að sýna ykkur, hvernig þið getið þjálfað vöðvana? Svona vaxtarræktarfrikastæla? Steypuvinna er best af öllu til þess. Hafði ekki áhuga á vöðvarækt og kraftadellu. Steypuvinna er kraftæfingar. Nota lærvöðvana til að lyfta, -- ekki bakvöðvana. Ekki vill maður verða bakveikur. Lærvöðvana. Flott. Svona! Vitið þið hvað orðið bakveikur þýðir? Hafði heyrt það áður?

Það er ótrúlegt hve duglegir þessir smákrakkar eru þegar Lumma er búin að porra þá upp í vaxtarræktardellu og þrekþjálfun. Finnur og Lumma eru líka að verða sterkari og þrekmeiri með degi hverjum. Við getum orðað þetta pent: Þau eru ekki vön erfiðisvinnu, en reyna mjög að vera liðtæk. Þetta kemur.

Eftir að Lumma kom á Hrakhóla virðast allir vera farnir að hlæja meira en fyrr. Þessi tístandi dillandi hlátur hennar og síglaða skap gerir steypuvinnu hina bestu skemmtan.

Lumma sefur ekkert í hlöðunni, því það alltaf pláss, alltaf einhvers konar herbergiskompur, í svona gömlum húsum, t.d. á loftinu undir súð. Lumma er búin að gera sér huggulegasta einkaherbergi þar.

Lumma opnar útvarpsгарminn sinn, og rödd bróður hennar, Snæúlf, Snilla teknó, heyrir: *-Mér finnst að Lumma systir mín ætti að giftast þessum með rauða hárið* Lumma slekkur á útvarpinu í hvelli. Það er Leifur sem er rauðhærður. Snilli sá þau saman á Umferðamiðstöðinni þegar Leifur var að leita að Breiðholtsstrætó.

Enginn skilur hvernig Snilli fer að þessu. En það er ekki hægt að nýta snilli hans því það vantar í hann blaðsíður hér og þar. Hann er bara að sprella fyrir sjálfan sig. Það er ekki hægt að fá hann til að sýna neinum hvernig hann getur mixað ótrúlegustu víratæki -- sem virka.

Annars er lífið í sveitinni rólegt og alltaf eins.

Það koma stundum gestir.

Bjargþrúður bakar þá pönnukökur.

Pönnukökur

pönnukökur

pönnukökur

pönnukökur

pönnukökur

og gestirnir eru settir inn í gestastofu en ekki í eldhúsið. Og Bjargþrúður smyr brauð og setur á bakka. Húsfreyjan kemur með kaffi. Hún ein talar. Húsfreyjan á Hrakólum stendur með hankalaus eldhúsbollann sem hún drekkur úr, og eggjar gestina til átsins.

-Góðu reynið nú að smakka á þessu. Þið hljótið að vera svöng eftir ferðina. Góðu reynið að bragða á þessu. Vantar meira kaffi? Góðu reynið nú að koma þessu í ykkur. Ykkur

veitir ekki af eftir ferðina. Hvernig voru vegirnir. Það er farið að kólna ansi mikið. Góðu reynið nú að smakka á þessu. Þið hljótið að vera svöng eftir ferðina. Hvernig var færðin á heiðinni?

Fjósið er líka hluti af tilverunni. Húsbóndinn á Hrakhólum er of bakveikur til að fara í fjósið. Leifur gerði allt, og Finnur hefur nú ekki mikla reynslu af mjaltavélum, svo Bjargþrúður og húsfreyjan á Hrakhólum fara í fjósið líka.

En Lumma er snögg að læra. Og hún setur krakkana í að moka.

-Þegar þetta haughús er svo komið í gagnið getum við hætt þessum mokstri. Þetta er algjör fornöld, krakkar. Við verðum að koma þessu haughúsi sem fyrst upp. Nei, ég meina niður. Traktorinn stendur þarna úti og fær ekki að moka meðan við erum hér í þessum kúkakraftæfingum. Ekkert vit. Við erum bara kúkalabbar.

Það dillar í litlu krökkunum. Þeim finnst svona asnalegir fimmaurabrandarar svo hryllilega fyndnir.

-Ég er viss um að beljurnar hlægju að okkur ef beljur kynnu að hlæja. Þær kúka á gólfið, enginn skammar þær fyrir það, og við stöndum hér eins og asnar og mokum undan þeim. Það yrðu líklega skammir ef við kúkuðum svona á gólfið, maður. Og ekkert smá neitt sem þær skilja eftir sig!!

Lumma gefur kálfunum í fyrsta sinn -- en það er Bjargþrúður von að gera. Atgangurinn er meiri en hún bjóst við. Kálfarnir fella Lummu um koll með kálfasullsfötuna. Jafnvel jórtrandi kýrnar á básunum hætta að tyggja og líta upp við skruðningana. Lumma er alveg að springa úr hlátri. Hún liggur þarna gersamlega afvelta, með lappirnar upp í loft. Grey kálfarnir urðu bara hræddir. Þetta er í rauninni alveg drepfyndið.

Finnur áttar sig og hjálpar Lummu á fætur af sínum alkunna riddaraskap.

Lumma segir, skellihlæjandi: *-Þetta kallast víst, á mergjaðri Þingeysku, að vera í kálfaspilinu.*

(Þetta orð lærði Lumma um daginn. Snögg að slá um sig, hún Lumma.)

Hins vegar fór í verra hjá Leifi fyrir sunnan.

Morgun einn inni á skrifstofu skólastjóra í Fjölbraut í Breiðholti er skólastjórinn að tala við Leif: *-Þú getur athugað með kvöldskólann.*

Leifur lallar þungur á brún áleiðis að blokkinni, kjallaraherberginu sínu.

Það mátti svosem við þessu búast. Það hefur ekki verið mikill friður til að lesa, ekki einu sinni til að sofa, og mætingin og árangurinn í samræmi við það.

Þarf engrar útskýringar við með öðrum orðum eða á skiljanlegri íslensku.

Þá riðu hetjur um héruð.

Ekki mikið mál að skreppa milli landshluta.

Það var kannski hægt að berjast hetjulega við óvini. en að berjast við skóla-stjóra og reglur er líklega annað mál.

Hefði óvinurinn lagt atgeiri í síðu Leifs væri ekki að sökum að spyrja. En þetta er bara eins og hvert annað hundsbit.

Leifur liggur ekki í blóði sínu á köldum áfrera vetrarjarðarinnar. Er bara í algjörri fýlu. Jæja. Enginn má sköpun renna. Verð að kenna sjálfum mér um. Tek mig á.

Leifur gengur að blokkinni með hressandi áform um að taka sig á. Leifur gengur inn langa dimma ganginn. Sængurfötin hans eru ekki í mæla-

kompunni. Skrítið. Einhver hefur þá líklega sett þau inn í herbergi. Kannski er einhver úr klíkunni sofandi þar.

Hann stoppar, hissa, við opnar dyrnar á herberginu.

Auðvitað mátti hann búast við að einhver af þessum vinum hans svæfi hér, en því var ekki að heilsa nú. Standandi á miðju gólfi í herberginu er blokkar-konan sem leigði Leifi herbergið.

Herbergið hefur verið tæmt, nema hvað ferðataska Leifs liggur auk lopa-peysunnar á gólfinu við fætur konunnar.

-Hér verður ekki rekinn næturklúbbur lengur. Það var búið að gefa þér viðvörun. Fólk vill hafa svefnfrið. Ég vakti hér tíu unglinga áðan. Ég veit ekki betur en ég hafi leigt þér einum þetta herbergi. Réttu mér lykilinn.

Leifur dregur upp lyklana.

Andskotans vesen.

Leifur verður að redda sér öðru herbergi.

Auglýsingar í DV.

Leifur stendur inni í sjoppu í Reykjavík og les auglýsingar í blaði, ferðataskan og pokinn liggja á gólfinu við hlið hans.

Það eru herbergi til leigu, mikil lifandis ósköp. Hér er eitt auglýst fyrir ungling, stúlku eða pilt, lág leiga en húshjálp þegin. Sími 694 1264.

Leifur gramsar eftir kúlupenna og miða úr vasa sínum. Finnur gamlan bíómiða og skrifar á hann upp úr blaðinu. Setur blaðið aftur í grindina á borðinu með öðrum blöðum til sölu.

-Takk, segir hann við konuna sem afgreiðir. En hún ansar ekki.

Leifur hringir í tókallasíma, og konan, sem auglýsti herbergi til leigu, svarar. Gefur honum upp heimilisfang. Segir honum hvernig hægt er að leita í síma-skránni undir götuheiti, og finna svo rétta loftmynd, kort af hverfinu.

-Heyrðu, segir hann svo við konuna sem afgreiðir í sjoppunni. -Get ég fengið lánaða símaskrá? Ég þarf að leita að götu.

Konan nær í skrána og fleygir henni á borðið. Segir ekki orð. Lítur ekki upp. Þurrleg kona.

Leifur var lengi að finna út hvernig maður leitar að götu.

-*Takk*, segir hann við konuna þegar hann hefur loks fundið götuna. En konan ansar ekki. Hirðir skrána.

Þegar Leifur fer út rekst hann á Siggú og Póms, tvær stelpur úr blokkaklíkunni, sem koma inn í þessu. Þær segja þurrlega: -*Hæ*.

-*Hæ*, svarar Leifur.

Þær kæra sig augljóslega ekki um lengra samtal.

Leifur tekur strætó oní bæ.

Allt í einu er kallað: -*Do you speak Icelandic? Pardon, do you speak Icelandic?*

Leifur áttar sig ekki strax á að að verið er að tala við hann, en að honum gengur ferðamaður og spyr enn að þessu sama.

-*Yes*, segir Leifur.

Ferðamaðurinn segir skýrt og hægt: -*ek leita upplýsingar, ek langar skóða gæsir.*

Sú geta kannski hjálpa mér finna upplýsingar?

Leifur fer með manninum yfir í Hafnarstræti.

-*Shop here*, segir Leifur.

Á leiðinni segir maðurinn: -*Golff osso gæsir, ek leira íslenskur, ek segja vondur íslenskur ennsá.*

Þeir fara inní veiðibúð: -*Hann vill fara á gæsaskytterí og í golf*, segir Leifur við afgreiðslumann.

-*Gæsir*, segir erlendi maðurinn.

Afgreiðslumaðurinn kemur með plastgæs.

Útlendingurinn: -*næ næ, skóða gæsir, golff osso gæsir -næ næ*, (tekur upp

ferðamannapésa og bendir á Geysi): -*gæsir, golff osso gæsir* (Gullfoss)

Afgreiðslumaðurinn bendir þurrlega yfir götuna: -*það er tourist info þarna útá horni.*

-*Takk takk*, segir ferðamaðurinn, glaður á svip.

Leifur spyr afgreiðslumanninn hvort hann kunní nokkuð á strætó hérna?

-*Nei*, svarar afgreiðslumaðurinn þurrlega. -*Nota aldrei strætó.*

Það getur verið flókið að leita að götu og strætó.

Leifur hringir dyrabjöllunni á þessu húsi sem hann loks finnur eftir erfiða leit. Það er asnalegt að vera með þessa ferðatösku og þennan poka, þótt maður sé að leita að herbergi. Auðvitað hefði hann átt að setja þetta í geymslu á Umferðamiðstöð. Asni. Hann bíður, ögn óöruggur, eftir að svarað sé. Dúrrí kemur til dyra.

-Góðan dag, segir Dúrrí brosandi.

-Góðan dag. Ég hringdi þarna áðan vegna auglýsingarinnar um herbergi. Leifur.

-Gerðu svo vel. Gangtu í bæinn.

Þegar ég auglýsi „húshjálpi þegin“, koma aðeins stelpur. Mér finnst þess vegna mjög gaman að sjá þig.

Ung hjón með einn krakka, 10 ára strákur. Hún heitir Guðríður (kölluð Dúrrí), hann Björn, strákurinn Pétur. Og nú ætlar Leifur að taka sig á.

Leifur er í kvistherbergi. Hér er næði. Björn yfirleitt alltaf á skrifstofunni, litli gaurinn í skólanum allan daginn, Dúrrí að vinna í fyrirtækinu með Birni. Reglusamt fólk, sjónvarp á kvöldin, Leifur tekinn sem einn af fjölskyldunni, tölvan í stofunni, tengd við tölvuna á skrifstofunni, ef fax eða telex skyldi koma utan skrifstofutíma. Það er erfitt að vera í sjálfstæðum atvinnurekstri að því leyti að maður slekkur ekkert á sér klukkan 5, heldur fær hugmyndir á nóttunni og á sunnudögum, setur húsið sitt í veð, leggur allt í næsta tilboð, sem verður mjög gott ef það tekst. Umboð og tilboð. Peningar og stress. Áhætta og vinna. Gróðavon og gjaldþrotsótti. Dúrrí -- Guðríður er aldrei kölluð Guðríður heldur alltaf Dúrrí -- er sæt kona. Hún er svo opin og já bara svo almennileg við Leif, og honum líður mjög vel þarna.

Pési getur nú alveg ryksugað og raðað í uppþvottavélina, og jafnvel stungið í þvottavél og hengt upp, en það er eins og engum detti í hug að láta hann gera neitt. Börnum hér er svo komið fyrir einhvers staðar. Skólinn er barnapía.

En þegar Pési sér Leif rusla húsverkunum af hefur hann ekkert á móti því að skreppa út með ruslið og jafnvel kenna Leifi á uppþvottavélina. Og svo fór að koma fyrir að Pétur setti í vélina og setti í gang.

Dúrrí er greinilega Birni stoð og stytta þegar hann er að verða allt of stressaður. Hún er, já, bara einlæg og þægileg. Og hún er örugglega með í ráðum þegar ákvarðanir eru teknar í fyrirtækinu. Maður bara heyrir það á samræðum þeirra Björns.

Dúrrí rabbar oft við Leif.

Leifur ryksugar og svoleiðis, því um það var jú samið.

Dúrrí er stúdent -- *-en það gefur nú lítið annað en réttindi til verkakvenna-vinnu nútímans: tölvuvinnu á skrifstofu, segir hún, frá 9-5, nú eða 8-4 ef maður vill hafa val.*

Ég var í MR af því að mamma var í MR og pabbi var í MR og afi. Ég var mála-páfagaukur. Sumir eru bara einfaldlega klárir og fá góðar einkunnir. Þetta er ekkert endilega betra fólk en tossarnir.

Leifur sér stundum um kvöldmatinn, Pési er með frímerkjadellu, Björn er góður heimilisfaðir og feðgarnir skoða frímerki saman, og Dúrrí segir Leifi að drífa sig og gefast ekki upp við þetta framhaldsnám, hann sjái ekki eftir því, og hún rabbar við Leif eins og þau hafi alltaf verið kunningjar.

-Það lítur út fyrir að þú hafir einhvern tíma tekið til hendinni við eitthvað, segir Dúrrí. - Einu sinni leigði hér stelpa, sem kunnir ekki að vinda tusku. Svona er þetta orðið. Ég vissi ekki hvernig átti að elda hafragraut, þegar ég gifti mig og eignaðist mitt eigið eldhús.

Svo finnur maður út að ískápurinn hjá pabba og mömmu var alltaf fullur af mat, en sá sem maður kaupir sér þegar maður fer að búa, er tómur -- nema maður kaupir eitthvað í hann.

Dúrrí hlær.

Ekki að furða þótt Leifi líði vel hér.

-Hefurðu tekið eftir, segir Dúrri eitt sinn, -að maður sér á fólki, um leið og maður talar við það, hvort það er þess virði að kynnst því. Það komu fjórir -- raunar fjórar -- á undan þér að spyrja um herbergið. Veistu það?

Ég einhvern veginn sá á þeim að þetta myndi ekki endast.

Ég vann einu sinni við atvinnumiðlun stúdenta. Veistu, stelpurnar tóku öll kvennastörfin og láglounastörfin. Þær spurðu ekki einu sinni allar, hvert kaupið væri. Það fyrsta sem strákarnir gerðu var að spyrja hvað væri borgað. Þeir hristu hausinn, og löbbuðu út. Þeir litu ekki við láglounastörfunum, sem stelpurnar tóku án þess að hugsa sig um. Ég var alveg gáttuð. Þetta voru nútímabörnin. Litla rauðsokkukynslóðin.

Ég sá á þér að þú ert vanur að gera það sem þér finnst að ætlast sé til. Ég er mannþekkjari.

Leifur fer að hugsa um þetta, þegar hann er kominn uppí um kvöldið -- þetta sem Dúrri sagði: *-Hefurðu tekið eftir, að maður sér á fólki, um leið og maður talar við það hvort það er þess virði að kynnst því.*

Og:

Hvað varð af klíkunni?

Hún gufaði upp.

Leifur hitti stelpur úr klíkunni, og þær sögðu þurrlega „hæ“.

Enda gengur lesturinn mun betur núna en meðan hann var svona ótrúlega vinsæll maður.

Hann hitti Jónða raunar líka einu sinni. Leifur sagði: *-Hæ,* en Jónði sagði: *-Nei!! Hæ! Gaman að sjá þig!*

Jónði sagðist vera að byrja í einhverju skemmtilegu verkefni, „soldið sérstöku“, fyrir þá í Gróssi.

Meira var það ekki.

Jónði spurði Leif ekki einu sinni hvar hann byggði núna.

Leifur hugsar ekki neitt um þetta „sérstaka verkefni“ sem Jónði talaði um. Hann getur ekki séð að það komi honum við á neinn hátt. Leifur er löngu hættur að vinna fyrir Gróss.

En svona er þetta sérstaka verkefni:

Krúkki og Gúffi finna Jónða á krananum í bílakirkjugarðinum. Dúlla er í bílnum líka og ætlar að bíða á meðan þeir tala við mann (þ.e. Jónða), en Dúlla veit aðeins að nú eru Krúkki og Gúffi að komast í góða peninga.

Hún hefur ekki hugmynd um að þeir eru aðeins hársbreidd frá siðleysis-mörkunum á stundum og mjói vegurinn er háll og stundum missir maður fótanna á hinni fingerðu línu milli réttis og rangs. Þeir gæta þess vel að Dúlla láti sér ekki detta í hug að þeir séu ekki heiðarlegir bisnissmenn. Hún myndi tjúllast.

Gúffi (sem keyrir) parkerar hjá aflóga bílhræjum.

Krúkki og Gúffi snarast útúr bílnum. Skella hurðunum og ganga hratt, hálfhlaupa, af stað. Þeir eru svolítið stressaðir.

Gúffi stoppar snögglega, eins og hann hafi gleymt einhverju, snýr við. Hleypur að bílnum aftur.

Opnar afturhurðina á bílnum. Treður höfði og herðum inn. Gúffi kyssir Dúllu á munninn.

Hleypur svo á eftir Krúkka.

Þeir haska sér í átt að krananum, sem Jónði er að vinna í.

Þeir horfa upp í loftið í leit að Jónða.

Krúkki snarstoppar.

Gúffi sér það og stoppar líka.

-Ertu snar..., maður!!! æpir Krúkki

Gúffi kippist við.

Krúkki og Gúffi hlaupa til baka að bílnum.

Þeir setjast báðir inn í framsætin.

Gúffi bakkar bílnum í snatri útúr portinu.

Parkerar fyrir utan portið.

Þeir snarast út á ný.

Krúkki hleypur af stað inn í portið, en Gúffi opnar afturhurðina á bílnum, treður höfði og herðum inn í bílinn afturí, kyssir Dúllu sína á munninn, hleypur á eftir Krúkka.

Krúkki og Gúffi stoppa fyrir neðan kranann og kalla upp til Jónða:

- J - Ó - N - D - I !!!!!

Jónði hlær og veifar niður til Krúkka og Gúffa. Kemur niður.

Jónði er afslappaður. Stressið í Krúkka og Gúffa er allt að því fyndið.

Krúkki tekur um herðar Jónða, hvíslar að honum, lítur flóttalega í kringum sig, dregur Jónða afsíðis.

Krúkki allur á verði hvort nokkur sé að hlusta:

-Við erum með svólítið sérstakt verkefni handa þér. Við borgum þér vel ef þér er treystandi til að þegja.

-Þolir ekki dagsbirtu?, segir Jónði og brosir sínu fallega brosi út að eyrum.

-Þú mátt alveg eins gera það í myrkri, segir Gúffi.

Krúkki grípur frammi fyrir Gúffa: -Þú þarft að vingast við konu. Konu með lykilupplýsingar - og halda þér saman, skilurðu.

-Nema við okkur, sko, bætir Gúffi við.

-Er hún mjó eða mjúk?, spyr Jónði og brosir enn.

-Hvaða djöfuls máli skiptir það, Jónði?, segir Krúkki pirraður. -Þú ert ekki að kaupa þér bíl. Þetta er bara kona.

Þetta eru peningar, vinna, svolítið sérstakt verkefni, sem við getum ekki innt af hendi sjálfir.

Þú átt að hala út úr henni tilboð Serendipits.

Skilið?

-Skilið, sör, svarar Jóni enn spottskur. -Heppilegt að gamlar eru í tísku, maður.

Krúkka finnst brandarar Jóna ekkert fyndnir.

Jóni brosir útað eyrum bara vegna þess að hann sér að Krúkka þykir þetta ekki fyndið.

-Þú átt að fá út úr henni þeirra tilboð. Skilið?

-Skilið, svarar Jóni.

Var það að furða þótt þetta „soldið sérstaka“ verkefni væri ekki látið uppskált við neinn. Jóni getur vel þagað fyrir peninga.

Á Tómasarhaga 85 eru Krúkki og Gúffi að bogra undir sófaborðinu. Þeir eru að festa upp upptökutæki undir sófaborðinu. Það heyrast pústrar og stunur. Eitthvað gengur þetta illa. Borðið er svo lágt og erfitt að líma tækið á neðanverðri borðplötunni. Borðið er allt á ferðinni og þeir eru ekki liprir menn, síst svona á fjórum fótum.

-Heyrðu. Eigum við ekki heldur að snúa borðinu við á meðan? segir Gúffi allt í einu. -

Setja borðið á hvolf á meðan við festum þetta?

Krúkki þegir eitt andartak. Lítur svo á Gúffa: -Mikið óskaplega ert þú alltaf gáfaður, Gúffi.

Gúffi verður áberandi ánægður með sig. Það er alltaf gert ráð fyrir að Gúffi reiði það ekki í þverpokunum, og það pirrar Krúkka yfirleitt þegar Gúffi kemur auga á eitthvað sniðugt sem hann sjálfur hefur ekki fattað uppá eða séð í gegnum.

Að verkinu loknu -- hljóðnemi, upptökutæki, tengingar og mikill límpappír, og sófaborðið komið á sína fjóra fætur aftur og þeir á sína tvo hvor aftur -- þá brosir Krúkki æðislega til Gúffa.

Já. Jónði er svo sannarlega í soldið sérstöku verkefni.

Jónði setur á svið tilviljun.

Hann situr í bíl Krúkka og Gúffa og bíður. Bíður eftir því að fórnarlambið komi í ljós. Það er kona sem gengur út úr húsi sínu áleiðis út í búð. Jónði ekur á eftir henni, þannig að lítið beri á að hann sé að elta hana.

Hann stendur við útgöngudyrnar á búðinni og fylgist með þeim sem út koma. Þegar þessi kona er á leið út með innkaupapokana, snarast hann inn um dyrnar og rekst á hana -- alveg óvart -- þannig að annar pokinn rifnar. (Það var sko ekki óvart. Það var með vilja gert.)

Kurteisinn uppmáluð tekur hann til við að biðjast afsökunar, hjálpa konunni við að tína upp vörur. Sem betur fer brotnaði ekkert. (En hefði eitthvað skemmst átti hann að borga það. Það var hluti af þessu verkefni.)

Hið ómótstæðilega bros Jónða fær konuna til að brosa líka.

Hvernig er hægt að reiðast svona fallegum kurteisum dreng þótt hann sé klaufi.

Loks, þegar búíð er að tína upp vörur, býðst Jónði til að aka konunni heim.

-Er nú hið minnsta sem ég get gert í skaðabætur fyrir brussuganginn. Ég heiti Jón Pétursson. Ég er á bílnum hans pabba. Þau eru ekki á landinu. Var bara á leið að fá mér djönk. Æ, maður nennir ekki að elda sér svona einn.

-Guðbjörg, segir hún.

Jónði ekur konunni, sem heitir Guðbjörg, heim, -- og þykist auðvitað ekki hafa hugmynd um hvar hún býr.

Auk þessa kemur viðbótarlygasúpa. (Hann gætir sín á að ofleika ekki.)

-Má ég bera inn fyrir þig? spyr hann. -Ég er nú hættur að sjá eftir að rekast svona á þig, kæra frú, segir hann, og brosir sínu mest sjarmerandi. Þetta er nú raunar eitthvað hið skemmtilegasta sem ég hef lent í. Ég vona að þú sért búin að fyrirgefa mér.

-Já, segir „frúin“. Og Jónði ber pokana inn í forstofu.

Þegar þangað er komið fer hann að tala um húsið: -Hver teiknaði þetta hús? Manstu það? Ég er nefnilega að þæla í að fara í arkitektúr. Skemmtileg lausn á þessum stiga. Mamma vill endilega að ég fari í lögfræði. Æi. Ég held ég hugsi frekar um arkitektúrinn. Má ég vera svo frekur að horfa á prófiljánið undir þrepunum?

Serendipit. Lítið einkafyrirtæki. Að mestu rekið heima. Hér er allt fallett, bjart, hvítt, hvítt sófasett, fölbléikar gardínur og púðar í pastellitum. Tölvur, faxtæki, og fleira og fleira, öllu smekklega fyrirkomíð.

Leifur situr uppi á lofti og les, og vorsólin hækkar á lofti, glugginn á kvistinum veit í suður, og það er erfitt að einbeita sér. Það er eflaust að koma vor fyrir norðan líka. Bjóssi er í vinnunni, Pési í skólanum. Dúrrí skrapp úti búð. Líklega var hún að koma, heyrðist honum. Eða það var Pétur.

Leifi dettur í hug að fara niður og hita sér kaffi. Hann er að reyna að einbeita sér og hafa hugann við lesturinn. Ákveður að fara snöggvast niður í eldhús og hita kaffi. Dúrrí vill áreiðanlega sopa ef hún er komin utan úr búð.

Svo verður hann duglegur á eftir.

Það var víst einhver gestur að koma. Útihurðinni skellt. Mannamál.

Leifur heyrir að Dúrrí kallar:

-Komdu fram í eldhús, Jón, ef þú nennir. Ég teiknaði innréttinguna.

Þetta truflar Leif ekki frekar. Hann hættir við kaffið, hættir við að fara niður, og heldur áfram að lesa. Hann finnur bara á lyktinni að Dúrrí hitar kaffi og Leifur lokar inn í herbergið sitt. Greinilega gestir.

-Má ég ekki kalla þig Nonna? spyr hún,

-Jú, endilega, frú Guðríður Pétursdóttir, svarar þessi ungi, sæti piltur, og brosir út í annað. -Mamma var vön því. Annars eru til fleiri gælunöfn á alla Jónana.

-Já, segir Dúrrí, -eh, ... Jónsi, Jónki, - eh, og Nonnsi ..

-. .. og Jónði, bætir hann við.

-Hvernig veiztu að ég er Pétursdóttir? spyr Dúrrí.

-Stendur á dyrabjöllunni.

Hún er nú ekki mikið fyrir að sinna börnum, hún mamma, segir hann. -Ég skil nú ekkert í henni að vera að hlaða mér niður.

Augu hans geisla af sjarma. Og Guðríður Pétursdóttir hlær.

Dúrrí er svo opin og frjálslæg. Kannski er Dúrrí barnalæg. Alla vega fer þetta sakleysislega viðmót henni vel.

-Ég talaði nú eiginlega aldrei við fullorðið fólk, þegar ég var strákur. Við ólum hvert annað upp, klíkan í götunni, segir strákurinn.

-Æ, maður á ekkert þessi börn sín, segir Dúrrí, -ég meina, getur ekki gert kröfu til eignaréttar yfir þeim. Það verður hver að eiga sig sjálfur. En það þarf að tala við þessi grey. Lífið er á vissu tímabili víxlar og kúkableiur.

-Ertu giftur?

-Nei.

-Með kærustu?

-Nei. Bara í skóla.

Og samræður milli konu eins og Dúrrí og stráks sem heitir Jón Pétursson og er með tindrandi augu og leyfir henni að kalla sig Nonna eins og mamma, eru ekkert vandamál. Sumir hafa þann sjarma til að bera að öllum þykir vænt um þá við fyrstu sýn. Það er ekki nýtt fyrir honum.

-Jæja. Þetta var skemmtileg tilviljun, segir hann að lokum. -Er ég ekki að tefja þig frá vinnu?

-Nei, nei, svarar Dúrrí. -Ég þarf ekkert endilega að vera í dag.

Og hún heldur áfram:

-Dugnaðurinn, sem allir dýrka, er ekki það sem höfðar til mín lengur.

Við vinnum og vinnum, þykir voða fínt að vinna eins og skepna.

Skynsemin í þessum efnum gengur undir nafninu: leti eða roluskapur.

Menn vinna til að hafa í sig og á, halda svo áfram að vinna og svo er þetta vítahringur: Því meira sem við höfum, þeim mun meiri þarfir.

Leifur hugsar ekki meir um það, að einhver kom heim í kaffi með Dúrrí. Þaðan af síður hvarflar að honum að hann þekki þennan einhvern. Reykjavík er stór. Þar býr margt fólk.

Einhver hringir og býður Dúrrí út.

-Nei. Hæ. Hvað segir þú?, segir Dúrrí í símann.

Svo hlustar hún í smástund og svarar svo:

-Ja -- maður skal nokk hafa tíma til þess sem maður ætlar sér. Og ef maður hefur það ekki getur maður engum um kennt nema sjálfum sér. Það er það ergilegasta. Hver ætti svo sem að stjórna tíma manns og gjörðum nema maður sjálfur, ha?

Aftur hlustar Dúrrí á það sem sá sem hringdi segir, og segir svo:

-Já. Falsið, maður. Til dæmis er maður alltaf að búa til afsakanir til að reyna að blekkja sjálfan sig og aðra, ekki satt? Og það er ekki góður vani. Hefurðu ekki rekist á þetta, Nonni? Maður er alltaf að gefa falskar ástæður. Skilurðu? Fer á endanum að trúá þeim sjálfur. -- Og svo kennir maður börnunum sínum þennan ósóma, að viðurkenna ekki hina raunverulegu ástæðu heldur búa til aðra, falska -- lygi -- sem er svo fram borin sem væri hún raunveruleg ástæða.

Aftur þögn og Dúrrí hlustar í símann.

Dúrrí gjóar augunum á Björn, sem svarar augnaráði hennar með óræðu tilliti.

-Þú segir það, segir Dúrrí í símann.

Dúrrí hlær. Segir svo (áfram í símann): *-Maður er jú alltaf að rembast við að hafa lífsstíl, ekki satt?*

Dúrrí skellihlær.

Hún er vel gefin og yndisleg manneskja. Já. Hún virkar stundum svolítið barnaleg í einlægni sinni, en þessi hlátur hennar er aldrei heimskulegur, aðeins hjartanlegur og saklaus.

Dúrrí skreppur út, vel til höfð. Það er ekkert merkilegt við það að Dúrrí skreppi í boð. Og það kemur Leifi að sjálfsögðu ekkert við. Björn virðist heldur ekki hafa neitt við það að athuga.

Þeir feðgarnir, Bjössi og Pétur, skoða saman frímerki.

Björn virðist samt ögn órólegur.

Leifur veit að þessi vinna sem Björn vinnur er allt annars eðlis en sú vinna sem hann er alinn upp við.

Björn er oft utan við sig. Það er líklega vegna þess að einkafyrirtæki tekur hug manns allan. Húsið er veðsett bak og fyrir. Ekkert má klikka. Tilboð eru hasarbisniss. Stórar fúlgur eru annars vegar. Vinna sem kannski gefur arð.

Björn er oft lengur frameftir í vinnunni þessa dagana. Þetta er allt annars eðlis en að reyna að ná heyjum inn í þurrki. Hér eru engir sjóðir sem standa undir skakkaföllum eða skussahætti. Leifur gerir sér grein fyrir þessu. Auðvitað voru bændur í gamla daga stressaðir. Orf og ljár og baggahestar í kappi við rigninguna. Ekki blásarar í hlöðunni. Ekkert hey táknaði svöng börn. Engin ríkisapparöt sem redduðu öllu fyrir horn þegar sá fram á hor-

fellisvetur. Skepnur og fólk svalt bara í hel. En það er liðin tíð. Núna geta bændur ekki einu sinni farið á hausinn, hvað þá horfallið. Þeir geta bara kvartað. En Leifur segir ekki neitt upphátt um hugsanir sínar. Hann ætlar ekki í pólitík. Hann ætlar að klára þennan framhaldsskóla, og svo er ekki loku fyrir það skotið að hann vinni á gröfu hér fyrir sunnan á sumrin og komi sér í þjóðfræði í háskólanum. Þessi hugsunarháttur ævafornu forfeðranna, þessara heiðnu manna sem skrifuðu Hávamál, hugmyndir um ábyrgð manns á náttúrunni og heiðarleik gagnvart sjálfum sér í stað eiginhagsmunasjónarmiða nútímans, höfða svolítið til hans.

Á Tómasarhaga 85, er búíð að vera nóg að gera síðustu klukkutímana áður en Dúrrí kemur.

Gúffi er búinn að taka niður skiltið Gróss ehf. sem venjulega er framan á húsinu. Hann er búinn að sjæna og sópa stéttina.

Krúkki kveikir óvart í tveim sígarettum; ein er að reykja sig sjálf í öskubakka og hann tekur upp aðra og kveikir í. Stressaður.

Dúlla kemur inn: *-Hættu þessari mengun, Krúkki. Maður er orðinn að hangi-kjöti hér í þessu húsi. Geturðu ekki sýnt smá tillitsemi, drengur?*

Dúlla sér að Krúkki hefur í raun kveikt í tveim sígarettum, og sér nú að greyið hann Gúffi var ekki að skrökva þarna um daginn; Gúffi er úti, svo Krúkki hefur kveikt í þeirri síðari án þess að hugsa. Það rennur nú upp fyrir Dúllu, að hún hefur haft Gúffa fyrir rangri sök síðast, þegar tvær sígarettur voru logandi í einu. Hún horfir á öskubakkana, síðan á Krúkka, segir ekkert en hugsar: *-Elsku Gúffi. Ég kann að meta þig eins og skyldi. Fyrirgefðu.*

-Ekki trufla mig, Dúlla mín. Við erum að verða rík, litla systir.

Gúffi kemur inn -- með stóra kústinn í hendinni. Gúffi gengur að öskubakkanum á borðinu. Dreypur í annarri sígarettunni. Hann gerir þetta svo oft.

Dúlla horfir á þetta og ástúðin skín úr augum hennar. Þótt Gúffi sé stundum svolítið hallærislegur, er hann svo góður strákur.

-Farðu út í bílskúr með þennan sóp, maður, segir Krúkki. -Hvað ertu að gera með hann hér?

-Ég skal láta hann út í skúr, Gúffi minn, segir Dúlla. -Rosalega ertu búinn að sópa úti, elskan.

Dúlla er kannski svolítið heimskuleg stundum, ljóskuleg, enda með ljóst litað hár. Krúkki ef til vill svolítið röff og óheflaður. Gúffi kannski of tillitssamur og meðgjörlegur. En Dúlla er góð í sér, Krúkki bara duglegur að bjarga sér, Gúffi bara ástfanginn upp fyrir haus af Dúllu sinni og vill alltaf gera það besta.

Við getum ekki stimplað þau sem ómerkileg, því það myndi aðeins gera okkur sjálf ómerkileg. Hver vill ekki reyna að laga líf sitt og hegðan að þörfum sínum? Erum við einhver undantekning? Við skulum bara svara þessari spurningu hreinskilningslega ef við getum.

Erum við eins og Týr í goðsögninni þar sem hefta þarf hin niðurrífandi öfl sem fitna um of, að fórna hönd um úlflið í kjaft Fenris til þess að mannkynið allt megi betur lifa og þróast? Erum við, þú og ég, þeir sem fórna einhverju til þess að allir megi hafa það gott? Svar óskast. Heiðarlegt svar --- ef við getum.

Gúffi blæs rykið af arninum. Þeir ætla að kveikja upp í arninum, gera þetta svolítið heimilislegt.

Það er mikið atriði að þeir sjái til að Dúlla fái ekki pata af því sem þeir eru að bralla. Hún yrði tjúlluð!

-Dúlla mín, bíllinn er laus, elskan, ef þú þarft að skreppa eitthvað, segir Krúkki.

-Við skulum koma út að borða á eftir, og dansa fram á nótt, bætir Gúffi við.

-Fínt, elskan mín, segir Dúlla og tekur bíllyklana. -Ég fer þá og versla núna, þússa mig svo upp, og við tökum kannski leigubíl?

Dúlla kyssir Gúffa sinn á munninn með smell. Það smellur í háu hælunum hennar á stéttinni. Hún dillar bossanum. Hún er svo smart og sexy og sæt alltaf. Við heyrum hana ræsa bílinn og aka brott.

-Og svo förum við í hnattreisuna bráðum. O, ég hlakka svo til. Þetta hugsar Dúlla. Hún er að gæla við hugsanir sínar og setur mexíkanska tónlist í.

Arinninn er greinilega er aldrei notaður.

-Krúkki, ég kann ekkert að leggja í. Þarf endilega að kveikja upp?

-Vertu ekki svona mikill auli, maður. Pappír og spýtur, maður.

-Heyrðu, segir Gúffi. -Ef Dúlla hefur pata af einhverju, má ég ekki segja henni að þú eigir von á dömu í heimsókn í kvöld og viljir fá frið fyrir okkur, mér og henni.

-Þú ert snillingur, Gúffi!

Gúffi er góður með sig, því hólið er nú ekki daglegt brauð fyrir honum.

Allt orðið sjóklárt?

Gúffi og Dúlla fara út að borða. Í leigubíl.

Krúkki kveikir upp í arninum. Jónði mætir á Tómasarhaga 85. Krúkki lætur sig svo hverfa.

Um kvöldið pantar Dúrrí í leigubíl -- á Tómasarhaga 85.

Dúrrí er að koma! Leigubíllinn hennar stoppar fyrir utan.

Jónði vísar Dúrrí til sætis í sófanum.

Hann opnar vinskáp Krúkka og Gúffa.

-Ég er óttalegur klaufi að kveikja upp. Logar ekki samt vel núna? Mamma er svo dugleg að láta pabba kveikja upp á kvöldin.

Jón, sá sæti -- Nonni -- er ekki nærgöngull, því Dúrrí virðist ekki neitt hér til að daðra. Hann vill bara sitja og rabba. Þau drekka svolítið, Dúrrí drekkur svolítið mikið. Hann sér að hún er búin að drekka ansi mikið. Hann leiðir talið að vinnu, hann leiðir talið að hennar vinnu. Svo reynir hann að leiða talið að fyrirtækinu, tilboðum -- nú þarf að fara varlega.

-Við erum, -- það er sko, -- það er sko Bjösssi er, segir Dúrrí, -ég, sko ætti nú ekkert að vera að blaðra um þetta. Við erum sko að bjóða í stóra verkefnið. Þú veist náttúrlega ekkert hvaða stóra verkefni ég er að tala um, og það er líka ágætt. Ég er nú bara fegin að þiggja þitt fyndna boð og slappa af í þínulitla stund. Auðvitað átti ég að segja nei takk, því þetta er svolítið fáránlegt. En ég sagði já takk.

Krúkki kann greinilega að kveikja upp í kamínu. Komin er fin glóð sem varpar hlýlegum bjarma á stofuna. Smálogar flökta og mynda róandi hreyfingu sem dregur athygli augans að sér. Og fiskabúrið hennar Dúllu er einnig mjög róandi á horfa að.

-Sá gamli á hér allt mögulegt - - og ómögulegt.

Jónði tekur brennivínsflösku út.

Hann stingur henni inn aftur sem snarast. Dömur drekka ekki brennivín.

-Máttu ganga í þetta? spyr Dúrrí.

-Það myglar annars. Það nennir enginn að drekka þetta nema gestir.

Jónði nær í fin glös, gos og sítrónur -- (sem er tilbúið á bakka í eldhúsinu):

-Gerðu svo vel, frú.

-Þú ert nú sætur, Nonni.

-Ekki nú vera að slá mig útaf laginu. Ég sem er að vanda mig svo mikið, segir Jónði og hlær sínum yndislega hlátri.

Dúrrí og Jónði sitja í makindum í sófanum -- rétt við sófaborðið, sem við vitum að hljóðneminn og upptökugræjurnar er undir.

Jónði kúrir hjá henni og reynir að láta líta út fyrir að hann sé ekkert að hlusta, og hún geti bara rövlað áfram, því hann hafi engan áhuga á þessu, bara þyki gott að heyra hana tala.

Jónði tók það ráð að láta hana halda utan um sig, en ekki gerast nærgöngull við hana. Hann veit allt um stelpur, og sumar eru ekki fast, og verða styggar. Núna er það líka tilboðið og kaupíð frá Gróss sem skiptir máli. Og kannski vill hún ekki halda framhjá, heldur bara láta bjóða sér upp á tilbreytingu. Konur á þessum aldri eru kannski orðnar pínupons í sama farinu. Alltaf sami vinnandi karlinn og sömu umræðuefnin og sömu handtökin í bólinu. Jónði veit að það er alltaf gaman að vera með næstu, því þetta verða sífelldar endur-

tekningar þegar maður er lengi með sömu stelpunni. Hann má heldur ekki gleyma að hann er bara í vinnu. Hann er bara að vingast við konu fyrir Gróss ehf. Konuna sem veit hvað Serendipit hf býður.

Og þetta er notaleg vinna. Hann hefur eiginlega aldrei talað við svona nota-

lega konu.

-Eruð þið með eigið fyrirtæki, sagðirðu það? Kemur það ekki bara vel út?

-Þetta er ágætt. Bjóssi er svolítið stressaður, stundum. Maður má nú helst ekki fara í svo mikinn hasar að maður missi húsið.

-Og verði andvaka á nóttinni.

-Og fáir magasár.

-Og þurfi að róa sig niður með gini og greipi.

-Skál.

Þau skellihlæja.

Þeim liður báðum mjög vel.

-.....Því alltaf eru einhver rándýr í frumskóginum, svona siðlausir gæjar, sem liggja í leyni, segir Dúrrí, og smáspott má sjá í augum hennar.

-Þú veist nú muninn á réttu megin við lögin og öfugu megin við lögin, kannski verðandi lögfræðingurinn -- ef mamma fær að ráða. En svo er dálítið sem heitir siðlaust. Annars held ég að sumir séu allt of duglegir að vinna: „Mamma, hvenær komum við til Amríku? Þegiðu, stelpa, og haltu áfram að synda.“

Jónði hlær innilega. Hann horfir aðdáunaraugum á hina fallegu frjálslægu Dúrrí.

-Lítið einkafyrirtæki, heldur Dúrrí áfram. -Gerum tilboð í rekstrarvörur og reskstrarþjónustu fyrir stórframkvæmdir. Erum að bjóða í stóra verkefnið núna. Þetta er ágætt. Þú veist auðvitað ekkert um hvað ég er að tala.

Jónði reynir að virka áhugalaus, setur upp pókerfeis, en er í raun spenntur. Hann þarf að fá Dúrrí til að tala. Hann er á kaupum hjá Krúkka og Gúffa fyrir að fá Dúrrí til að tala af sér:

-Gerið þið þá tilboð og svona?

-Æ, hvað ætli þú hafir áhuga á þessu. Þú ætlar ekki í lögfræði, ekki viðskiptafræði, heldur í arkitektúr. Og þú ert nemi en ekki í svona asni í bisnes-samkeppni samkeppnifrumskóginum, þar sem siðlausu rándýrin leynast.

-Jú, jú, segir Jónði. Mér finnst gaman að heyra þig tala. Segðu mér. Eru þetta sæmilegar upphæðir?

-Við Björn erum búin að hanna forrit fyrir birgðir, innkaup, mótuneytarekstur. Allt í tölvurekstri. Æ, þú hefur engan áhuga á þessu. Nenni ekki að tala um viðskipti á kvöldin líka.

Ég var að þæla, heldur Dúrrí áfram (kannski farin að rövla?): -Það sem ætti að léttu manni lífið og gera lífið meira virði, ætti að verða til þess að maður hafi meiri frítíma, en einmitt það er orðið afsökun fyrir að hafa ekki tíma til að njóta neins. Það er orðið smart að hafa ekki tíma til neins. Þetta er bara orðinn vani. Það er eitthvert öryggi í vananum. Versti skortur í lífinu er skortur á lífsfyllingu. Við sogumst alltaf inn í litlu veröldina okkar, þótt hugurinn reyni að fljúga. Hugurinn er eins og kjúklingur -- með allt of stutta gula vængi.

Dúrrí dæsir.

-Ég er búin að þýða orðið workaholic á íslensku, Nonni. Miklu betur en vinnufíkill eða vinnualki -- það er sko þörf fyrir þetta hugtak á Íslandi, workaholic: „vinnukeri“, samanber fagurkeri, sælkeri, gjaldkeri. Sniðugt? Vinnukeri.

Jónði hellir meiru í glösin.

Hann nýtur þess að heyra Dúrrí tala. Annars hefur hann alltaf haldið því fram að fullorðið fólk sé leiðinlegt, ekki síst vegna þess hve það talar mikið.

-Ef ég valhoppa niður Laugavegin, heldur Dúrrí áfram, -er ég klikkuð, mannorðið fokið út í veður og vind. En ef ég panta mér tíma í eróbík og borga fyrir að fá að hoppa, er ég normal.

Ef ég keyri í korter í bílnum mínum og er svo í tíu mínútur að leita að stæði til að komast sem næst heilsuræktinni, er ég normal.

Jónða finnst í alvöru gaman að hlusta á hana. Hann er ekki bara að látast. Hann horfir á Dúrrí og eldurinn veitir ró og kyrrð. Hann efast um að honum hafi nokkurn tíma á ævinni liðið svona vel.

-Heyrðu, segir Jónði allt í einu og drattast upp úr sófanum. -Er þessi eldur eitthvað að lognast útaf hjá mér?

Vankunnáttulega bætir hann á eldinn.

*-Við fórum á nektareyju í stúdentafélaginu, segir Dúrrí uppúr þurru og hlær dillandi.
-Það var svo fyndið að sjá bekkjarbræður sína bera.
Við kveiktum svo varðeld á kvöldin undir vetrarbrautinni.*

Jóni lítur upp ---- á Dúrrí.

Brosir svo, hissa.

Hann er fallegur, þar sem bjarmi eldsins leikur um andlit hans.

-Já. Var það ekki fyndið?

Jóni leggst í sófann, með höfuðið í kjöltu Dúrríar.

Æ, það fer svo vel um hann núna.

Hann er ekki feiminn, hann Jóni. Ekki einu sinni núna. Hann hefur aldrei kunnað að vera feiminn. Og hann er snjall, því hann stóð ekki upp til að bæta á eldinn heldur til að breyta um stellingu í sófanum, leggjast með höfuðið í kjöltu konunnar.

Jóni hugsar:

-Falleg kona, snotur og hlý, vel vaxin, mömmuleg.

Jóni er að velta því fyrir sér, hvort nokkur hafi nokkurn tíma haldið utan um hann fyrr. Mamma hans nennti því aldrei. Stjúpar gera ekki svoleiðis. Stelpurnar? Nei. Þær halda ekki utan um mann. Þær hanga utan í manni. Hann hefur alltaf haldið utan um stelpurnar, ekki þær utanum hann. Svona mömmulega handleggi hefur hann aldrei aldrei fyrr séð/fundið.

-Auðvitað fer sá nokkurs á mis sem ekki á salt í grautinn, heldur Dúrrí áfram.

-En öllu má ofgera. Sumir krydda tilveruna svo mikið, að þeir kunna ekki að meta neitt nema sem bragð er af. Ofkryddað.

Og ágirndin tekur völdin, og það þarf alltaf eitthvað sífellt meira og meira krassandi.

Girndinni finnst þetta fingerða vera of bragðlaust og saltar mikið og kryddar mikið. Til að byrja með dansa ég við girndina, og við dónsum og við dónsum. Svo dansar girndin við okkur og dansinn dunar. Það er vondur dans.

Líklega er Dúrrí að byrja að rövla af víninu.

Hún strýkur gegnum hár Jónða með fingrunum.

Jónði heldur áfram með sínar hugsanir:

-Nei. Stelpur halda ekki utanum mann. Þær hanga utan í manni og utan á manni. --
Ég má ekki gleyma mér, ekki gleyma tilganginum: vingast við konu. Notaleg vinna.
Tíminn er víst að renna út.
En ég vil að tíminn stoppi!

Jónði hvíslar blíðlega: *-Já. Þetta er grimmt veröld. Maður verður að vinna.
Eruð þið að gera einhver tilboð núna?*

*-Segðu mér, Nonni. Er strákum ekki illa við að verið sé að rugla svona hárgreiðslunni og
brjóta gelið?*

-Jú, svarar Jónði

Dúrrí snögghættir að snúa upp á hárlokkana hans Jónða og kippir að sér hendinni.
*-Ekki hætta. Ég er ekki með gel. Þú mátt rugla hárgreiðslunni eins og þú vilt. Enda sér
mig enginn núna nema þú. Og ég vil heldur að þú gerir mig ljótan en að þú hættir að
gramsá í hárinu á mér.*

Og Jónði er svo sætur þegar hann hlær, að hún getur ekki annað en hlegið.

Hún situr í sófanum. Hann lætur höfuðið hvíla í kjöltu hennar. Hún dúllar við að gera
hringi í hárinu á honum með putta. Hún hlýtur að vera þrítug að minnsta kosti.

Kannski meira. Falleg kona. Já snotur og hlý. Vel vaxin. Vel gefin.

Þessi kona, sem kölluð er Dúrrí, og heldur að þetta sé hús foreldra hans sem séu niðrá
Kanarí, er eina manneskjan sem hefur haldið utan um hann. Það er eins og hann hafi
aldrei hugsað út í þetta fyrr. *-Ég vildi óska þess, hugsar hann, -að ég væri ekki að þessu
bara til þess að plata hana, heldur hefði þetta verið tilviljun -- en ekki sviðsett tilviljun --
að ég hittir hana. Hún væri hér vegna alvöru tilviljunar.* Honum finnst eins og hann gæti
legið hér í heila eilífð, og látið hana halda svona utan um sig, endalaust, í heila eilífð.
Snúa uppá lokk og brjóta gelið sem alls ekki er.

En hann má ekki gleyma tilganginum. Tíminn er að renna út:

-Gerið þið þá ekki fleiri en eitt tilboð?

Og svo þykist hann ekkert hafa áhuga fyrir svarinu, heldur sé bara að njóta þess að hafa hana hjá sér, og leyfa henni að tala um eitthvað sem hún vill.

-Já, já, segir hún og sýpur enn á. -Við höfum svo góð upplýsingasambönd.

Engir tveir eru eins. Engir tveir hafa samskonar væntingar, engir tveir samskonar þörf. Skiluðu?

Sveltur þarfir, ef svo má að orði komast, valda streitu, sem getur blossað upp sem eldgos á vitlausum stað og vitlausum tíma.

Öryggisleysi getur til dæmis komið út sem afbrýðisemi, ótti, við að missa. Eða ofurverndun á því sem maður hefur aflað. Ráðríki yfir fjölskyldunni manns. Bjössi er svo heilbrigður, að hann er ekkert að skipta sér af því þótt ég þiggi heimboð til þín. Hann segir bara að ég fari ef mig langi. Ég hafi gott af að slappa af.

Við höfum þörf fyrir öryggi, en samt þörf fyrir sjálfstæði, svigrúm. Þörf fyrir viðurkenningu, til þess að geta byggt upp raunhæft sjálfsmat, sjálfsímynd gagnvart öðrum.

Er ég leiðinleg, Nonni? O, ég er svo sípælandi og sípvælandi, og alltaf allt of háfleyg.

-Þú?!!! Leiðinleg?!!! -- segir Jóni svo sannfærandi hissa á þessari spurningu. -Nei þú ert bráðskemmtileg. Þú mátt pæla og þvæla eins og þú vilt. Ég nýt þess að hlusta á þælið og þvælið í þér. Mér finnst það yndislegt. Það getur verið svo gott að tala stundum. Tala um það sem maður er að gera og hugsa og svoliðis.

-Við látum oft fleira en eitt tilboð, mishá. Við létum núna eitt allt of lágt á tíu, eitt rosalega hátt á eitthvað sextíu, eitt temmilegt á tuttuguogfimm og hálf.

Nú verður þögn.

Lét Dúrrí virkilega allar þessar upplýsingar frá sér?

Jóni gapir.

Hann er búinn að fá allar upplýsingar.

Og það er bara áfram þögn.

Hann liggur kyrr með höfuðið í kjöltu Dúrríar. Hann þykist slappa af.

-Við höfum svo góð sambönd, segir Dúrrí loks. -Pottþétt kostnaðaráætlun. Mikil vinna sparast vegna forritsins.

Iss ég ætti nú ekki að vera að blaðra þessu út, en þú hefur nú engra hagsmuna að gæta, og hvort eð er allir búnir að ganga frá og senda inn.

Fresturinn rennur líka út á morgun klukkan 12 á hádegi.

Jónði horfir upp á Dúrrí.

Jónði hugsar:

-Tilboðsfresturinn rennur út eftir hálfan sólarhring. Ég fæ útborgað á eftir. Mjúk læri mjúkrar konu fyrir kodka. -- Munur heldur en allar þessar mjóu þæjulappir. Og allir þessir mjóu þæjumagar. Ekki að furða þótt fullorðnar konur séu í tísku hjá ungum mönnum.

Jónði tekur utanum mittið á Dúrrí, og nuddar andliti sínu í magann á hanni.

Jónði hugsar áfram:

-Konur, sem hægt er að tala við, hægt að liggja svona hjá og láta snúa upp á lokk eftir lokk. Sem segja eitthvað gáfulegt. Konur sem skilja að það er ekki nóg að lita á sér hárið, kaupa það sem er í tísku, reyna að láta taka eftir bossanum á sér, heldur eru nógu þroskaðar til að sitja svona án þess að gera nokkuð annað. Hann hugsar áfram:

-Æ, frú Guðríður Pétursdóttir. Ég vildi að þetta hefði verið alvöru tilviljun. Mér finnst ég geti legið hér að eilífu.

Svona rottuhalar eins og ég verða að slökkva á samviskunni.

-Jæja. Ég held ég sé orðin klikkuð, segir Dúrrí. -Hvað er klukkan?

-Ekki fara. Ekki fara strax.

Vertu lengur.

Farðu ekki.

Dúrrí brosir. Knúsar Jónða:

-Game over.

Köttur úti í mýri
sett'upp á sér stýri
smjöríð rann og roðið brann
sagan upp á hvern mann sem hlýða kann....
.....Kannski svolítið erfitt með þennan mann sem hlýða kann. Gæti verið erfitt að láta hann hlýða.

Dúrrí hlær. -Alla vega: út'er ævintýri.

-Ekki fara. Ekki fara strax, segir Jóni.

-Jú, Nonni minn. Nú ætla ég að þakka fyrir mig og kveðja.

Jóni leggur hönd sína á kinn Dúrríar, horfir biðjandi í augu hennar, lætur höndina strjúkast niður háls hennar, bringu, niður á brjóstið.

Svo hjúfrar hann sig upp að henni.

Jóni Péturssyni líður svo vel, svo vel, svo vel.

Dúrrí pantar bíl

-Þarftu endilega að fara?

-Já, ég verð, svarar hún.

-Ég hringi til þín. Ég verð að fá að hitta þig oft.

Björn gengur um gólf og nagar nögl.

Það er komið fram yfir miðnætti.

Leifur er ekki að gera neitt, virðist órólegur, hvorki syfjaður né ekki syfjaður.

Pétur litli er löngu sofnaður.

Dúrrí sparkar af sér skónum í forstofunni.

-Það mælti mín móðir höggva mann og annan, púff, -

... og hún hálfdeitur þegar hún fer úr kjólnum, hún burstar í sér tennurnar og fer svo beint inn í rúm.

Leifur er ekkert syfjaður. Hann hefur óafvitandi verið að biða eftir að heyra útidyrahurðinni skellt. Hann veit ekki hvers vegna. Þetta kemur honum ekkert við. Hann leigir hér herbergi.

Jónði fær borgað á Tómasarhaga 85.

Krúkki og Gúff eru kátir. Munu undirbjóða, eru þeir vissir um. Þeir trúðu öllu sem var tekið upp á teipið undir sófaborðinu á Tómasarhaga 85. Hún hafði talað af sér -- konan hans Björns hjá Serendipit. Snilldarhugmynd hjá þeim. Allar frægustu hjákonur heims hafa verið njósnarar. Og þeir, snillingarnir af Skaganum, geta gert þetta líka -- bara á hinn veginn.

Tilboðsfresturinn er alveg að renna út. Hafa hröð handtök og snaran snúning.

Tilboðin verða opnuð af opinberum aðilum í viðurvist Þjóðverjanna á næstunni.

Daginn eftir nagar Björn á sér aðra nögl. Raunar eru þær allar meira og minna nagaðar.

Tilboð þarf að vera lágt en samt raunhæft. Tilboði sem greinilega stenst ekki samkvæmt viðmiðunarkostnaðaáætlun verktakanna er ekki tekið þótt það sé lægst. Þjóðverjarnir gera sjálfir viðmiðunaráætlun til þess að útiloka óraunhæf tilboð. Það liggur mikil vinna í þessu. Mikil vinna, mikil klókindi, mikill kostnaður. Spenna, sem er alveg þess virði, ef maður fer ekki með andlegu heilsuna sína(!).

Síminn hringir hjá Birni og Dúrrí.

Leifur ætlar að fara að svara, en um leið svarar Björn inni á skrifstofu:

-Dúrrí mín. Til þín.

Í símanum bíður Jónði. Hann er í tikallasíma.

Ekki var það Jónði sem hirti gemsann hans Leifs úr kjallaraherberginu í Breiðholtsblokkinni. Það var einhver annar. Jónði er ekki svoleiðis. Þótt hann hafi fengið Leif til að fá sé síma, og þótt hann hafi tekið mælakompuna og geymsluna í gagnið, stelur hann ekki síma. Það var ekki heldur Jónði sem sleit niður loftnetið fyrir sjónvarpið.

Jónði bíður í tikallasímanum, tilbúinn með meira klink. Hann snýr sér í hálfhring, rangsælis.

Loks kemur Dúrrí í símann: *-Halló. Dúrrí hér.*

-Þetta er Nonni hérna. Hæ.

-Nei! Hæ!. Gaman að heyra í þér aftur. Takk fyrir síðast, segir Dúrrí. -Mikið var þetta notalegt og yndisleg kvöldstund.

-Ég var að spekulera, Dúrrí, hvort þú myndir vilja hitta mig aftur.

-Æ, elsku karlinn minn. Þessi grimma veröld. Við Bjössu hringdum strax til þess að vita hver ætti bílinn sem þú varst á -- þarna þegar við rákumst á af tilviljun úti í búð, manstu? Og við vitum að Krúkki og Gúffi eru með Gróss á Tómasarhaganum. Trúðu þeir því sem ég sagði?

En ég er ekki að skrökva að mér þótti yndislegt að hitta þig, Nonni. Trúðu mér. En nú er bíóið bíúið, vinur. Föttuðuð þeir ekki allar vitlausu tölurnar?

Jónði -- í tikallasímaboxinu -- snýr sér í annan hálfhring, í sömu áttina, rangsælis. Og það er þögn. Löng þrungin þögn. Hún vissi þá allan tímann!

-Ertu þarna?, spyr Dúrrí. -Halló?

-Ha? Já, svarar Jónði.

-Við erum að biða eftir að tilboðin séu opnuð og tilkynnt um hver hljóti hnossið. Það ríkir ofsaspenna. Við allt að því störum á símann og faxtækið í ofvæni. En mömmuleikurinn er búinn, vinurinn minn. Þú verður að skilja það. Ég veit að marga unga drengi vantar ekki kærustur en þá vantar mömmur. Kærustur eru alls staðar. Mömmur eru hins vegar svona upp og ofan í þessu blessaða þjóðfélagi okkar.

Símtalið lognast útaf. Jónði er flæktur í símasnúrunni í lok samtalsins. Hann er búinn að snúa sér í hring án þess að veita því athygli, leggur á eins og í leiðslu, ætlar að fara út úr símaboxinu en er fastur í snúrunni sem heldur utanum hann allt of stríðnislega. Hann losar sig. Hann er mjög sorgmæddur. Game over, sagði hún. Hún sagði líka að maður megi ekki vera sár þótt maður geti ekki platað aðra og sé plataður.

Þeir hjá Gróss eru búnir að undirbjóða -- eru þeir vissir um. Hafa nú undirboðið Serendipit sem er alltaf svo heppið að vera lægst með raunhæf tilboð.

Þeir trúðu öllu sem var tekið upp á teip á Tómasarhaga 85 þegar kona Björns í Serendipit drakk of mikið og lét Jónða hala upp úr sér viðkvæmar upp- lýsingar.

Norðurljós og englar á Hrakhólum.

Það er mikill snjór fyrir norðan. Logn og heiðskírt.

Snjór, mjallhvítur þykkur norðlenskur snjór -- fyrir norðan.

Það er frost. Svo mikið að það marrar í snjónum í hverju spori.

Myrkur himinn -- og stjörnur. Stjörnur! Lumma liggur á bakinu úti á túni. Bændur gera nú ekki mikið af því að liggja á bakinu úti á túni á veturna og horfa upp í himininn á stjörnum. Kannski er það vegna þess að þeir hafa þennan himin þarna á hverju kvöldi allan veturinn, hafa séð hann frá því að þeir voru börn, enginn legið með þeim þá úti á túni í snjónum og kennt þeim að horfa á stjörnum, og þess vegna sjá þeir hvorki himininn né stjörnum. Engum dottið það í hug. Það væri frekar hægt að selja túristum svona hugmynd en að reyna að planta henni inn í íslenska bændur.

Lumma hefur aldrei fyrr séð stjörnuþjartan vetrarhimin. Í Reykjavík er búið að kveikja götuljósinn áður en myrkrið kveikir á stjörnunum, og götuljósinn eru ekki slökkt á morgnana fyrr en búið er að slökkva á stjörnuhimninum. Fólki í borgum sér götulýsingu og bílaljós og búðargluggalýsingar og neonskilti í stað himnafestingarinnar. „Borgið fyrir að liggja á bakinu í nístingsfrosti og horfa á stjörnurnar sem ekki sjást í borgum“; góð ferðarþjónustuauglýsing.

Hér er líka máni á himninum. Stundum kemur hann upp fyrir norðurfjöllin rauður og stór, stundum er hann á suðurloftinu lítill og fölhvítur. Hafa þeir ekki þetta tungl þarna í Reykjavík? Stundum hálf, stundum fullt, stundum aðeins litlar skífur -- hægra megin eða vinstra megin eftir því hvoru megin við sólina það er. Á kvöldin í Reykjavík, að minnsta kosti um helgar í miðbænum, gefur að líta fulla krakka, og hálf krakka, og jafnvel fullt og hálf fullorðið fólk á rambi á gráum gangstéttum. En Lumma man ekki eftir að hafa oft séð tungl, hvorki fullt né hálf. Jú. Hún lýgur því, því að vísu var eitt gamlárs-kvöldið fullt tungl á lofti, og vegna þess að allir voru að horfa á milljóna-skrautsýninguna ráku menn augun í tunglið í leiðinni. Fólkið við bálið söng: Máninn hátt á himni skín hrímfölnur og grár.

Lumma starir upp í stjörnuþjartarinnar. Eru þær virkilega svona margar?
Tindra þær virkilega svona í frostinu, einsog í ævintýrarmynd?

*-Hvað ertu að gera hérna? spyr allt í einu lítill barnsrödd rétt hjá henni.
Litlu systkin Leifs standa þarna í snjónum og glápa á Lummu.
-Af hverju liggurðu svona á bakinu og starir upp í loftið?*

Lumma er aldrei í vandræðum með að búa til litlar sætar lygasögur: *-Ég er að búa til engil.*

-Ha? Engil?

-Sko, svarar Lumma. -Maður leggst svona í snjóinn á bakið. Passar að spora snjóinn sem minnst. Svo hreyfir maður handleggina svona fram og aftur, sjáið þið nú: Komnir vængir. Ég lærði þetta í leikskólanum þegar ég var lítill. Svo ef maður vill búa til kjól á engilinn hreyfir maður fæturna svona að og frá, að og frá. Kominn kjóll! Svo stendur maður

varlega upp, skilur engilinn eftir, en hann er að horfa upp í stjörnurnar. Raunar er hann þarna uppi í stjörnunum, en við sjáum hann aðeins hér í snjónum.

Lumma fær yngri systkin Leifs til að búa til engla í snjónum.

-Nú skulum við búa til ótal engla. Það er gott að hreyfa sig í frostinu. Svo blásum við svona gufustrók út um munninn, og þá lifna allir englarnir, og í nótt meðan við sofum fljúga þeir um. Svo í fyrramálið þegar við vöknum eru þeir aftur lagstir. Bara snjóenglar þegar við horfum á þá.

Það er asavinna að búa til engla.

Greinilega hefur fólkið í eldhúsinu farið að horfa á aðfarirnar út um gluggann.

Bjargþrúður stenst greinilega ekki mátið, fer í galla og trítlar til Lummu og krakkanna. Lumma er að, þar til Bjargþrúður fæst til að búa til engil. Bjargþrúður kann ekki að leika sér, því hún hefur aldrei haft tíma til annars en að vinna. En litlu systkinin kunnu ekkert nema að leika sér, því þau voru aldrei látin gera handavik - þar til Lumma kom með þessa kraftæfingakerfis-dellu sína. Svo nú eru krakkarnir, sem aldrei gerðu gagn, farnir að gera gagn, og nú er næsta verkefni að fá Bjargþrúði til að leggjast í snjóinn og búa til engil. Og það tekst.

Og Finnur kemur líka út á tún til þess að horfa á englaskarann.

-Jólaenglar, segir Finnur.

-Finnur, búðu líka til engla, segir eitt af litlu systkinunum.

-Nei, svarar Finnur. -Ég er þúki.

Lumma sprettur upp, hnoðar snjóbolta og hendir í Finn, sem aðeins ver sig gegn árásinni í fyrstu. En þegar snjórinn fer að fara oní háls málið, og í andlitið, stenst hann ekki mátið og svarar í sömu mynt. Og Lumma skellihlær. Þessi hliðin á Finni hefur aldrei sést áður.

-Hæ, little devil, segir hún og flissar ómótstæðilega stríðnislega. -Bræddu ekki snjóinn fyrir okkur með einhverjum helvítiseldi, góði, þarna --- né ég meina „vondi“ þarna. Ef þú vilt búa til engil, little devil, skal ég hætta að kæla þig með snjóboltum. Annars ekki. Lumma er orðin kafrjóð í framan.

*-Þú veist, heldur hún áfram, -að Helvítisgjáin úr Ronju ræningjadóttur er hér uppi í fjalli. Ekki viltu að ég fari með þig þangað, Finnur, ha?
-Er Helvítisgjáin hér uppi í fjalli? spyr eitt af litlu systkinunum.
-Vissuð þið það ekki?*

Finnur fær snjóbolta eftir snjóbolta frá Lummu. Smátt og smátt fer systir Leifs í fjörið líka.

Allt lendir í allsherjar snjóboltabardaga. Allir á móti öllum.

Uppgefin, sveitt, hlægjandi, með eplakinnar, liggja þau á bakinu í snjónum horfa upp í himininn. Móð og rjóð.

Loks heillar stjörnuhiminn þau öll. Það ríkir einhver þrúgandi þögn í þessari óendanlegu víðáttu. Andadráttur heyrir í kyrrðinni. Andadráttur engla-smiðanna og snjóbotlabardagamannanna sem liggja hér kyrrir á bakinu í snjónum og horfa upp í dökkan himin á milljónir stjarna. Gufustrókar myndast af andadrætti þeirra.

Lummu finnst eins og þetta sé í fyrsta sinn sem hún heyrir andadrátt.

Hvernig er það, andar fólk í borgum ekki?

Norðurljós fara að braga. Smá og dauf í fyrstu, en síðar þéttari, braga um allt loft. Fylla loftið, sveiflast eins og silfrað silkiklæði sem verið er að dusta. Sægræn, hvít, silfruð, himinblá, gul. Lifandi klæðisstrangar, dýrindis efni, of dýrt englaefni til að hægt sé að verðleggja það.

Húsmóðirin á Hrakhólum kallar loks út um eldhússgluggann:

-Ætliðið að sofa þarna í nótt, greyin mín. Er ekki kominn háttatími?

Alsæl börn troða í sig mjólk og kleinum fyrir svefninn. Hér er ekki verið að eyða tímanum í að fara í bað og sturtu og svoleiðis óþarfa vesen. En það er þrúgandi skylduverk að þvo sér alltaf hendurnar fyrir máltíð. Vesen svona hreinlætisreglur. En þeir sem mæta með skítugar hendur að matarborðinu eru reknir fram að þvo sér. Fyrr enginn matur.

Finnur þvær vinnulúnar hendur sínar -- eins og allir aðrir á Hrakhólum gera fyrir mat. Fyrstu dagana skipti Sæmi, ég meina Finnur, um skyrtu tvisvar á dag, en smátt og smátt fóru skyrturnar að duga aðeins lengur áður en hann setti þær í vélina. Þetta er allt að koma. Fyrst eftir að hann kom norður reyndi hann að fá vatn í sturtuna. Stundum er mikill þvottur í þvottahúsinu, og sturtan því ekki nothæf -- þ.e. maður yrði annað hvort að taka þvottinn frá eða eiga það á hættu að sprauta á hann. Það er ekkert hengi. Svo er ekki alltaf mikið vatn í sturtunni. Að auki er það svolítið rauðleitt, en það er nú bara mold eða mýrarrauði. Já, það er eitthvert baks að komast í sturtu á þessum bæ, Hrakhólum í Háhólasveit. Fólkið hér er ekkert mjög háð því að komast í sturtu kvölds og morgna. Hefur bara annað þarfara við tímann að gera.

Lumma lokar augunum, kúrir í hnipri í mjúkum sængurfötunum. Hugsar, sér fyrir sér fegurð vetrarhiminsins, hvíslar eða hugsar:

-Snjór, -- dúnmjúkar flygsur, englafiður úr skýjunum, hylur smátt og smátt jörðina - og líkama minn liggjandi. Jörðin verður hvít og ávöl, allar línur mjúkar, líkami minn sem er hvorki jörð né kona verður hluti af þessari endalausum og upphafslausum hvítu útlínulausu breiðu. Steinar sem áður voru harðir og kaldir eru núna mjúkir og hlýjir af dúnmjúku isköldu hulunni.

Ég get ímyndað mér, að fólkið í lélegu húsakynnunum í gamla gamla daga hafi fagnað svona snjó, sem lagðist yfir glufurnar í skafl -- snjó, sem brosti kaldhæðnislega að frostvindinum sem ætlaði að rífa hlýjuna úr kotinu. Ég er viss um að englarnir sendu litlu fátæku börnunum þennan snjó til að halda helvítis trekknum úti.

Ég finn, þegar ég verð eitt með jörðinni, að skýin hafa stigið niður til jarðar og breitt oná mig. Hugurinn einn er lifandi, hjartað hættir að slá, hver fruma leggst í dvala, ekkert hljóð heyrir, nema eilífur niður sameindanna inni í mér og eilífur niður sólkerfanna.

Hún hugsar á nærri því ljóðrænan hátt um einfalda hversdagslega hluti. Það kemur henni sjálfri á óvart. Það losnar um eitthvað hér í víðáttunni, og það fæðist eða vaknar eitthvað af dvala hér í kyrrðinni.

Í húsi Sæmundar Sæmundssonar ehf eru ljós á skrifstofunni á neðri hæð til hægri, ljós í íbúð Sæmundar Sæmundssonar og konunnar hans á efri hæð til hægri, ljós í íbúð Pálinu og Hægri handarinnar á efri hæð til vinstri, en alltaf dimmt í íbúð Sæma á neðri hæð til vinstri.

Þrjár stelpur úr menntóklíkunni ganga að útidyrnum á húsi Sæmundar Sæmundssonar ehf í Reykjavík, hringja dyrabjöllunni, standa á tröppunum. Hægri lítur upp. Lítur á skjáinn sem sýnir hver er við dyrabjölluna. Hægri sér að þrjár ungar fallegar stúlkur bíða við útidyrnar. Hann lagfærir hárið og bindið og fer fram og opnar:

-Nei. Sæmi er ekki á landinu.

-Veistu nokkuð hvenær hann kemur?

-Nei. Ég veit ekki hvenær.

-Hvað er hann að gera?

-Í námi.

-Hvar?

-Í London.

-Er hann með símann sinn?

-Ég er ekki viss um það.

Stelpurnar kveðja og ganga fram stéttina út á götu. Hægri horfir á eftir þeim. Leigubíll í gangi bíður þeirra.

Þetta endurtekur sig af og til.

En engin ljós eru í íbúð Sæma ríka á neðri hæð til vinstri.

Hægri höndin lítur á skjáinn þegar dyrabjöllu Sæma er hringt. Ef það eru bara strákar fyrir utan lætur hann sér nægja að svara í dyrasímann.

Pálína brosir alltaf úti annað þegar hann er með þessa gráu stæla. Eða raunar hefur hann ekki losnað við þá síðan í Verzló.

Sæmi ríki er ekki enn kominn til landsins.

Menntóklíkan er dauf og fúl yfir því.

Menntóklíkan hefur fengið lánaða íbúð í rauðu litlu gömlu bárujárnshúsi. Kunningi eins úr klíkunni á frænda sem fær stundum að halda partí heima

-- í þessu litla rauða gamla bárujárnshúsi. Bara góð hjón sem fara út og koma seint heim og fara svo bara í háttinn.

En það var nú ekki nema í þetta eina skipti sem menntaskólaklíkan fékk inni hér.

Bráðum komumst við að raun um hvers vegna þetta húsnæðið varð ekki partístaður til frambúðar fyrir þá unglinga:

Semsagt: Það er búið að redda húsi fyrir partí í kvöld.

Menntóklíkan skemmtir sér í þrengslunum. Bara svona bús og keleri og þetta venjulega.

Lárviðar situr í útsaumuðum chaise longue, og lítur út eins og Ceasar, því tvær stelpur klóra hár hans fram í Ceasarlega hárgreiðslu og þær segjast vera Kleópötrur. Það skrifáfar í þessum chaise longue því yfir krosssauminn til hlífðar er vandlega límt glært plast.

Kleópötrurnar færa Lárviðari vínglas og gæla við hann og tala latínu.

Lárviðar stundar sitt gáfumanns- og skólaskáldshjal á hinu ástkæra ylhýra, því hann kann ekki nógu mikið í latínu til að halda uppi ástarsamræðum:

-Nú er hún Snorrabúð stekkur.

Hún Snorrabúð stekkur.

Ég var alltaf að spekúlera í, hvert hún stykki.

Hvort þetta væri sjoppa á Þingvöllum sem stekkur svona.

Önnur stelpa gengur aftur á bak eitt eða tvö skref til að virða Lárviðar fyrir sér. Hún rekst á pottablómastatíf sem fellur um koll og aumingja potta-plönturnar fara auðvitað í gólfið.

Kleópötrurnar reyna að laga þetta moldarvesen, en það er ekki neitt vinsælt partígaman að vera í moldarleik á stofuteppi. Þær pilla blöð af plöntunni og raða í sveig í hár Lárviðari. Önnur tínir hárspennur úr hári sínu, svo hárgreiðsla hennar dettur smátt og smátt niður og hún gerir sig daðurdrósarlega til þess að freista Ceasars en hann er náttúruleaus með vínglasið sitt. Hún festir blöðin í hring, í sveig, á Lárviðars höfuð, og nú er hann enn meiri Ceasar en nokkru sinni fyrr.

-Og mönnunum munar afturábak. Mönnunum munaði afturábak.

Og laufin grænu liðka börð og laufin grænu liðkuðu börð.

Það var eitthvað snúið líka.

Aumingja kellingin fór með blómið sitt til blómalækneisins. Hann leit á blöðin sem voru að gulna.

Hann klippti allt þetta gula af.

Aumingja kellingin sá þá að allt þetta gula var horfið.

Og hún borgaði blómalækninum.
Og kötturinn hennar dinglaði skottinu
og hún hélt að hann væri í vondu skapi
og hún fór með hann til skottalæknisins,
-- því skottalæknirinn er með fint próf úr háskólanum --.
Hann skoðaði skottið og sá að það dinglaði.
Hann klippti það af og kötturinn dinglaði ekki skottinu.
Og kellingarauminginn borgaði skottalækninum.

Lárviðar lítur á moldarhrúguna á gólfinu við chaise longue og grey pottaplöntuna sem missti laufin sín fyrir Ceasar.
-Við skuldum þér víst nokkur blöð, ljúfan.
Fyrirgef oss vorar skuldir,
og svo fyrirgefum við nautunum, aumingja litlu skuldunautunum sem eiga engan pening.
Við launum þér með vorinu eða faðirvorinu. Þú ert nú svoddan planta, greyið mitt. -- Ég er að tala við blómið en ekki þig, Kleópatra.

Partið er rólegt og pent. Ekki annað að sjá. Þetta eru í raun allt saman vel upp alin börn frá finum og góðum heimilum. Bara þessi venjulegi glaumur sem fylgir svona liði.

Einhver lækkar allt í einu í græjunum og sussar á liðið.
Allt dettur í dúnalogn. Hjónin eru að koma. Billinn þeirra stoppar í innkeyrslunni. Allir taka viðbragð og reyna að sjæna stofuna sem raunar er svona soldið á hvolfi.
Þau heyra í hjónunum í forstofunni.

Strákur tekur öskubakka, opnar glugga, hvolfir úr honum út, og segir um leið: -Hreint hús, fagurt hús.
Hann fleygir tómum flöskum útum gluggann úti garðinn.
Þegar hjónin koma inn er allt mjög skikkanlegt, gestirnir brosa fint og bjóða gott kvöld án þess að fatast í kurteisinni.
Allt er svo fágað og dannað í þessu partii.

Hjónin bjóða góða nótt og fara áleiðis að litla stiganum í litla húsinu upp á litla loftið.

Tvær stelpur flissa lágt. Þau reyna öll að vera eðlileg, en nú er úti um fjörið.

Það er dauðapögn í stofunni. Ekkert nema hljóðin sem berast ofan af lofti:

Hjónin ætla inn í svefnherbergið sitt, en það er læst. Sá gamli tekur í húninn, aftur, og aftur enn fastar, og nú fýkur í hann. Hann bankar harkalega á sínar eigin svefnherbergisdyr.

Ekkert svar.

Hann kallar inn, reiður: *-Hvers vegna er læst hér? Hver er þarna? Halló.*

Hvers vegna er læst hér?

Ekkert svar.

Allir standa kyrrir í stofunni niðri.

Ein stelpa hvíslar, grafalvarleg: *-Það er vatnsrúm.*

Önnur hvíslar, grafalvarleg líka: *-Skyldi nokkuð vera hægt að gera það í vatnsrúmi? Ætli það sé ekki bara fullkomin getnaðarvörn?*

-Jújújújú. Víst hægt, hvíslar sú fyrri. -Ég skal sko bara ráðleggja þeim, sem er í einhverjum vandræðum með það, að fá sér vatnsrúm.

Lárviðar hvíslar: *-Hann er auðvitað kýrskýr, sá gamli. Nú tekur hann sólórispu. Þetta er bara kynslóðabilerið. Menn eðluðu sig ekki í annarra manna svefnherbergjum þegar hann var með dúdúdeluna.*

Partið tekur viðbragð. Allir koma sér út. Herðatrén detta á gólfið í þröngu forstofunni þegar yfirhafnir eru gripnar í flýti. Þau gleyma allt í einu öllu fina uppeldinu og þjóta út.

-Viljið þið GERA SVO VEL AÐ OPNA Í HVELLI! heyrir ofan af lofti. Nú er hann orðinn verulega reiður.

Loks er svarað úr svefnherberginu:

-Hvaða læti eru þetta, krakkar. Það er upptekið.

Nú það var auðvitað ekki hægt að fá þetta hús lánað aftur undir parti.

Klíkan fer á kráarölt. Það er kalt. Þau eru í allt of miklum leigubílafötum til þess að rölta. Þau ákveða að fara á Vog.

Vogur er tískustaðurinn þessa stundina.

Skemmtilega uppsettur staður, þar sem hægt er að vera útaf fyrir sig, eitt par eða heill hópur saman, eftir þörfum, því veggirnir eru á hjólum. Hægt að stækka og minnka skonsurnar, sem bera nöfn: HERÐABLÖÐIN, FELGURNAR, EYRNASNEPLARNIR, SKALLINN, VOGUR, SÁÁ, SPACE BAR (GEIM-ORÐABIL), MJÓLK ER GÓÐ Plakat hangir á vegg á barnum: MJÓLK ER GÓÐ, BRENNIVÍN ER VONT og þar er akfeita barstúlkan í kusubúningi með júgur, VALDABAR8, LÚBARINN, BARLÓMUR, BARASTA, RABBBARBAR (rabbarbaravín handa rabbandi barbörum), BÖMMERINN. Á Bömmernum er auglýst þjónusta: hægt að rövla við barþjóninn: „Konan mín skilur mig ekki“.

Þau fara á Bömmerinn. Hér (á Bömmernum) er allt í drungalegum litum, þunglyndisleg tónlist, þjónustustúlkan með fylusvip, blettir í dúkunum.

Menntóklíkan dauf og fúl á Bömmernum.

Lárviðar reynir að vera skemmtilegur, talar, er raunar skemmtilegur, hjal hans perlur sem enginn úr klíkunni er í skapi til að hlæja að né heldur að skilja:

-Til hvers að vera riddari?

Drekinn er dauður,

og prinsessan farin að ganga með vopn og verjur sjálf.

En menn eru fúlir og daufir. Raus Lárviðars gerir enga lukku.

Dúlla strunsar inn á Bömmerinn. Það smellur í háu hælunum. Hún sest í skapofsa sínum við barinn, á háa barstólinni, og pantar sér.

Piece Unique horfir á fagra fætur Dúllu á barstólnum. Og Dúlla, sem situr glæsilega og setur annan fótinn yfir hinn, eins og konur gera jú svo oft, hreyfir öklann á lausa fætinum í sífelli. Hún gerir þetta þegar hún er æst. Ekki beint kækur, en þetta róar hana. Hleypir út gufuþrýstingi. Svona öryggisventill.

Gúffi kemur inn. Hann er að leita að Dúllu sinni. Hann veit alveg hvernig skapi Dúlla er í núna: *-Dúlla mín. Elskan. Við förum til Mexíkó. Búinn að panta.*

Gúffi hvíslar einhverju að barþjóninum. Sá fer og setur mexíkanska tónlist á. Gúffi sezt við barinn hjá Dúllu sinni. Hún dregur djúpt andann, hann dregur upp farseðlana.

Barþjónninn fer fram, kemur aftur með sombrero af stærstu gerð og setur á Gúffa. Gúffi brosir út að eyrum. Og þessi tónlist er nú líka svolítið eggjandi. Dúlla reynir að brosa ekki, en það tekst ekki -- og hún brosir.

-Piece Unique, segir ein stelpa úr menntóklíkunni.

--- En Piece Unique er svo upptekinn af að horfa á fætuna á Dúllu og ímynda sér Dúllu í Mexíkó, í gulum rósóttum þunnum kjól sem fýkur frá fótleggjunum í hafgolunni, og hún er berfætt í hvítum fjörusandi, ekki á háum hælum --- að hann heyrir ekki

-Piece Unique, segir stelpa aftur.

Ekkert svar.

-Get ég fengið samband við Pétur Yngva Nikulásson, segir stelpa hátt í eyra Piece Unique, sem hrekkur við.

-Ertu fullur eða sofandi?

Hringdu, elskan, í Hægri höndina hjá Sæmundi Sæmundssyni ehf og spyrðu hvort Sæmi sé ekki að fara að koma.

Mexíkanska tónlistin smýgur inn um eyrun og inn í taugakerfið.

Menn panta sér meiri drykk.

Lárviðar rausar við Grétu:

-Sumir tala, vegna þess að þeir vaða ekki í aðdáendum af hinu kyninu. Þeir strákar sem vaða í kvenfólki þurfa ekki að tala neitt. Ég verð alltaf að vera að tala til þess að láta bera á mér. Að uppfylla þörf sína fyrir athygli kostar mikla vinnu, Gredda mín. Maður býr sér til ímynd sem maður reynir að láta virka. Sá litli er með stæla, sá stóri er ógnun í sjálfu sér og þarf ekki að vera með stæla.

Oft eru þó stórir og feitir menn með litla mjúka sál, og litlir naggar geta verið eitilharðir. Ekki satt?

Ég er að hugsa um að fara í leiklist, heldur Lárviðar áfram.

-Leiklist?!!! Gréta horfir rannsakandi á hann.

-Er það ekki sniðugt, elskan? Er eitthvað betra að fara á sjóinn? Þetta tvennt er svo svipað: sjómenn eru alltaf úti á sjó með hugann heima, leikarar að vísu stundum heima, en með hugann alltaf niðri í leikhúsi.

Hvort er nú betra að búkurinn sé mættur á svæðið eða andinn?

Konan mín (sem ekki er til enn) hefði nú lítið við andann í mér að gera ef búkurinn væri í einhverju slori útá Hala. Ha? Og lítið við búkinn að gera ef andinn er á einhverju sviði. Andinn á einhverju sviði.

-Æ, raus er þetta í þér alltaf, Lárviðar.

-Leikari, já. Alltaf vera einhver annar en maður er í raun og veru. Fá borgað fyrir að rausa. „Vera eða vera ekki“ einhver annar en maður er.

-Já, nei takk, segir Gréta. -Og gera sama hlutinn og segja sömu setningarnar kvöld eftir kvöld -- einsog einhver leikstjóri hefur ákveðið. Ömurlegt.

Lárviðar segir með uppgerðarfjálgleik: -Maður þarf að ná valdi á tilfinningum sínum, og geta túlkað þær, lifað sig inn í sálarástand persónunnar.....

Gréta bætir við:

-.....grenja og öskra og kyssa og hlæja eftir pöntun og byggja upp hatur á einhverri blásaklausri manneskju sem er bara vinnufélagi manns. Eflaust mjög þreytandi.

Mannskemmandi að valsa svona með tilfinningar sem atvinnu.

Lárviðar bætir við: *-Svona tilfinningavals, eins og kellingin sagði. Æ, hún sagði nú svo margt, kellingin. En láta ekki hlutverkið tröllríða sér. Dansa vals við tilfinningar.*

Öll sú speki sem höfð er eftir „kellingunni sem sagði“. Og öll sú speki sem höfð er eftir honum Anónýmusi. Hann hefur verið mjög gáfaður maður hann Anónýmus. Hver er hann aftur þessi Anónýmus?, spurði ljóskan og opnaði fallegu bláu augun, hallaði undir flatt. Mér finnst eins og ég hafi heyrt hans getið.

Allt í einu fær Lárviðar hugmynd:

-Heyrið mig, hróin mín, segir Lárviðar upp yfir alla. -Það er verið að ráðabrugga leikhúsfarð á Akureyri á næstunni. Vinsamlega látið boð út ganga til allra sem hafa áhuga. Við skoðum hámenninguna í höfuðstað Norðurlands, ökum hringinn, og tékkum á lágmenningu dreifbýlisins í leiðinni. Miðar afgreiddir hjá Piece Unique. Rafrænn greiðslumáti ef einhver vill.

Lumma er svo æðislega fjörug og hress og skemmtileg og fersk stelpa. Nú ætlar hún að drífa Finn með sér á sveitaball.

Það fer vel á með þeim, þótt þau séu gerólík. Eins og dagur og nótt.

Ekki er það peninganna vegna sem Lumma er skotin í Finni. Hvernig ætti hún svosem að vita að þetta er Sæmi ríki sonur Sæmundar Sæmundssonar stórkaupmanns og heildsala, eins hæsta skattgreiðenda á Íslandi og einkaerfingi auðsins ef Hægri og Pálína fara ekki að gera neitt af sér?

Sveitaball? Því ekki það?

Lumma og Finnur ætla á sveitaball.

-Ofsalega gaman, segir Lumma. -Verulegt fjör. Kannski svolítill slagsmál, og löggan á staðinn, en það er bara hluti af þessu.

Lumma er enn að skrönglast á þessari bíldrúslu sinni og hún keyrir Finn á ballið.

Mesta furða að þessi bíll skuli ekki vera hrúningurinn fyrir löngu.

-Hann hangir saman á ryði og gömlum vana, segir eigandinn og hlær.

Hávaðinn í hljómsveitinni heyrir út á hlað, eða réttara sagt útá bílaplanið fyrir utan félagsheimilið. Þar má sjá alls konar bíla: fina sveitamannabíla, lélega sveitamannabíla, eina dráttarvél sem einhver hefur komið á ballið á, gamla bíla -- en sumir bíladellustrákar kunna nefnilega að gera við, mixa og halda farartækjum sínum vel við þótt forn séu.

Lumma treðst gegnum þvöguna og Finnur eltir, en hann er of kurteis til að komast nokkuð áfram í troðningum. Hann siglir bara í kjölfar Lummu og hún tekur í handlegginn á honum til þess að hann dragist ekki afturúr og hún týni honum í þvögunni.

Finnur segir hátt alveg í eyra Lummu, þegar inn í danssalinn er komið: *-Þetta köllum við að fara að skemmta sér.*

Lumma öskrar á móti: *-Ha?*

Finnur, enn hærra: *-Þetta heitir að skemmta sér.*

Lumma skellihlær.

Hún öskrar til hans: *-Sérðu ekki kómíkkina í þessu?*

Finnur öskrar: *-Hvað segirðu?*

Lumma bara hlær.

Fólk í þvögu skekur sér á dansgólfinu.

Lögin eru t.d. Megas, Ég spái í þig og þú skalt spá í mig;

Ómar, Í sveita andlitis í leit að andliti sem gæti gefið góða von;
kannski finn ég draumaprinsinn Benóný, Benjamin, á ballinu;
-- enda er þetta pikköpp sveitarinnar --
hann leggur sterkan
arm um mit bak
og við svífum í eilífðardans
þúsundir bíla fara hjá, þá veröldin er grá.

Lumma öskrar í eyrað á Sæma eftir smádansskak: *-Ég ætla útfyrir að kæla mig.*
Lumma bendir fram, orðum sínum til skýringar.
Þau troðast útúr þvögunni, troðast framhjá dansandi fólki, framhjá dansandi fólki,
framhjá dansandi fólki, sem rekst í þau og þau í það.
Lumma ryður sér braut að útidyrnum með frekju. Finnur dregst afturúr af eintómri
kurteisi.

Lumma kemur út í dyrnar.
Lumma andar djúpt að sér lofti, fegin að komast út.

Tveir rútabílar fullir af fólki koma inná planið og stoppa.

Menntóklíkurnar úr Rvík eru að kynna sér lágmenningu dreifbýlisins.
Menn eru jú alltaf að reyna að skemmta sér.

Lumma kemur auga á alla unglíngana úr Reykjavík. Hún fer í hveli úr and-dyri
félagsheimilisins. Hún er nú ekki vön að vera mannafæla. En allt í einu missir hún
áhugann fyrir þessu sveitaballi, sem hún átti jú hugmyndina að sjálf að fara á.

Menntóklíka kemur útúr rúttunum og áleiðis að anddyrinu.
-Hér er líklega söngæfing? segir Lárviðar. *-Nei. Líklega er það söngæfing.*
Hér virðist fjallkonan bara vera fjallhress.
*Hér er sko rústíkusa-skemmtun, rústíkusar kunna að skemmta sér á ófágaðan hátt og
hafa hátt. Þeir rústa gersamlega minni fíngerðu tónlistartilfinningu.*

Og talandi norðlensku hér fyrir norðan bætir hann við:

-slomm-paðir sveitalubbar slamm-past áfram og slaga og langar í slag, langar í sveitaballablóðnasir.

En þessi lágmenningarskoðunarhugmynd var mín hugmynd svo ég verð að skemm-ta mér hér og skemma mannorð mitt hér....

(--enda er ég búinn að búsa um of, Guði sé lof--; annars væri þetta óbærilegt).

Og Lárviðar heldur áfram (en enginn er að hlusta):

-...þar sem gáfurnar og mitt gáfulega ljóð drukkna í skemm-tun hins drukkna Íslendinga, --- fingert þögult gáfulegt ljóð mitt drukkna í háværra skemm-tan hins drukkna landa -- þar sem hann með fýlusvip og flösku af landa flangsar um dansgólf, dettur utaní annað drukkið fólk einn-kumm drukkna stúllkur að dilla sér. -- Hann dettur ekki alveg því hér er of þröngt til að detta. Nú ríða ekki lengur hetjur um héruð, nú ríða ekki lengur hetjur. Nú ríða raftar, fyllirraftar.

Engir heyrir raus mitt. Það er sama hvort ég hugsa eða tala, því desíbil skemm-tunarinnar sigra rödd mína.

Mannleg reisn er í því fólgin að velja sér líf. Allir menn ráða ferli sínu. Slíkir eru möguleikarnir. Okkar er valið og kvölin.

Mannkynið er vitsmunaverur á gelgjuskeiði.

Ef eitthvað fer í taugarnar á mér, hlýtur eitthvað að vera að taugunum í mér. Ef ég fer í taugarnar á einhverjum er eitthvað að taugunum í honum.

Jónas minn Hallgrímsson og Þorsteinn minn Erlingsson voru hetjur í sínum væmnu kvæðum, vegna þess að kirkjan hafði í margar aldir bannað kveðskap sem bar virðingu fyrir náttúrunni og dýrkaði hana og fegurð hennar. Þeirra hetjuskapur fólst ekki aðeins í að tala um hetjur og þresti og læki, heldur að storka veldi páfana og Lúters, því svona veraldlegur kveðskapur var bann-færingarsök í augum umvandandi preláta þess tíma. Nú finnst okkur þetta sjálfsagt, og sjáum ekki kjark þeirra.

Skáld eru hetjur, því þau þora að hugsa það sem ekki passar í kramið hjá prelátunum.

Finnur er loksins að komast að útidyrnum. Hann skimar í allar áttir eftir Lummu, sem er horfin sporlaust.
Í anddyrinu sér hann Kjarnsýru!

Hann snýr sér undan hið snarasta. Kemst að útidyrnum sem eru við hliðina á þessum dyrum. Þar sér hann rúturnar tvær sem komnar eru á svæðið.

Menntóklíkan kemur ekki auga á Sæma.
Hann lítur allt öðru vísi út núna en hann gerði í Reykjavík, hárið, fötin -- og þau eiga sko ekki von á honum þarna. Sæmi ríki er í London í námi.

Hann laumar sér út og finnur Lummu í bílnum: *-Bara ekkert gaman að skemmta sér? -Nú, ertu líka flúinn?* spyr Lumma.
En eitthvað er Lumma spottsk á svipinn.
-Heyrðu Finnur minn, segir hún stríðnislega. -Fullt af sætum borgarpíum. Vertu ekki að hanga yfir Lummu, drengur.

Það er einsog augnaráð Lummu feli eitthvert fyndið leyndarmál, en auðvitað dettur Finni ekkert í hug annað en þetta venjulega sprell Lummu.
-Það er svoddan hávaði þarna, segir Finnur (eins trúverðuglega og hann getur), -að ég nenni ekki inn aftur. -- Nema þú viljir dansa meira?
-Vilt þú ekki fara inn? Ég bið bara hér.
Sæmi er ekki klár í að skrökva. Hann hefur aldrei fyrr á ævinni þurft á því að halda. Nú kom þetta af sjálfu sér, því hann á leyndó sem Lumma veit ekki.
-Ja, -- ætli ég nenni nokkuð heldur, segir Lumma, og virðist trúa ástæðunni sem Finnur kemur með. -Það er kominn svoddan hrúga í viðbót, og var nú kannski ærið nóg eða um of fyrir.

-Finnur, segir Lumma, -eigum við ekki að röлта inn í kjarrið. Veðrið er svo stillt.
Þau röлта inn í kjarrið.
-Eigum við að hlamma okkur niður hér?

Finnur vísar henni til sætis (!!)) með handarhreyfingu, bara franskri gesture, af sinni eiginlegu kurteisi.

Lumma hneigir sig og sezt eins pent og henni er mögulega auðið, en auðvitað hlammast hún á sinn feita bossa og er nærri því dottin aftur á bak.

Finnur sest við hlið hennar -- eftir að daman er sezt.

Þau horfa út í loftið.

Annað þar kemur, gangandi á leið út í kjarr.

Strákurinn fleygir teppi inn í runna, sezt.

Dregur stelpuna niður á handleggnum. Hún flissar.

Strákurinn er ekkert hér til að glápa á kjarrið og góða veðrið þessa nótt.

Hún þykist vera að neita, en hann skiptir sér ekki af því. Hún flissar.

Strákurinn og stelpan ganga ákveðið til verks.

Troðast eða veltast lengra inni kjarrið.

Finnur og Lumma sitja og horfa út í loftið.

-Soldið snubbótt ball? segir Lumma. -Engin kjaftshögg, engar blóðnasir, engin lögga.

(Hana langar til að bæta við: ekki einu sinni koss, hvað þá meir, en hún hættir við það.

Finnur er svo penn. Allt allt of penn.)

-Eigum við þá ekki bara að fara heim? spyr Lumma. -Okkur verður kalt hér úti ef við sitjum hér lengur. Maður talar sér ekki til hita.

Þau keyra til baka á Hrakhóla.

Lumma ekur hægt. Hún vill þó að minnsta kosti njóta bílferðarinnar til baka. Hún rabbar:

-Smart þessar Reykjavíkurlætur. Var þetta eitthvert rosalegt peningalið? Kaupa krakkar eða unglingar í Reykjavík svona mikið af tískufötum?

Svo eru nú alltaf smart gæjar sem ná í smart þæjur og smart þæjur sem ná í smart gæja. Svo geta bara lummur og drullugæjar hirt afganginn af drullugæjunum og lummunum. Og svolítið í áttina: Það skart er á einum sem skömm er á öðrum, skilurðu, Finnur? Það var eins og sætu stelpurnar gætu gert hvað sem var og sagt hvað sem var, -- jafnvel eitthvað klaufalegt og heimskulegt, það var alltaf sniðugt. Svona fullkomnar gullfallegar ljóskur, sem öllum finnst skemmtilegar bara af því að þær eru svo sætar. En sumum er aldrei tekið eftir hversu gáfaðir og góðir sem þeir eru, vegna þess að þeir eru ekki smart.

O, ég má ekki nota þetta orð smart. Íslenskukennarinn minn var svo mótfallinn slettum og slanguryrdum. Vildi að við töluðum og skrifuðum kjarngóða og fallega íslenzku. Ég hélt svo mikið uppá þennan kennara.

Hann hélt uppá mig, sagði að ég skrifaði góðar ritgerðir og sagði að ég ætti að verða skáld.

Lumma hlær.

-Við vorum sko alltaf í heimavist. Þú veist hvernig þetta er í strjálbýlustu sveitunum. Ekki hægt að aka daglega tvisvar fram og til baka frá bæjum -- sem ekki var einu sinni mokað til stundum á veturna.

En heimavistin er auðvitað svolítið grimmt veröld. Sérstaklega fyrir Lummur. Svona goggunarröð sem myndast í andlega sviðinu.

Ég ætlaði að vera í fótbolta með strákunum, en það fóru allir að hlæja. Þegar ég hljóp. Ég var góð í fótbolta en hætti.

Vinur minn sem ég lék mér alltaf með þegar við vorum pínulítill, þetta var tvíbýli sko, var líka á heimavistinni, en hann var svo sætur að allar stelpurnar voru skotnar í honum. Ég fann alveg að hann vildi ekki dansa við mig, þótt við þekktumst svona vel.

Lumma sýgur aðeins uppí nefið. Yppir öxlum, eins og hún sé að hrista af sér eitthvert leiðindamál sem hún ætlar ekki að láta ná tökum á sér.

Lumma sýgur aftur uppí nefið.

-Láttu ekki svona, Lumma. Hvað ertu að væla? Þú er kát og skemmtileg, dugleg og vel gefin. Víst ertu smart. Og frumlegri en þær sem kaupa allt í tískuverslunum.

Það kemur smáhröllur í Lummu. Miðstöðin er biluð. Sæmi leggur höndina á herðarnar á henni og nuddar öxlina og bakið örlítið. Hún brosir til hans. Hún ekur hægt. Hún horfir á Finn. Hann teygir sig að henni og kyssir hana sætt á kinnina. Hún hægir meir á bílnum og hallar sér aðeins til hans. Hann tekur aðeins betur um herðar henni. Bíllinn fer að rása. Það er að síga úr dekki. Sprungið. Hérumbilkossinn verður að engu.

Lumma skiptir rösklega um dekk. Hún hafði tekið vel eftir hvernig „strákurinn“ Valkyrja vann á verkstæðinu. Finnur hjálpar henni að sjálf-sögðu. Hann er mikill riddari, en hann kann ekki að skipta um dekk. Sumir eru aldir upp við að umboðin sjái um bílana.

Jónði og Leifur hittast í nágrenni við hús Dúrriar og Bjössa. Rétt hjá búðinni sem Dúrri verslar í. Leifur er með fulla innkaupapoka í báðum höndum, enda handabönd sveitasiður. Unglingar reka ekki fram höndina þegar þeir hittast á götu, eins og karlarnir í sveitinni í réttunum og húsfreyjur að bjóða gestum inn í kaffi.

-Nei! hæ, Leifur óheppni, segir Jónði. -Þú til ennþá, maður! Hvar hefurðu alið manninn? Leifur á ekki von á Jónða þarna, og Jónði er alls ekki að vonast til að hitta Leif þarna. Hvorugur á von á hinum.

Þeir rembast við að tala saman. Þeir eiga lítið sameiginlegt nú. Það verða frekar hallærislegar samræður. En þeir reyna að sýnast hressir.

-Það er bara þessi venjulega prófapressa, segir Leifur. -Ég leigi hér rétt hjá. Leifur bendir með höfðinu í átt að húsi Dúrríar. -Númer 117. Kvistinn sem snýr í suður.

-Þarna? Leigirðu? Hjá hverjum? Einhver sem þú þekkir? Jónði spyr.

-Bara eftir auglýsingu. Ég var heppinn.

Það kemur aðeins á Jónða, eitt andartak. Jónði, sem alltaf getur haft stjórn á sér, lætur aldrei slá sig útaf laginu, alltaf jafnrólegur hvað sem á gengur, Jónði, sem tekur lífinu létt og brosir að því --- verður nú eitt andartak eitthvað skritinn.

-Flott, maður, segir Jónði og nær tókum á sér á ný.

Og hann hugsar: -Dúrrí.

-Hvað syngur í ykkur Bíbí?, spyr Leifur, bara svona til að segja eitthvað.

-Hún bara syngur sitt bí bí. Við erum löngu hætt saman. Ég er með Guðrúnu Björns, hún með Sigga Páls. Þetta gengur svona. Maður er alltaf einhvers staðar.

Þessir svokölluðu foreldrar á Vesturbergi hundraðogeitthvað eru nú ekki beint afgerandi hluti af lífi manns.

Fórstu í kvöldskólann?

-Já.

-Og gengur ekki vel?

Þeir tala eitthvað meira svona innihaldslaust og áhugalaust bla bla.

Svo þeir enda á að segja: -OK. Sjáumst. Og meina raunar lítið með því.

„Leifur óheppni“. Var það það sem þau kölluðu hann þegar hann heyrði ekki til? Leifur vissi núna í hverju þessar ofsalega miklu vinsældir lágu. Hann var sár úti sjálfan sig og barnaskapinn í sér.

Á heimleiðinni hugsar Leifur, með reiði í huga, til klíkunnar og til mæla-kompu. Lét hann nota sig? „Synd að nota ekki þessa finu mælakompu, fyrst hún er hérna. Hér er hlýtt og notalegt“. Skruðningar í sorprennu þegar sorppokum var fleygt, sorplúgum skellt, öskutunnum bambrað upp úr öskutunnugeymslu, öskubílar in action fyrir allar aldir.

Leifur er hugsí og þungur á brún.

„Leifur óheppni“, sagðir Jónði áðan. Var það það sem þau kölluðu hann? „Leifur óheppni“?

Hvað varð af klíkunni? Stelpurnar sögðu þurrlega „hæ“ þegar hann hitti þær inni í sjoppunni. Vinir? Og hann féll. Það var herbergið en ekki hann sem var vinsældatækið. Leifur hugsar til Krúkka og Gúffa. „Bissnesleyndarmál. - Skilið?“ Auðvitað eru allir að reyna að bjarga sér.

Leifur hugsar um Dúrrí, sem talaði um mannþekkingu. „Ég er mannþekkjari. Hefurðu ekki tekið eftir, að maður sér á fólki hvort það er þess virði að kynnast því?“

Leifur hugsar um foreldra sína fyrir norðan, foreldrana sem stjórnðu lífi hans. Hann var húðarjálkur. Þetta var foreldraástin. „Hann er svo duglegur hann Leifur“ var sjálfelska, ekki hrós í sjálfu sér.

Kannski var Jónði heppnari að heimilið var „ekki afgerandi hluti af lífi hans“, eins og hann orðaði það. „Taktu með þér lopapeysuna. Það getur verið kalt í þessum herbergjum sem leigð eru fyrir sunnan“. „En hvernig stendur á því að þú ert að svíkja okkur svona?“

Leifur er svo niðursokkinn í að sálgreina sjálfan sig, þarna á gangstéttinni, með tvo fulla innkaupapoka, að hann anar út á götu og er nærri því orðinn undir bíl. Bíllinn flautar frekjulega, og Leifur hrekkur við.

Á Hrakhólum í Háhólasveit er Lumma við spegil.

Hún bindur klút um hárið, speglar sig, ekki ánægð.

Lumma reynir að túbera hárið og setja í það spennu.

Speglar sig, ekki ánægð.

-*Oh. Lummur eru og verða lummur*, tautar hún. Henni er ekki hlátur í huga í augnablikinu.

Í kjallaranum á Hrakhólum er geymslukompa full af furðulegustu hlutum. Raunar vasaútgáfa af þjóðminjasafni eða byggðasafni. Hér er engu fleygt, og það er vegna þess

að engum dettur í hug að taka til og fleygja. Þess vegna er þetta dót til. Ef hérna byggir örðuvísi fólk væri löngu búð að þrifa þessa kompu og setja fornminjarnar á haug. Þarna er gamall rósamálaður brotinn skápur troðfullur af gömlum fatagörmum. Og stór kista líka troðfull af drasli. Allt er hér rykugt og svolítið sérkennileg lykt er hér. Inniteppulykt.

Lumma lítur svolítið flóttalega í kringum sig. Gramsar. Skoðar. Hún dregur meðal annars upp aflóga höfuðföt. Karlmannshúfu eina, nokkuð fornfálega. Hún hnusar af henni og grettir sig. Virðir hana samt fyrir sér.

Lumma stingur höfðinu upp um lúguna á eldhússgólfinu og kallar í húsfreyjuna: - *Guðrún mín. Heyrðu. Má ég fá þetta höfuðfat lánað?*

Lumma veifar húfunni.

-O, ætli að það detti af frolluskömminni gullhringarnir. Blessuð notaðu það sem þú getur þarna niðri. Það þyrfti nú að fara að taka til í þessum bévítans fatahaug þarna í þessari kompu.

Lumma þvær húfuna úr löðrandi sápuvatni. Þurrkar hana á miðstöðinni, olíufiringunni í kjallaranum. Hún þvær sér líka hárið. Þvær alla fjósalyktina úr hárinu á sér.

Lumma mátar svo húfuna, sem er að vísu lufsuleg og bjöguð og versnaði um allan helming við þvottinn. Lumma gerir sig til fyrir framan spegilinn. *-Jí, segir hún við sjálfa sig. -Ég er smart! Því verður ekki neitað.*

Lumma og Finnur ætla að fara í bíltúr um kvöldið. Það er að vísu leiðinda rok. Það kemur fyrir á þessum slóðum að hann blási svolítið rösklega í vissri átt.

Krakkarnir á Hrakhólum, litlu systkin Leifs, surga um að fá að fara með. En Lumma vill það ekki.

Hundurinn á Hrahhólum heitir Sæmi, og það er erfitt fyrir Finn að hann svarar óvart þegar hundurinn er ávarpaður. Það fær Lummu til að setja upp þennan óræða svip sinn. Hún verður svo spottsk og stríðnisleg þegar Finnur segir óvart já þegar hún segir Sæmi.

Lumma setur bílinn í gang. Alltaf virðist þessi bill fara í gang. Hundurinn Sæmi geltir, eins og alltaf þegar bílar fara og koma í hlaðið á Hrahhólum.

-Gerðu það. Leyfðu okkur að koma með, suða litlu krakkarnir.

-Nei, ekki núna. Við verðum svo lengi.

-Finnur, Finnur, biddu hana um að leyfa okkur að koma með.

Lumma kallar til geltandi hundsins: *-SÆMI !*

Finnur, svarar óvart: *-Já.*

-Ætlaðu að leyfa okkur það? Ætlaðu að biðja hana að leyfa okkur það?

Þú sagðir já.

-Ég, eh, -- ég sagði óvart já. Ég ætlaði að segja nei, ekki núna. Þið ættuð bara að vera heima núna. Ha? Fara snemma að sofa til tilbreytingar, ha?

Lumma lítur spottsk á Finn: *-Þegirðu, Sæmi, kallar hún til hundsins.*

-Ekki nú meira surg og suð og rell og tuð, krakkar. Sæmi er þægari en þið, og gegnari en þið. Sæmi minn. Taktu þetta krakkastóð í smá uppeldi á meðan við Finnur skreppum frá.

Krakkarnir veifa þegar Lumma keyrir af stað með Finn.

Lumma og Finnur aka frá Hrahhólum í átt að félagsheimilinu í Háhólasveit.

-Hey, þarna er þetta félagsheimili sem ballið var á. Ég týndi vettling þar um daginn.

Félagsheimilið hlýtur að vera læst.

Lumma ber því að dyrum á húsinu við hlið félagsheimilisins til þess að fá lykil að félagsheimilinu.

Gamall hrumur maður kemur til dyra. Á eftir honum kemur dökkhærður lítill strákur. Fallegur. Gæti verið útlendur. Mjög dökkhærður og svarteygur. Svólítið prinsalegur í fasi.

Strákuinn heilsar: *-Ætlið þið að fá bensín? Bróðir minn er úti, svo ég þarf að afgreiða. -Nei nei. En gæti ég fengið lykilinn að félagsheimilinu. Ég missti eyrnalokk þar um daginn og gleymdi honum þar sem ég setti hann út í glugga á bakvið gardínuna. Ég er hérna frá Hrakhólum. Má ég skreppa út og athuga hvort hann er þar enn. Hann var sko smávegis brotinn.*

Gamli maðurinn nær í lykil handa Lummu.

Lumma og Finnur ganga að útidyrum félagsheimilisins. Lumma reynir að opna með lyklinum. Í ljós kemur að dyrnar eru ólæstar.

Í forstofu félagsheimilisins er dimmt. Útihurðin skellist draugalega á eftir þeim í rokinu. Þau ganga hikandi inn í myrkrið.

Í myrkrinu heyrir falskur tónn eins og spilaður á hljóðfæri. Svo þögn.

Þetta endurtekur sig. Vindurinn gnauðar í þakskegginu, og falski tónninn glissar upp og niður.

Engin birta er í anddyrinu, og fót sem hanga í fatahenginu virðast vera svartir draugar. Stunur heyrast í loftræstingunni, og smellir í trekkspjaldi í rokhviðum -- og ískur einsog útburðarvæl. Óhugnanlegt í köldu dimmu húsi.

-Hvar heldurðu að vettlingurinn sé? spyr Finnur.

-Ég leita hér í fatahenginu, í tjörumykri.

-Sennilega er allt ljósakerfið á einni töflu bakatil í svona félagsheimilum. Að minnsta kosti enginn rofi finnanlegur, segir Finnur.

Lumma þykist vera að leita í hillunni fyrir ofan flikur á herðatrjám, rótar í óskiladóti. Svartur hanski leggst á öxlina á henni, og hún æpir aðeins, því hún veit að þá kemur Finnur til að athuga hvað sé að.

Svört úlpa hreyfist, glyrnur koma í ljós í hillunni fyrir ofan, innanúr trefla- og höfuðfatahaug. Engu líkara en hér sé hauskúpa með hatt og grænar glyrnur. Lumma hrekkur við í alvöru, en letilegur köttur gónir á hana, syfjulega.

Auðvitað þáði hún að hjúfra sig upp að Finni, sem er sannur riddari allra prinsessa sem lenda í klóm svona myrkfælnidreka í mannlausu félagsheimili.

-*Settirðu eyrnalokk á bakvið gardínu?* spyr Finnur. -*Inni í salnum? Hvort ertu að leita að vettlingi eða eyrnalokki?*

Finnur og Lumma heyra undarlega falska hljóðið sem berst úr salnum. Lumma heldur fast í handlegg Finns og gerir sig litla og hrædda og myrkfælna.

Finnur opnar inn í salinn.

Salurinn er tómur og lítur öðruvísi út nú en á ballinu. Þykk dökk tjöld hanga fyrir gluggum. Salurinn er myrkvaður nema hvað smátíra er við sviðið. Þar er gamalt lítið þjanó, og sveitalúðalegur maður í lopapeysu, með lopalambhúshettu, grifflur á höndum, í fráhnepptri úlpu, er bograndi við hljóðfærisgarminn sem er opinn að ofan.

Lítið sér í manninn fyrir fötum, en hann er dökkur yfirlitum, litill, grannur. Kannski skuggalegur? Nei. Hann er bara að bogra eitthvað oní þjanógarminn. Hann er að stilla hljóðfærið -- ef hljóðfæri skyldi kalla.

-*Gott kvöld,* segir Finnur. -*Truflum við? Ég heiti Finnur.* Finnur gengur til mannsins, en Lumma stendur í dyrum salarins.

Brosandi réttir kappklæddi maðurinn fram höndina, og það skín í hvítar fallegar tennur í dökkleitu andlitinu: -*Vladimir Sergei. Blessaður.*

Hann talar dágóða íslensku, hægt, og með erlendum hreim: -*Ég er að reyna að stilla hljóðfærið.*

Píanóstillirinn, Vladimir Sergei, sezt við píanógarminn.

Hann spilar part úr Pólónesu Chopins af mikilli færni.

Þetta hálfvalska aflóga hljóðfæri breytist í ævintýrahörpu. Þessi kaldi ósmekklegi salur breytist í ævintýrahöll.

Eins og göldrum sé beitt breytist þessi sveitalúðalegi bograndi maður í spengilegan glæsilegan prins, og úr grifflunum standa ekki krepptir kaldir puttar, heldur liprir fingur snillings.

Lumma stendur frammi í dyrum og hlustar. Hún ætlaði að þykjast vera að leita að eyrnalokki á bak við gardínur, en gleymir því.
Finnur stendur við þjanógarminn agndofa.

Píanistinn stendur upp, spilar eina nótu nokkrum sinnum og fer um leið með stillilykil á strenginn.

-Þetta er nú orðið svolítið hró, segir Vladimir Sergei.

Það verður þögn.

Byrja svo Vladimir Sergei og Finnur báðir í einu:

-Býrð þú ...

-Þú spilar ...

Hætta báðir, -- hvor öðrum betur upp alinn.

Brosa.

Hvorugur vill tala á undan.

Vladimir Sergei sest við píanógarminn og spilar brot úr kröftugu verki.

Vladimir Sergei stendur upp hlæjandi að loknu verkinu:

-Músík. Mál sem allir skilja. Gerir samræður óþarfar.

Lumma kemur til þeirra.

Vladimir Sergei sprettur á fætur, þrífur af sér lopahúfuna, þegar hann sér dömu, og svart snyrtilega klippt hárið kemur í ljós. Vladimir Sergei þukkar sig djúpt og kynnir sig: *-Vladimir Sergei.*

-Þetta er Lumma, segir Finnur.

Vladimir Sergei þukkar sig á ný: *-Gleður mig að kynnast þér.*

-Ertu búsettur hér? spyr Finnur. -Þú talar íslensku vel.

-Hér gott að vera. Gott land. Heima hjá mér stríð.

Finnur segir: *-Þetta er nú ekki nógu gott hljóðfæri handa þér. Ef þú hefur betra hljóðfæri gætirðu haldið tónleika fyrir sveitungana.*

-Gott hljóðfæri þolir ekki raka og kulda.

-Er ekki hægt að kynda? spyr Finnur.

-Kostar.

-Ég á flygil sem ég nota ekki. Ég skal gefa þér hann. Og borga kyndinguna. Svo heldurðu tónleika til að lyfta menningarlífinu í hreppnum á hærra plan.

Lumma horfir kankvíslega á Finn og virðist alls ekki hissa.

(Hvers vegna er Lumma ekki hissa?)

Vladimir Sergei lítur á Finn:

-Ert þú mikill sprellari eða -- ert þú mikill athafna maður?

Finnur brosir í stað þess að svara, svo Lumma tekur að sér að svara:

-Kannski verður flygillinn miklu kátari í höndunum á þér en þegar Finnur er að spila?

Stórkostlegt bros breiðist yfir andlit Vladimirs Sergeis.

Hógvær hlátur Finns er mjög innilegur.

Kitlandi hláturstíst dillar í Lummu.

Hvers vegna verður hún alltaf svona kankvís á svipinn þegar viss málefni koma til tals??

Veit hún eitthvað meira en við? Er hún að fela eitthvað. Við vitum að hún er smáskreytin, en er eitthvert meira plott í gangi?

Og þau kveðja Vladimir Sergei píanósnilling í lopapeysu, og kveðja hans er tilfinningarík rapsódía.

-Raps-ódía er, Segir Vladimir Sergei um leið og hann stendur upp brosandi, að vefa saman óð, söng. Segja tilfinningaríka sögu. Til dæmis um ást, ef til vill föðurlandsást. Tilfinningaríkur óður er ofinn í tal og tóna, til að tjá hita blóðsins. Líkar ykkur?

Finnur opnar útidyrnar á félagsheimilinu fyrir Lummu, Lumma gengur út á undan. Höfuðfat Lummu fýkur af höfði hennar út í buskann. Hún var búin að gleyma því að úti er hifandi rok og snarpar hviður, og hún með þetta asnalega höfuðfat sitt. Og þegar hér er rok er það sko alvörurok, ekki nein smágola. Hún hleypur á eftir höfuðfatinu. Finnur kemur henni til hjálpar.

Eltingaleikur við fjúkandi höfuðfat, *-frollan mín! frollan mín!* -- sem Lummu tekst loks að stíga ofaná.

Hún treður á sig höfuðfatinu, hlæjandi, og heldur fast.

-Frolla?, segir Finnur.

-Já, það segjum við hér í sveitum, spurðu bara húsmóður okkar. Talið þið bara einhverja lubbalega reykvísku þarna fyrir sunnan? Reyg-vigsgu? Hafið engan kjarngóðan orðaforða.

Foreldrar Sæma virðast ekkert hafa við það að athuga að Sæmi gefi flygil norður í land. Próffessional flutningamenn, fagmenn, vanir menn, eru fengnir til að ganga vel frá hljóðfærinu fyrir flutninginn.

Sæmundur Sæmundsson tekur utanum sína heittelskuðu: *-Sonur hennar móður sinnar*, segir hann og kyssir hana. *-Ekki leiðum að líkjast. Bara gefa eitt stykki flygil, vesgú, -- norður í land.*

-Ætli teppið jafni sig ekki? segir Pálína og potar í förin eftir hjólin í þykku teppinu.

Sæmundur Sæmundsson borgar fyrir bilinn og próffessional flutninga-mennina fyrir eitt stykki flygil norður í land. Og flygillinn fer norður í land.

Að húsi Sæmundar Sæmundssonar gengur stelpa (úr menntóklíkunni) í kögurpilsí.
Ha?
Kögurpilsí.

Hún hringir dyrabjöllunni. Auðvitað er klíkan í húsnæðisleit. Við skulum ekki láta okkur detta í hug að þessi stelpa elski Sæma og sé þess vegna að spyrja. O, nei. Okkar grimma veröld er eiginhagsmunadekur. Við vitum líka að launsögn farsa er ádeila. Ekki þykjast ekki sjá og ekki skilja. Ég veit að í okkur blundar andstyggilegt fyrirbæri sem heitir samvitska. Hún á það til að naga pínupons, þótt við þykjumst vera saklaus og blind.

Samvit. Hver andskotinn er það? Kemur mér eitthvað við, ha?

Við vitum að prestsfrúin elskar embættismannakaup og löglega greddu sína og mannsins sem fær embættismannakaup og æviráðningu -- nú eða fimmáráðningu og endurskoðun og framlengingu á ráðningu. Við vitum að við erum þessi sómakæra prestsfrú. Ekki reyna að setja upp geislabauginn. Hann klæðir okkur ekki í augum þeirra sem sjá í gegnum okkur. Ert þú, kæra prestsfrú, að gefa einstæðum mæðrum embættismannakaupið? Hjálpa þeim dagsdaglega? Leika við börnin þeirra meðan þær vinna? Tala við þær um hagræðingu tíma þeirra? Berjast í þjóðfélaginu fyrir því að börnin þeirra geti notið nærveru mæðra sinna og hlustað á annað en tal um að ekki séu til peningar fyrir þessu og hinu? Nei. elskan. Elsku þú og elsku ég og elsku prestsfrú. Einstæða móðirin borgar skattana sem fara í embættismannakaupið sem þú, löglega, með hinn löglega geislabaug þjóðfélagsins, þiggur úr hennar vasa. Blóðugt? Samviskulaust? Nei nei. Löglegt. Og þú setur upp geislabauginn, elsku prestsfrú, -- og elsku ég og elsku þú.

Heldurðu kannski að farsí sé til að hlæja að, til þess að hlæja að öðrum, og þetta komi þér ekki við? Japl, jaml og fuður sé bara grín? O, nei. Þetta er ekki svona einfalt. Við erum að hlæja að okkur sjálfum hér og nú. -- Farsinn kemur aftanað okkur. Platar okkur. Trúðurinn, trúbadorinn, leikhúsið, -- þetta er skopstæling af þér og mér. Farsinn er þjóðfélagsádeila. Í honum býr launsögnin, sem heitir á hinu málinu allegoría. Hið bitra er -- hinn bitri sannleikur, broddurinn, er -- að við þorum ekki að

viðurkenna og horfast í augu við..... en við hlustum á trúbadorinn því hann er fyndinn. Hann er gildra í hverja við veiðum okkur sjálf.

-Huh!! -- hrædd? Við hrædd? Sossu við hvað?

-Við okkur sjálf, vinurinn minn.

Raunar var það svona sem Lárviðar skólaskáld orðaði það.

Pálína á leið um forstofuna um leið og stelpa í kögurpilsinu hringir dyrabjöllunni og opnar því.

Hægri fer í dyrasímann og sér að sæt stelpa er við dyrnar. Pálína er hins vegar að afgreiða málið.

-Fyrirgefðu, er Sæmi kominn til landsins?

-Nei, svarar Pálína. -Ég veit ekkert hvenær hann kemur.

Stelpa gengur frá húsinu. Hún dillar bossanum. Hún er í kögurpils, sem dillast fram og til baka í hverju spori um leið og mjaðmagrindin gengur til og frá, en það er þannig sem konur ganga. Og það sést í fætturna þegar kögurpilsíð fýkur frá -- og dillar fram og til baka.

Pálína horfir mikið á þetta pils. Hún lokar loks hurðinni.

Hægri heldur stórisnum aðeins frá og gægist út. Pálína er ekki komin inn á skrifstofuna.

Stelpa í kögurpilsinu gengur frá húsinu, út um hliðið og úr augnsýn. Hún dillar bossanum af náttúru sinni, kvenlegu göngulaginu. Kögur dillast fram og til baka í hverju spori -- og fýkur aðeins frá annað kastið. Það er eðli kögurs.

Hægri lætur stórisinn falla og snýr sér við þegar Pálína kemur inn á skrifstofuna.

Þau halda svo bæði áfram að vinna í sínu pappíraflóði.

Á hlaðinu á Hrakhólum. Fuglasöngur. Það er að koma vor.

Lumma og Finnur halda á beislum. Það á greinilega að fara að ná í hesta. Það er nú ekki langt að fara því hestarnir eru úti í fjósi. Það var náð í þá í gær. Þau eru aðeins að ná í hestana í fjósinu og fara með þá útá hlað.

Járningamaðurinn vill frekar járna úti. Betri birta úti. Þægir hestar.

Sæmi er svo vel upp alinn að hann opnar fjósdyrnar og lætur Lummu ganga á undan inn í fjós. Þetta er kannski svolítið fátánlegt, en Lumma er vön þessu og við þekkjum þennan Finn og kippum okkur ekkert upp við þetta.

Innskot: Það eru til þrjár tegundir af riddurum í okkar yndislega þjóðfélagi; það er Lumma sem hefur sett þetta saman í rökhugsun:

1) Okkar þjóðlegi ruddi, sem, stór og stæðilegur, gengur (treðst) á undan kvenfólki, jafnvel lætur það halda opinni fyrir sér hurð og smeygir sér út, þegar t.d. einstæð móðir með barnavagn eða kerru er að reyna að komast út úr byggingu sem ekki er með sjálfvirka opnun. Ég vil ekki tala illa um þennan íslenska rudda, því hann vinnur mikið, og er heiðarlegur, og ofurljúfur og viðkvæmur; -- mamma hans kenndi honum einfaldlega ekki mannasiði erlendra, og hótél mamma er fyrir mömmuna, ekki soninn. Hann er raungóður, íslenski ruddinn sem kann ekki mannasiði, og ég gef skít í svokallaða franska kurteisi, bon jour frá fólki sem brosir og meinar ekkert með því.

2 (riddaramennska 2)) Menn eins og Sæmi ríki,

sem Finnur getur ekki losað sig úr. Hann hefur lært kurteisi sem tillitssemi. Hann sezt ekki í eina lausa stólinn án þess að fatta að konurnar standa. Hann hefur verið látinn skilja að það er fólk í kringum hann. Þessi svona-drengur, hvort sem hegðunin er áunnin eða ásköpuð, enn betra hvort tveggja, kemur sér alls staðar. Hann er heimsborgari á sínum forsendum. Fólk laðast að heillindum hans. Persónumörk er annað en fleðuskapur. Kurteisi er ekki utanaðbókarlærdómur heldur tillitssemi og tilfinning fyrir kringumstæðum. Alvöruviðmót.

3) Prótúkollur lærðar frá hirðsiðum;

en orðið kurteisi er komið úr frönsku, siðir við hirð þess sem allir smjaðra fyrir. Stundum klígjar mig. Stundum brosi ég samúðarlega. Stundum verð ég hálfreið. Hissa. Sár. Alla vega ekki sama. Dæmi: þegar forseti Íslands sezt á undan konunni sinni í kóngaleik, vegna þess að íslenska ríkið er með prótúkollumeistara á kaupum. Hvers vegna getur íslenskur forseti ekki sezt á eftir konunni sinni? Sem málamiðlun hafa hjónin æft vandlega að setjast alveg um leið. Það er svo vel æft að það verður asnalegt. Hjónum er ekki eðlilegt að setjast alveg í takti. Lærð prótúkolla.

Ég skal alveg meta að verðleikum Íslendinginn sem ekki kann það sem kallast mannasiðir meðal erlendra þjóða, því þetta eru bestu strákar og góðir vinir vina sinna. Ég kann vel við þá. Þeir segja: -ég og konan mín, en aðeins kóngar segja svona. Pupullinn erlendis segir: -konan mín og ég.

Ég skal einnig alveg kunna að meta það þegar mömmur kenna sonum sínum svona siðvenjur erlendra þjóða. Það gerir okkur að heimsborgurum sem við græðum á. En þegar Íslendingar eru að apa eftir hirðsiði verður það óklæðilegt. Einsog í lopapeysu og appelsínnum slor-vatnsgalla með kórónu á hausnum.

Sums staðar gengur frú þjóðhöfðingjans útum afturdyr flugvélarinnar en hann út að framan. Við erum nú það vel stödd að við skiljum þetta ekki. Ekki hledur: aðar dyr fyrir karla en konur inni bænahús.

Heldurðu enn að Japl, jaml og fuður sé bara sprell? O, nei, minn kæri. Kafaðu ögn dýpra í sjálfan þig. Þar finnurðu allt sem hér er í spéspegli. Ef eitthvert atriði er óskilið

enn, skaltu kafa dýpra. Er maður feiminn við sjálfan sig? Hræddur? Blindur, viljandi, vegna þess að það er of krefjandi að hafa sýn?

Hafðu engar áhyggjur. Þælingar eru bara til trafala. En við skulum samt skilja.

Áfram með járningamanninn sem er væntanlegur, og hrossin sem Finnur og Lumma teyma útá hlað.

Niðri á vegi sést Valkyrja, á fyrirferðartölti, auk þess með tvo í taumi, tvö trippi sem hún er að bandvenja,.

Það er rétt að fara frost úr jörðu. Aurbleyta á vegum. Vegir í þessari sveit eru því mjúkir. Vormjúkir.

Krakkarnir á Hrakhólum hjálpa til. Ná í járningadótið. Þau hafa oft séð Leif járna. Og nú eru þau allt í einu farin að hjálpa til.

Valkyrja kemur heim á hlað á Hrakhólum. Snarast af baki. Það kemur ókyrrð í heimahestana, en aðkomuhestarir eru heitir og slakir.

Járningamaðurinn -- en Finnur sér auðvitað ekki annað en þetta sé strákur og hann er ekki sá eini sem flaskar á þessu -- er raunar Valkyrja.

Er Bjargþrúður ekki að baka pönnukökur -- pönnukökur pönnukökur?

Er hún bara uppi í herbergi að lesa bók? Hvað er eiginlega að gerast hér á Hrakhólum.

Eru allir að detta útúr upphaflegu rullunni?

Valkyrja tálgar fyrsta hófinn. Ekki verið að gaufa neitt við það.

Finnur fylgist með. Hann hefur ekki séð járnað áður.

-Er þetta ekki mikið vandaverk? spyr Finnur.

-Ekki mikið meira en að skipta um dekk, ef maður kann það, svarar járningamaðurinn og lítur um leið á Lummu sem skilur skensið.

Lumma hlær.

-Af hverju slærð þú ekki undir, Lumma, spyr Valkyrja.
-Æ, -- bróðir minn gerði þetta alltaf heima, svo ég þurfti aldrei að læra það.
-Kominn tími á það, segir Valkyrja.

Valkyrja smeygir af sér peysunni, og það rennur upp fyrir Finni að járningamaðurinn er ekki strákur heldur stelpa.

-Málið er, segir Valkyrja, -að hann stigi rétt í. Skakkir hófar, skakkar kjúkur, og hesturinn nýtur sín ekki.

Finnur horfir á Valkyrju meira en á hófinn sem hún sýnir honum.

Lumma horfir á Finn. Hún er að velta því fyrir sér hvort hann horfi meira á járningamanninn eða hestshófinn sem járningamaðurinn er að sýna honum.

-Framfótarskeifu, krakkar. Passar þessi á Blesa? Númer hvað er hún?

-Sérðu fláann á fjöðrinni? segir Valkyrja við Finn.

Finnur fattar ekki. Horfir rangeygður á skritinn kantaðan naglann sem hún sýnir honum.

-Út, inn, segir Valkyrja. -Krakkar, hvar er hnykkingatöngin?

Litlu krakkarnir hlaupa allir til og ná í hnykkingatöngina.

Ekki mikið mál að slá undir þrjú hross.

Svo er hrossunum sleppt.

Þau drekka kaffi og borða pönnukökur í eldhúsinu á Hrakhólum.

Gettu hver bakaði pönnurnar.

Rangt.

Það var Lumma. Ekki Bjargþrúður.

-Þú varst nú mikið góð, væna mín, að slá undir fyrir okkur, segir húsfreyjan á Hrakhólum við Valkyrju. -Það er svona þegar hann Leifur er ekki. Og þú veist nú með bakið á honum Bjarti.

-Það var nú lítið, svarar Valkyrja. -Annars ætlar Lumma að járna héðan í frá. Finnur dregur undan.

-Hvernig var færðin frammi í Afdölum?

-Allt í drullu, maður. Festi litlu bíltíkina í gær við fjárhúsin. Varð að drösla henni upp með dráttarvélinni. Pikkföst í aur og skít. Helvítis Landróverinn í bilerí aldrei þessu vant. Palli er að redda mér um kambás og knastás í hann úr öðrum.

Þetta heitir víst draslarabúskapur. Landróver sem hangir saman á bagga-böndum, því læsingarnar á hurðunum eru svo slappar að þær opnast á kartöflum og þvottabrettum.

Hún horfir á skilningslausan svip Finns og Lummu, og bætir við: -Hjámiðja. Ventlar. Stimplar. Holóttur vegur steinar á stærð við póteitós.

Engin viðbrögð.

-Allavega: smurolía á puttana. (Tónninn í röddinni segir hið ósagða: -þið hljótið þó að skilja það, asnarnir ykkar?)

Valkyrja heldur áfram: -Ég skil ekki til hvers verið var að finna upp bílinn. Hestar eru miklu hentugri farartæki.

Fæ ég skítadreifarann ykkar lánaðan? Hvenær frussið þið skítnum á, Finnur? Lumma?

-Bjargþrúður, hvenær ætlarðu að frussa kúakúknum á? segir Lumma og hlær. -Bíða eftir véltæku haughúsi áður en vistvænn húsdýraáburður er brúkaður?

Dúrrí biður Leif um að koma með þeim út að borða.

-Í hreinskilni sagt, Leifur minn, er þetta ekki boð fyrir þig, heldur vinna. Við þurfum að biðja þig um að tala, tala við mann sem er fulltrúi heimamanna vegna framkvæmdanna. Við Björn þurfum nefnilega að fá frið til að tala við þína Þjóðverjann.

Áttu bindi, Leifur?

-Nei.

-Heldurðu, Leifur, að þú filir þig með þetta appelsínugula bindi sem ég gaf Birni? Hann vill ekki nota það. Finnst það of spjátrungslegt. Bleikt og appelsínugult eru alveg ekki hans litir, skilurðu.

Þau fara á Hótel Holt. Sá íslenski verður þeim til skammar, en hann, og raunar Leifur líka, skemmta sér vel.

Leifur er sætur í sparifötum með appelsínugula slifsið.

Þjónar vísa til sætis.

Sá íslenski er þúra sveitakarl sem fékk stöðu sem bitling. Það var komið að Framsókn að fá stöðu. Þetta finnst karlinum rosalega fyndið:

-Það eru manns bestu eiginleikar að vera á réttum stað á réttum tíma, með öðrum orðum í réttum flokki þegar bitlingaröðin er komin að rétta-flokkinum. Raunar einu hæfileikarnir sem maður þarf að hafa.

Dúrrí og Björn ræða við Þjóðverjann. Þær samræður eru ekki í léttari kantinum eins og þessar milli Leifs og karlsins.

Karlinn er hress og gerist brátt góðglaður og enn hressari. Hann fer að segja brandara við Leif, brandara úr sveitalifinu. Karlinn og Leifur skemmta sér semsagt konunglega.

-Svo er ég að fá magasár af áhyggjum, segir karlinn, -og hef svo miklar áhyggjur af því að ég er að fá magasár, að ég fæ líklega magasár af áhyggjum. Hinn fullkomni vítahringur.

Karlinn hlær rosalega. Hann hlær svona eins og menn eiga að hlæja ef þeir eru að hlæja á annað borð.

En það er bara ekki hlegið svona á Hótel Holti. Menn hlæja tilgerðarlega á finum stöðum.

Þjóðverjinn hlær alls ekki. Huggulegasti maður, en mjög alvarlegur. Ekki sprelligosi, ekki brandarfikill.

Björn og Dúrrí tala þýsku, og Leifur og sveitakarlinn skilja ekki eitt einasta orð af þeirra samræðum.

Enda eru þeir á kafi í sínum.

Karlinn segir: *-Það á ekki að leggja upp í langferð á hestum snemma morguns. Hestar verða að fá frið í morgunsárið. En þeir eru oft upplagðir á kvöldin, einkum á sumrin eftir heitan dag. Morgunlöt dýr.*

-Er þetta ekki bara afsökun hestamannanna til að geta sofið úr sér? segir Leifur.

Karlinn skellihlær svo glymur í Hótel Holti.

Þeir hegða sér eins og á þorablóti væru.

Hrossabrandarar karlsins verða háværi með hverju glasi.

-Þetta kallar maður að fara á skemmtistað til þess að skemmta sér, segir karl.

Hann stendur upp og kallar: *-Þið hér fyrir sunnan kunnið ekki að skemmta ykkur! Skál.*

Ekki er á það treystandi að skilaboð sem Hægri höndin ætlast til að komist til Sæma fyrir norðan á þessum bæ sem Hægri man ekki hvað heitir, komist nokkuð til skila. Þetta veldur ómældum ruglingi.

Hægri skreppur nú norður til þess að fá undirskrift Sæma vegna skuldbindinga fyrirtækisins Sæmundar Sæmundssonar ehf.

Ekki einu sinni í tölvupóstsambandi, þessi drengur.

Hægri er gáttaður á þessu uppátæki Sæma. Þótt Hægri hafi prókúru verður drengurinn að axla þá ábyrgð að vera með í ákvarðanatöku og skuldbindingum.

Hægri höndin kemur á BMWinum nærri því alla leið. Ekki alveg alla leið á Hrakhóla. Hann var búinn að láta hafa tilbúinn lítinn bílaleigubíl til að aka síðustu bæjarleiðirnar. Sæmi vill ekki þekkjast. Meira vesenið á drengnum.

Hægri höndin kaupir sér líka úlpu í kaupfélaginu. Kuffélaginu, eins og það er kallað. Hér er skítkalt. Fyrir sunnan er komið vor. Hér er eitthvert hálendisveðurlag. Og óbyggðir.

Hægri höndin er í jakkafötum með bindi. Á hann ekki ferðaföt? Kaupfélagsúlpan passar betur hér á slóðum Fjalla-Eyvindar.

Hægri tekur stressarann og kaupfélagspokann með úlpunni í. Skilur BMWinn eftir á bílaleigunni.

Hægri setur skyggnið á bílaleigubílnum niður. Alls konar pappírar, skoðunarvottort ofl. hrynja niður af skyggninu í kjöltu hans og á gólfið. Hann verður pirraður. Óskipulagðir pappírar. Ekki hans lína.

Loksins loksins finnur hann þennan blessaða bæ, Hrakhó. Brotið skilti.

-Góðan dag, krakkar. Ég þarf að ná tali af Finni.

Krakkarnir hlaupa inn og kalla í Finn: *-Einhver karl að spyrja eftir þér.*

Lumma arkar blístrandir úr fjósinu áleiðis að íbúðarhúsinu.

Hún sér bílinn. Hægri lítur upp.

Hún snarstoppar. Horfir eitt augnablik á Hægri. Hún snýr snögglega við og fer aftur út í fjós.

Hægri finnst eins og hann hafi séð þetta andlit einhvers staðar en kemur stúlkunni ekki fyrir sig. Hann er mjög mannglökkur. Gleymir aldrei andliti. En hann getur ekki gert sér grein fyrir hvar hann sá þetta andlit.

Og hvers vegna flýtir Lumma sér að láta sig hverfa þegar hún sér Hægri?

Finnur (Sæmi) kemur út, og Hægri og hann heilsast að sjálfsögðu innilega. Þeir setjast inn í bílaleigubílinn að skoða pappíra. Hægri setur Sæma inn í stóra verkefnið sem er í gangi. Sæmi þarf að skrifa undir og hann þarf að vera inni í málinu. Þetta er ekkert sniðugt að ekki sé hægt að ná í hann. Hann er jü einn af eigendum þessa stórfyrirtækis.

-Ætlaðu ekki að koma inn í kaffi? spyr Sæmi.

-Elsku Sæmi minn. Hvað ertu að gera hér? Ferðu ekki að koma heim. Geturðu ekki frekar tekið að þér að fylgjast með göngunum, heldur en að hírast hér. Göngin eru peningar, drengur. Vinnan okkar. Fyrirtækið rekur sig ekki vinnulaust, þú veist það nú.

Ég þarf að kaupa góðan jeppabíl. Við verðum að vera á svæðinu þar sem við berum ábyrgð á framkvæmdunum, að minnsta kosti alltaf af og til. Gera stikkprufur og vera sívakandi. Einhver þarf að vera á svæðinu.

Sæmi er ekki tilkippilegur. Hann ætlar að vera Finnur ögn lengur.

Ef Lumma hefði heyrt samtalið hefði hún sagt: *-Ekki Sæmi í göngum, heldur Finnur í ógöngum.* En Lumma er ekki hér. Hún faldi sig.

Á bakaleiðinni í bílaleigubílnum er Hægri mjög hugsí. Hann verður að fá góðan mann í að vera á staðnum vegna gagnagerðarinnar. Ekkert má klikka í hlutverki Sæmundar Sæmundssonar ehf. Miklir peningar í þessu.

Nú vill ekki betur til en svo fyrir Hægri að bílaleigubíllinn byrjar að hiksta.

Gengur smá.

Hikstar aftur. Drepur á sér.

Hann er tómur. Benzínlaus.

Bíllinn startar en gengur ekki. Drepur á sér.

Þar fór í verra.

Bílaleigubílar eiga að vera fullir þegar maður fær þá og maður skilar þeim fullum. Hér eru svo mikilir sveitalúðar að þeir gera þetta ekki.

Hér er engan bæ að sjá, ekkert nema fagran fjallahring. Enginn bíll, engar mannaferðir, svo langt sem augað eygir.

Nú eru góð ráð dýr. Asni var Hægri að taka ekki símann úr BMWinum með sér. Hvernig átti hann að búast við þessu?

Hægri reimar kuffélagsúlpuna sína uppí háls, tekur stressarann með öllum pappírnum í og lokar vel. Hattinn hafði hann tekið með sér úr BMWinum, og það er gott núna. Það er kalt. Skítkalt.

Hann er á blankskóm. Þetta er malarvegur.

Hann man eftir býlisskrifli einhvers staðar lengra niður frá sem hann ók fram hjá á leiðinni uppeftir. Fyrst hélt hann að það væru Hraakhólar. Skiltið var brotið og ólæsilegt. Reyndist vera læsilegt að hluta, síðari hluta, -kelda. Eitthvað-kelda. Lítið kræsilegt heim að líta. Skyldi það ekki hafa verið nokkuð stutt héðan?

Hann gengur af stað. Hann nýtur ekki fegurðar fjallahrings Háhólasveitar. Til þess er hann of pirraður og svekktur. Hægri tekur vinnuna með sér hvert sem hann fer, hvar sem hann er.

Honum hlýnar á göngunni og rennir aðeins frá í hálsinn, svo skyrta og bindi koma skemmtilega í ljós uppúr kuffélagsúlpunni. Ósamræmi: sveitamaður í blankskónum með stressara og hatt, eða bissniskarl í sveitamannaflík.

Hægri gengur og gengur og gengur

Hægri er orðinn sárfættur, smástigur og þreyttur.

Það er aurbleyta í kantana, grjó á hryggnum, og pollar í hjólförunum.

Hægri höndin gangandi á malarvegi.

Hægri höndin gangandi á malarvegi.

Hægri höndin gangandi á malarvegi.

Hann horfir vongóður í fjarska.

Í ljós kemur loks, í fjarskanum, þessi fjarskalega draslaralegi hrörlegi æva-gamli sveitabær Eitthvaðkelda.

Hægri stefnir þangað, og fær nýja von um að losna úr sveitasælunni á hrað-skreiðari hátt en gangandi.

Loksins nær Hægri á þennan hrörlega bóndabæ, Eitthvaðkeldu, eftir langar traðir, aurbleytu, grjóthnullunga, mjúka dúandi moldarkanta. Skórnir?

Á þessum hrörlega bæ er hrörlegur bóndi sem lánar Hægri hrörlegan traktor, húslausan, öryggisgrindarlausan, sem er eina farartækið á þessum bæ.

Hægri höndin, með stressarann, í kuffélagsúlpunni, með hattinn á sér, stígur upp í dráttarvélina, bóndinn stendur hjá.

Hægri horfir í sætið á dráttarvélinni. Í því er rennandiblautur strigapoki.

Hægri tekur pokadrusluna pempíulega úr. Það lekur úr henni. Hann lætur blautu pokadrusluna detta á hlaðið.

Undir strigapokanum er svampur. Rennblautur að sjálfsögðu. Þungur af vatni. Ísköldu vatni. Krapavatni. Stór pollur lekur úr götóttu járnsetinu þegar Hægri lyftir þessum krapasvampi.

Hægri snarast úr úlpunni. Hann er í jakkafötum og hvítri skyrtu með bindi og með hatt. Hann treður úlpunni í blautt sætið áður en hann sezt.

Hægri reynir að starta traktornum. Gengur ekki.

Gamli bóndinn tekur í gírstöngina og setur í hlutlausan (án kúplingar, það allt svo slitið að kúpling er óþörf). Gamli bóndinn horfir sviplaus á Hægri, og startar. Horfir þessum sviplausa svip sem kaupstaðavargurinn fær stundum hjá dreifbýlisvarginum á svona augljósum vankunnáttustundum, eins og þegar borgarkrakki veit ekki að maður ræsir dráttarvél í hlutlausum. Og bóndinn brosir ekki einu sinni. Slík er stundum gjáin milli sveitavargsins og Reykjavíkurlvaldsins -- eða sveitavaldsins og Reykjavíkurlvargins, eins og Lumma orðar það þessa dagana.

Gamli Nói, gamli Nói, keyrir dráttarvél.

Kann ekkert að setja í gíra,

reynir bara að stýra

nei, þetta er ekkert fyndið. Enda er Lumma ekki hér, svo enginn sagði þetta.

Í jakkafötum með bindi og hatt, moldarbrúnum rökum skóm, á húslausum fornum traktor, hossast Hægri mikið. Hossast upp og niður. Sætið er á sveigðri járnstöng, og það dúar og dúar.

Hægri höndin ekur í átt að sínum langþráða upphitaða BMW sem stendur og bíður hans á planinu þar sem hann lét bílaleigubílinn vera til reiðu handa sér síðustu bæjarleiðirnar.

Honum er kalt, ískalt. Hann er rauðnefjaður og blár í framan. Það hefur slegið að honum. Hann var heitur af göngunni áðan, en það er hann sko ekki lengur.

Loksins, loksins!

Hann bröltir, með stressarann, stífur af kulda, niður úr dráttarvélinni, og hnerrar; -- sýgur upp í rautt nefið sitt. Sem betur fer er hann ekki rass-blautur. Úlpan verður eftir í sætinu. Hún á bezt heima fyrir norðan.

Bíll Krúkka og Gúffa kemur að húsinu Tómasarhaga 85. Jónði ekur. Dúlla situr í framsætinu.

-Berðu inn fyrir mig, Jónði minn, segir Dúlla.

Jónði gerir það.

Þegar inn kemur sér Dúlla að Krúkki og Gúffi eru eitthvað niðurdregnir: *-Nú?, spyr hún. -Hvers vegna eru þið svona niðurdregnir?*

Þeir sitja, með samanbitnar varir, áhyggjufullir, yfir blaðabunkunum sínum, sem ekki virðast neitt of skipulagðir.

-Hvað með hnattreisuna? spyr Dúlla.

-Elsku Dúllan mín, Dúllan mín, segir Gúffi. -Auðvitað förum við í hnattreisuna. Bara verður að frestast aðeins.

Krúkki bætir við: *-Maður getur nú ekki alltaf haft heppnina með sér. Þú skilur það, elsku systir. Þetta tekst bara næst.*

Það sýður á Dúllu.

-Elsku Dúllan mín. Svík ég nokkurn tíma það sem ég lofa? segir Gúffi í örvæntingu. -Loforð er loforð. Ég svík aldrei loforð. Það veistu. Kannski vinnum við í lottói, ha?

Verst af öllu er að Dúlla segir ekki neitt. Það vita þeir að er miklu verra en þegar hún tekur rispu og æpir á þá, til dæmis: *-Aular! Aulabárðar! Hið getið aldrei grætt grænan eyri, asnarnir ykkar.* Hún öskraði ekki einu sinni:

-Lottó!!?? Hvernig dettur þér í hug að þú græðir í lottó??!!

Nei. Það var þögn, þögn hlaðin ofsaspennu.

Nú hvessir Dúlla á þá augun. Þeir augun. Það veit ekki á gott. Svo fyllir hún lungun af lofti, réttir úr bakinu, fnæsir, snýst á hæl (í 180° á gulu nýju háhælaskónum sínum) og strunsar fram. *-Jónði, komdu, segir hún.*

Jónði stendur þarna bara, heldur á bíllyklunum og pokunum hennar Dúllu, en hún var að kaupa föt fyrir hnattreisuna. Jónði yppir öxlum, leggur frá sér pokana, og eltir Dúllu.

Krúkki fer í seðlaveskið sitt í innanávasanum, tekur út búnt af seðlum og réttir Gúffa sem hleypur á eftir Dúllu, út -- með seðlabunkann -- og réttir henni um leið og hún er að setjast inni bílinn: *-Auðvitað förum við í hnattreisuna, ástin mín, segir Gúffi.*

Dúlla er ekki í stuði til að láta hann kyssa sig, en tekur við peningunum, nokkuð stúss að vísu.

Krúkki og Gúffi vita vel að hið besta ráð til þess að kæla skapið í Dúllu er að hún skreppi í innkaup. Það hefur mjög góð áhrif á hana.

Gúffi horfir á eftir bílnum, þar sem Jónði bakkar út af lóðinni, út á götu, og ekur svo brott.

-Krúkki, segir Gúffi áhyggjufullur. -Hvert heldurðu að þau fari? Hvað erum við að láta þennan Jónða vera alltaf að keyra hana? Hún kann á bíl.

-Æ, góði, segir Krúkki. -Þetta er krakki, þessi strákur. Láttu ekki eins og asni. Ég er viss um að Dúlla lítur ekki á annan en þig.

-Já, en hún er svo falleg. Hún er svo sexí. Heldurðu að ég sjái ekki hvernig allir karlmenn horfa á hana? Heldurðu að ég sé staurblindur? Heldurðu að ég sé ekki hræddur um hana? Manstu heima hvernig hún vafði öllum um fingur sér? Ha? Manstu í skólanum?: Dúlla! Dúlla! Dúlla! -- og enginn var meira sexí á dansgólfinu en hún.

Krakki!? Að Jónði sé krakki? Varst þú einhver krakki á þessum aldri? Ha? Á ég kannski að spyrja skólasystur þínar? Ha?.

Kannski fer hún að skæla og snökta, og hann að hugga hana. Kannski keyrir hann uppi Öskjuhlíð til að róa hana.....

-Þegiðu, Gúffi. Reynum að koma skipulagi á þetta helvítis drasl hér. Best væri líklega að kveikja upp og horfa á þetta verða að reykj.

-Ha, ha! hlær Gúffi, og þessi hlátur er til þess að fela angistina í hjarta hans.

-Nýi pappíratætarei fyrir tækisins Gróss ehf.

Á svip Krúkka sést að hann er ekki í stuði til að brosa að fimmaura-bröndurum.

Hann skilur ekki angist Gúffa. Hann skilur bara að þeir verða einhvern veginn að ná í díl. Gott kúpp. Spurningin er bara hvernig og hvar.

Flutningamennirnir eru að baksa við að koma flyglinum inn í sal félagsheimilins í Háhólasveit, og áfram inn eftir salnum að sviðinu. Þetta eru fagmenn, á fullu kaupi hjá Sæmundi Sæmundssyni ehf, og vita að þessi flygill er mjög verðmætur.

Vladimir Sergej sezt við hljóðfærið þegar burðarmennirnir eru farnir. Vladimir Sergej styður á eina nótu og hlustar. Hann dregur djúpt andann. Lokar augunum. Um hann hríslast sæluvíma. Tónn úr alvöruhljóðfæri. Unaður.

Albert Pétur, sem er litl bróðir Vladimirs Sergeis, stendur hjá honum. Vladimir Sergej spilar fallett verk. Ævintýralegur ljómi færist yfir svip hans. Hljóðfæri.

Og það er hiti á í þessu félagsheimili. Notalegur hiti. Kynt, til þess að hljóðfærið sé ekki í raka og kulda.

Finnur og Lumma hafa staðið fyrir tónleikum, Auglýst um allar sveitir. Stólum hefur verið raðað í „bekki“ í salnum. Tónleikagestir. Áheyrundur.

Finnur og Lumma, sparibúin, sitja í fremstu bekkjaröð. Mjög fáir aðrir eru í salnum. Þrátt fyrir allar auglýsingarnar. Hvílik soun á hæfileikum!

Nokkrir sveitungar í sparifötunum, og þeir eru asnalegir í sparifötum, þótt þeir hafi vatnsgreitt sér. Já, ennþá asnalegri eftir að hafa vatnsgreitt sér.
Andlitin veðurbitin að neðanverðu, en ennið mjallahvítt undan húfum.

Vladimir Sergej spilar Chopin Polonesu og fleiri ofsalega kraftmikil klassískt píanóeinleiksverk. Einnig undurbliðar tilfinningaríkar rapsódíur.
Þetta eru yndislegir -- já, stórkostlegir -- tónleikar.

Að tónleikunum loknum hneigir Vladimir Sergej sig djúpt.
Hallærislega lítið klapp.
Hann fer á bakvið og kemur strax inn aftur og hneigir sig á ný.

Fólkið tínist út.
Vladimir Sergej og Finnur ræða saman eftir tónleikana.
-Systir mín, Alexandra, gat ekki komið, segir Vladimir Sergej. -Hún er með hita, með inflúensu. Hafði þið aldrei hittst? Hún afgreiðir oft benzín.
. -Við höfum aldrei sést, segir Finnur. -Það var synd að hún gat ekki komið,
-Þá hittist þið á næstu tónleikum, segir Vladimir Sergej.

Hressir ganga þeir út.
-Þetta voru yndislega fallegir tónleikar, segir Sæmi/Finnur.
-Það er nú líka hljóðfærinu þínu að þakka, Finnur.

Verið er að vinna í steypuvinu í þessu margumrædda véltæka haughúsi. Lumma virkjar litlu krakkana til vinnu í kraftæfingakerfinu á Hrakhólum. Hrak-kraftur, heitir æfingakerfið þeirra.

Hún og Finnur eru orðin nokkuð verklegri í tilburðum. Húsbóndinn fer sér hægt að vanda. Hlífir bakinu. Allir orðnir hundleiðir á að hlusta á þetta baktal.

-Baktal, kallar Lumma vælið í honum, og hlær. -Baktal er vont. Já, bara sársaukafullt.

Við heyrum í jeppa.

Krakkarnir hlaupa upp úr grunninum til að sjá.

Húsbóndinn lítur upp.

Jeppinn ekur heim á hlað á Hrakhólum.

Húsbóndinn hættir að vinna. Gengur áleiðis heim á bæ.

Gestir stíga út. Þetta er fólk í hreinum ljósum ferðafötum. Svolítið krumpað, er stirt eftir setuna í bíl. Teygir sig og andar að sér fersku sveitaloftinu og fjósafýlunni úr haugnum sem hljóp yfir hlaðið í síðustu rigningu.

-Vitið þið hver er munurinn á strákum og fullorðnum karlmönnum? segir Lumma. -Það er verðið á leikföngunum þeirra.

Þetta átti stóri flotti jeppinn á hlaðinu að taka til sín sem sneið. Um leið strýkur eigandi hans alúðlega um frambrettið á sínum heittelskaða jeppabíl, torfærutröllinu fokdýra, og lítur á hann og túttudekkin stoltum ástaraugum.

Finnur hlær.

En Lumma varð að útskýra brandarana fyrir litlu krökkunum.

-En veistu, Lumma, að sá sem á mest af græjum og dóti og drasli í bílskúrnum þegar hann deyr hann vinnur, segir Finnur.

-Góður!

Bjargþrúður, systir Leifs, kemur út í glugga. Sér jeppann. Nær í egg. Byrjar að baka pönnukökur.

-Nú förum við inn í pönnur líka, segir Lumma. -Er það ekki eitthvað til að roba húrra fyrir?

Verkfall. Förum í verkfall. Gestakomuverkfall.

Förum úr okkar sveitamannatúttum í forstofunni, ekki niðri í kjallara, og mætum í kaffi. Við látum sko ekki kaupstaðavarginn éta allt frá okkur sveitavarginum.

Sæmi fær enga pönnuköku.

Finnur litur snöggt á Lummu.

Lumma verður spottsk á svipinn. Hún veit að Finnur litur alltaf upp þegar hún nefnir hundinn á nafn. Það kemur órætt glimt í öjet á henni í hvert skipti sem þetta gerist.

Finnur á erfitt með að láta á engu bera þegar nafnið Sæmi kemur upp.

-Erfitt að vera hundur, elsku kallinn minn.

Sæmi liggur fram á lappir sínar. Hann stendur upp og dinglar rófunni þegar Lumma ávarpar hann.

Lumma klappar Sæma (hundinum): *-Ertu nokkuð í megrun, greyið mitt? Ég skal laumast til að stela pönnu handa þér. Annað er ekki sanngjarnt, þegar við erum í verkfalli.*

Viltu kannski lummu? Lummur eru mjúkar og góðar.

Þú færð ekki að koma inn í stofu, svo ég skal stela einum englabelli handa þér og lauma út til þín. Þú ert ekki í verkfalli eins og við, og þá verðurðu að bíða hér úti. Við erum í verkfalli og ætlum inn í kaffi.

Hundinum finnst gaman þegar Lumma er að tala við hann og gramsa í lubbanum hans um leið. Aldrei fyrr hefur neinn sagt neitt við hann annað en: -þegiðu, þegiðu helvítið þitt, og -farðu út, og -urrdan, urrdan bittann. Þetta er eini orðaforðinn sem gamaldagsuppallinn íslenskur (óhreinræktaður) sveitahundur þarf að kunna.

Sæmi flaðrar uppum Lummu í kátínu sinni yfir þessum orðaflaumi sem ætlaður er honum, og er greinilega ekki skammir heldur einhver gleðitíðindi.

Allir litlu krakkarnir þvo sér hendur. Vandlega er stoppað við úlnliðinn.

Fullorðna fólkið, þar á meðal Finnur og Lumma, brettir hins vegar upp vinnu-
skyrtuermarnar, og þvær sér hálfu leið upp að olnboga. En litlir krakkar komast upp
með að bleyta ekki lengra en upp að úlnlið.

Lumma leggur á borðið í stofunni, því henni finnst orðið ótækt að Bjargþrúður standi
alltaf í þessu ein.

Enda er Bjargþrúður kominn á vélarnar. Hún er orðin útitekin í framan, en áður var
hún mjallhvít af eintómum húsverkum inni og mjöltum í fjósinu, líka inni. Göngulagið
er meira að segja orðið hressilegra, og hláturinn hennar er dillandi skemmtilegur. Hún
er að verða fjórtán, er að byrja að breytast úr krakka í konu. Ljóshærð. Sjarmerandi, en
kyrrlát og blíð. Lumma er líka sniðug að mixa smart föt úr endemis draslinu sem þær
finna skápræflinum og kistunni stóru í kjallaranum.

*-Ef ég væri nú svona flott vaxin eins og þú, Bjagga, væri ég löngu gengin út. Passaðu þig
á strákunum, telpa mín. Þú ert orðin hættulega sæt.*
Bjargþrúður brosir. Hún er sæt.

Já, það er heilmikið í draslahaugnum í kjallaranum.

Í draslinu í finnur Lumma flautu, eða að minnsta kosti litur þetta út einsog flauta.

Þær prófa að ná hljóði úr þessu. Og það tekst.

Gurrírur litla fær að prófa hljóðfærið og verður svo hugfangin að eftir þetta óma
frumsamin flaututónverk á Hrakhólum daginn út og daginn inn og á kvöldin.

Finnur (Sæmi) tekur eftir að Gurrírur getur í raun spilað lag á þennan falska garm.
Ekki laust við að hér séu hæfileikar á ferðinni.

Í laumi hringir Sæmi í mömmu sína.

Mamma Sæma spyr auðvitað: *-Hvernig hefurðu það, ástin mín*

Sæmi: *-Flott. Ég er að breytast í alvöru sveitamann, ekki aðeins í leikna persónu.*

Mamma Sæma: *-Gott af að skipta um umhverfi -- og persónu?*

Þau hlæja.

Sæmi: *-Mamma, það leynist flautusnillingur hér.....*

Mamma Sæma hringir í Áshildi: *-Áshildur mín, ertu mjög upptekin þessa stundina?*

Áshildur dúkkar upp á Hrakhólum með fjölskylduna, og virðist vera á ferðalagi, að spyrjast til vegar, leita að ferðapjónustu bænda til dæmis, nú eða tjaldstæði.

Áshildur virðist auðvitað ekki þekkja Finn(/Sæma), en raunar sjáum við að þau þekkjast vel, en slíkt er ekki látið sjást á Hrakhólum. Enn ein tilviljunin sett á svið.

Áshildur fær að tjalda á túninu við lækinn.

Krakkarnir á Hrakhólum segjast líka eiga tjald og bambra út eldgömlu gráu boldangstjaldi með grænum og gráum myglublettum á, með trégrind, handtálguðum tréhælum, renndum hnúðum á toppana á báðum endum mænisins.

Hinn fullkomni safngripur -- en stendur fyrir sínu enn þann dag í dag sem hið besta tjald.

Sæmi leyfir Áshildi að heyra telpuna spila á flautugarminn.

Áshildur er, af tilviljun(!), með aukaflautu í farteskinu, lánar henni hana, og kennir henni undirstöðuatriði í flautuleik: *-Reyndu að lyfta fingrunum ekki svona hátt, það er óþarfi og þreytir bara puttana manns.*

Finnur fær það verkefni að kenna teplunni nóturnar.

Og Áshildur hefur af tilviljun komið með hljómborð í tjaldferðalag.

En við sjáum enn þennan spottska svip á Lummu þegar hún horfir á Finn sveitamann kenna nótur og spila undir. Hún brosir í laumi.

Eftir þetta heyrir enn meiri flautuleikur, æfingar, og byrjendaverk, nærri öllum stundum, undir öllu sem fram fer á Hrakhólum, eiginlega bæði úti í fjösi og inni á bæ. Krakkinn og flautan eru orðin ein órjúfanleg heild. Hér hafa hæfileikar leynzt í ófrjórrí mold.

Sæmi spilar undir á hljómborðið sem Áshildur skildi eftir.

Eftir tjaldferðalag Áshildar og fjölskyldu tautar Lumma við sjálfa sig svo Finnur heyrir til -- ofleikur það að vera mjög hugsí og hissa: *-Furðuleg tilviljun að heimsfræg flautukonan rekst hingað -- og með aukaflautu og með svona hljóðgervil fyrir rafmagn með sér í tjaldferðalag út á land, hmmm?*

Það er svona með þetta tónlistarfólk, má bara ekki af hljóðfærunum sínum sjá.

Hægri höndin símar á Hrakhóla. Hann þarf að tala við Sæma.

Síminn hringir. Krakki á Hrakhólum svarar: *-Halló.*

Hægri (í símann): *-Er þetta á Hrakhólum í Háhólasveit?*

-Já.

Hægri: *-Er Sæm.. , (ræskir sig) -er Finnur heima .. inni?*

-Nei.

Hægri: *-Er mamma þín heima?*

-Nei. Úti.

-Er pabbi þinn heima, inni?

-Nei. Úti.

-Einhver fullorðinn?

-Nei. Bara ég.

Hægri dæsir og Pálína lítur spottsk á Hægri:

-Koma þau bráðum?

-Ég veit það ekki. Þau eru uppi í fjalli í rollum.

-Geturðu tekið skilaboð? Hvað ertu gamall?

-Sjö.

-Viltu biðja Finn að hringja suður þegar hann kemur inn?

-Já.

Hægri bíður þess að Sæmi hringi. Ekkert gerist í nokkra klukkutíma.

Klukka í Reykjavík, einkum klukkur í fyrirtækjum sem velta miklum fjármunum, er allt annað en klukka í dreifbýlinu, jafnvel þótt bókhaldstölur búa sýni stórar fjárhæðir.

Tími er bara eitthvert teygjanlegt hugtak sem fer eftir veðri og vindi, kringumstæðum og skapi.

Það er líka, nefnilega, svo að sumir menn fatta ekki að þeir eru löngu farnir á hausinn vegna þess að þeir fatta ekki að bókhaldið er bara rugl.

Rassvasabókhald, ruglbókhald, og engin klukka, er allt annað en traust fyrirtæki þar sem viðskiptafræðingar vita hvað þeir eru að gera, vita hvað klukkan slær, vita að rétti tíminn er eini tíminn sem blívur og kunna að hugsa. Svo er sumt í þjóðfélaginu sem getur ekki farið á hausinn -- reddað með sjóðum og tryggingum. Svo annað sem bókstaflega er skattþínt í stað þess að hlúð sé að vaxtarbroddinum og framtíðarmöguleikunum þess.

Hægri er alltaf að vonast til að Sæmi hringi. En ekkert gerist.

Hægri hringir aftur norður. Krakki á Hrakhólum (annar bróðir Leifs en sá sem svaraði áðan) svarar: *-Halló.*

-Er þetta á Hrakhólum?

-Já.

-Er Finnur inni?

-Nei. Hann er einhvers staðar.

-Einhver fullorðinn?

-Nei, þau eru einhvers staðar.

-Koma þau bráðum?

-Ég veit það ekki.

-Geturðu tekið skilaboð? Hvað ertu gamall?

-Sex.

-Viltu biðja Finn að hringja suður, þegar hann kemur inn?

-Já.

-Kannstu að skrifa?

-Já. Lumma kenndi mér það.

-Kannstu að skrifa (-- Hægri höndin stafar hægt, einn og einn staf í einu):

-H,

R,

I,

N,

G,

J,

A,

-

Í

-

Æ,

G,

I.

Kannstu að skrifa alla þessa stafi?

-Já, segir krakkinn í símann.

Krakkinn hlustar en er ekkert að skrifa, enda var hann spurður hvort hann kynni að skrifa.

-Ég heiti Ægir. Ægir í Reykjavík.

-Já.

Fyrir utan hús Sæmundar Sæmundssonar er BMWinn, svo og annar bíll splunkunýr 4x4 jeppi, sem stendur fyrir framan bílskúrinn. Fyrirtækið bókstaflega verður að hafa jeppabíl til þess að komast vestur að fylgjast með gangnagerðinni. Þjóðverjarnir treysta á þá.

Sæmi hringir ekki í Hægri, sem ekki er von því hann er uppi í fjalli eins og hinir að eltast við lambrollur sem sluppu.

-Ætli við verðum ekki bara að skreppa norður? segir Pálína. -Það er eina ráðið til að ná honum örugglega fyrir mánudaginn. Og kjörið tækifæri til að prófa nýja 4x4 torfæutröllið á sveitavegunum.

-Jáh. Það er líklega ráð, segir Hægri. -Ég skrepp bara norður. Þú mundir þá vera svo góð að taka til öll gögnin, svo allt verði tilbúið fyrir fundinn. Ég tek aðeins samninginn með til að Sæmi geti lesið hann og undirritað.

Pálína verður mjög vonsvikin við þessi orð Hægri.

Hún sagði „við“, „ætli við verðum ekki bara að skreppa norður?“

En hún segir ekki neitt. Hún veit að það ríður á miklu að allt verði til fyrir mánudaginn.

Hægri leggur frá sér stressarann, og þessa nýju úlpu (keypta í Reykjavík), á forstofugólfið meðan hann reimar nýju stígvélin sem hann keypti sér.

Hann tekur úlpuna, og annars hugar drífur hann sig út í bíl. Annars hugar.

Pálína er ein á skrifstofunni. Hún horfir út um gluggann gegnum stórisinn.

Hægri höndin -- með góðu reykvísku vetrarúlpuna í fanginu (--ekki hlæja--) -- stígur upp í splunkunýja 4x4. Hann lítur ekki upp í gluggann. Hann er allur með hugann við vinnuna. Hann er ekki einu sinni montinn af nýja bílnum. Bíll er jú aðeins til þess að komast á milli staða á og á að vera þægilegur, kraftmikill, í góðu standi og ekki bensínlaus.

Hann ekur brott.

Pálína stendur hreyfingarlaus við gluggann.

Hún er að berjast við grátinn. Enda er hún þreytt og vansvefta.

Sæmundur Sæmundsson eldri kemur -- hljóðlaust á þykkum teppunum -- inn um opnar dyrnar inn á skrifstofuna. Í fyrstu tekur hann ekki eftir Pálinu, en allt í einu sér hann hana þarna, hreyfingarlausu við gluggann. Hún snýr baki í hann. Sæmundur snarstoppar:

-Pálína!

Hún lítur ekki við. Hann gengur til hennar:

-Pálína mín.

Sæmundur gengur til hennar. Hún lítur upp og maskarinn er allur lekinn niður undir augun.

-Elsku Pálína mín! Þú grátandi!

Sæmundur Sæmundsson tekur um axlir henni.

Pálína fer að hágráta. Hann tekur upp vasaklút og þurrkar maskarann sem er lekinn útum allt í kringum augun. En þetta gerir illt verra. Maskarinn makast enn meir út um allt.

-O - o, segir Sæmundur. -Ég er ekki efnilegur förðunarmeistari.

Hann huggar Pálinu. Þau standa þarna við gluggann.

Hann róar hana og spyr hvað sé eiginlega að.

4x4 jeppinn er í umferðinni á Miklubrautinni á leið út úr bænum. Hægri er viðutan. Allt í einu finnur Hægri út að hann hefur gleymt stressaranum. Lagði hann frá sér í forstofunni, tók úlpuna, gleymdi pappírnum, aðalatriðinu!! Hann snýr við, í U-beygju, við næstu ljós.

Sæmundur Sæmundsson huggar Pálinu við gluggann á skrifstofunni. Pálína kjókrar örlítið enn og er með örlítinn ekka.

Sæmundur Sæmundsson heldur utan um Pálinu. Róar hana.

-Mig langaði svo með.

-Já en, hvers vegna sagðirðu það ekki, Pálína? Þú ert nú ekki í vandræðum með að koma þínum skoðunum frá þér á skiljanlegan hátt, elsku vinkona mín.

-Ég stakk upp á að við færum norður.

-Af hverju sagðirðu það ekki aftur? Hærra? Skýrar? Ha?

-Það er ekki hægt. Pappírarnir verða að vera tilbúnir í fyrramálið.

-Pappírar, pappírar, pappírar, segir Sæmundur Sæmundsson og dæsir. -Við erum eitt allsherjar pappíra..... pappírs-Pésar.

Pálína brosir ögn, og Sæmundur hlær og segir að hún líti út eins og klón með allan þennan maskara í taumum niður kinnarnar. *-Hvers vegna í ósköpunum færðu þér ekki tear-proof? Jæja. Þið farið bara í ferðalag, þegar Þjóðverjarnir eru farnir, elsku Pálína mín. Þú færð nýja 4x4 torfæutröllið okkar hvenær sem þú vilt. Þið farið út á land og horfið á fegurð miðnætursólarinnar einhvers staðar uppi á fjöllum.*

Við erum nú ekki fædd í gær, Pálína mín. Við reddum nú hverju sem er með einhverjum ráðum.

Manstu þegar við vorum í Verzló. Öll saman?

Og við fjögur erum ein samloka ennþá. Og við hölum inn peninga og hölum inn peninga, við þrjú: þú, Hægri --eilífdarkærustuparið-- og ég. -- En mín heitt-

elskaða, minn betri helmingur, fegurðardrottningin í Verzló, hún gefur þá alla út aftur.

Fullkomið jafnvægi.

Það hefði nú sossu engin önnur en hún getað staðið í að temja svona hrossabrest eins og mig.

Og engin önnur en þú afborið okkar ómissandi Hægri hönd. Hann er gulls ígildi, þrátt fyrir alla galla

Hægri kemur inn í forstofuna á húsi Sæmundar Sæmundssonar ehf. Þar stendur stressarinn einn og yfirgefinn. Hann tekur stressarann. Ákveður að kasta kveðju að Pálínu og segja henni að hann hafi þurft að snúa við á Miklu-
brautinni vegna þess að.....

Gengur hratt í átt að skrifstofunni. Ekkert fótatak heyrir á þykkum teppunum.

Sæmundur syngur í eyrað á Pálínu: *-Pálína, na, na, pála pála Pálína ...*

Sæmundur snýr baki í dyrnar. Pálína er svo miklu lágvaxnari en hann að hún sér ekki yfir öxl hans og andlit hennar kúrir við brjóst hans.

Hægri kemur í dyrnar -- ætlar að fara að lyfta upp hendi sem kveðju og segja eitthvað, en snarstoppa, þegar hann sér faðmlögin þarna við gluggann, hættir við að segja nokkuð, snarsnýr sér við og haskar sér úr dyrunum, all-
hvass á svip.

Hægri gengur hratt fram í forstofu, að útidyrnum og snarast út í fússi.

Frúin hans Sæmundar Sæmundssonar gengur hröðum skrefum að skrifstofudyrnum. Hún heldur á pappírnum og er að lesa um leið og hún gengur.

Frúin kemur í dyrnar á skrifstofunni með pappírana sína. Snarstoppa og horfir: Séð frá dyrunum er Sæmundur, baksvipur hans, ruggandi til hliðanna, raulandi Pálína na na Pála Pála Pálínaaaa, en kögurpilsíð sem Pálína er í, og enginn hefur tekið eftir, dillar fram og til baka við fætur hans, og sést í það til skiptis hægra megin við fætur Sæmundar, vinstra megin við fætur Sæmundar.

Pilsíð er aðeins kögur, ekki neitt efni, og dillar til og frá, sést hægra megin við fætur Sæmundar Sæmundssonar

sést vinstra megin við fætur Sæmundar Sæmundssonar
sést hægra megin við fætur Sæmundar Sæmundssonar
sést vinstra megin við fætur Sæmundar Sæmundssonar
sést hægra megin við fætur Sæmundar Sæmundssonar
taktfast við hreyfingarnar til hliðanna og sönginn sem hann sönglar: -....pála pála
pálína na na.....

Frúin stendur með pappírana í hendinni.
Augu hennar fylgja hreyfingum kögursins til hægri og vinstri til skiptis.

*-Ha? segir Sæmundur án þess að sjá að frúin er í dyrunum að horfa. -Sitja bara saman
tvö ein, og horfa á miðnæturfegurðina. Saman tvö og halda svona hvort utanum annað --
þegar allt þetta Þjóðverjavesen er yfirstaðið.
Og kannski eitthvað meira.
Pálína er farin að hlæja.
Þau rugga taktfast.*

Ekki von að náist í Finn í símann. Hann er uppi í fjalli.

Ef við vissum hvaða rómantík er í uppsiglingu, sæjum við fyrir okkur Lummu í hvítum,
slæðubúningi með laust hár, og Sæma í einhvers konar Hróa Hattar búningi. Við
sæjum fyrir okkur senu, mjög væmna, óskýra eða eins og út úr fókus, eða loðna, og
hún yrði sýnd í sló-mósjón, hægt og eins og óraunveru-
leg -- og væmin kvikmynda-fiðlutónlist héldi öllu saman.
Lýsingin væri gult sólskin, og birtan kæmi á móti okkur í gegnum glitrandi lauf
bjarkanna og í gegnum gagnsæ svífandi föt Lummu og hárið hennar yrði eins og

gullvíravirki sem hossaðist upp og niður þegar hún hlypi eða svífi, --- hægt, því allt væri í sló-mósjón.

Lumma og Sæmi eru á sama grasbalanum, hlaupandi hvort á móti öðru, en þó er nokkur fjarlægð á milli þeirra.

Lumma hleypur (svífur) frá hægri til vinstri (í mynd), með handleggina út í loftið, einog með útbreiddan faðminn.

Sæmi hleypur (svífur) frá vinstri til hægri (í mynd, séð frá okkur), opnum örmum, og þau hlaupa, með þessum svífandi og óraunverulegu hreyfingum hvort á móti öðru, og við bíðum þess að þau hlaupi hvort til annars og mætist. Fljúgi hvort til annars, blakandi handleggjavængjunum sínum.

Lumma hleypur / stekkur opnum örmum frá hægri til vinstri (frá okkur séð).

Við heyrum hund gelta.

Sæmi hleypur /stekkur/svífur -- frá vinstri til hægri, með faðminn opinn,

Við heyrum kindajarmur.

Lumma hleypur frá hægri til vinstri, sveiflar örmum. Hálfpartin eins og dansar, hoppar, flýgur.

Sæmi frá vinstri til hægri, svífandi.

Lumma frá hægri til vinstri.

Hundur geltir mjög mikið.

Sæmi hleypur/svífur frá vinstri til hægri.

Við finnum fyrir sæluvímu ástarleiks.

Lumma kallar: *-Þegiðu, Sæmi ! Þegiðu !*

Sæmi (Finnur) hleypur/svífur frá vinstri til hægri.

En nú nenum við þessu ekki lengur og komumst niður á jörðina. Allt fer í eðlilegan hraða. Þau eru að reka rollur. Viðvaningslega. Hlægilega hálfvita-
lega. Greinilega borgarbörn sem kunna ekki á svona fyrirbæri, íslenskt sauðfé, en það flokkast í undirtegundina: villtustu húsdýr í heimi, íslenskt sauðfé. Fé sem engan veginn vill láta stjórna sér eða reka sig.

Fyrir klaufaskap missa þau allar rollurnar. Hundurinn Sæmi gerir meira ógagn en gagn. Féð hleypur upp í fjall. Hundurinn Sæmi er dæmigerður óuppallinn hundur, sem hefur ekki einu sinni vit á að skammast sín þegar hann gerir ógagn. -Þegiðu helvítíð þitt, hefur engin áhrif á hann.

Lumma og Finnur gefast upp.

Þau setjast á þúfu.

Hundurinn leggur sig í góða veðrinu eftir mislukkaðan rollurekstur.

Þau kasta mæðinni.

Fossinn fyrir ofan, og fossniðurinn, gera staðinn mjög ákjósanlegan fyrir samtalið sem hér er að hefjast. Vindurinn hreyfir brumaðar greinarnar á kjarrinu. Sólin vermir ögn. Fyrsta vorsólin.

Byrjun samtalsins er hallærisleg, því Finnur er að reyna að komast að efninu, sem við vonum að sé bónorð.

Þau sitja á þúfu. Hundurinn sem hefur sofnað í góða veðrinu. Nei, þykist sofa, en er í raun að horfa á Lummu. Hann er alltaf að bíða eftir að hún nefni nafnið hans. Það er hans himnaríki á jörð. Hún virðist segja Sæmi oftár en nokkur annar í hans hundalífi. -
- Engu líkara en Lummu finnist óskaplega gaman að hann skuli heita Sæmi.

Finnur horfir líka á Lummu: *-Lumma.*

-Jamm. Hún er hér.

-Ég þarf að segja þér svolítið.

Lumma lítur í kringum sig. Allt í kringum sig, afturfyrir sig líka. *-Ertu að tala við mig?*

-Lumma.

-Jamm. Fjandans, að rollurnar sluppu. Nú fáum við skömm í hattinn, - skammir í húfurnar. Heppin að vera berhöfðuð, maður.

-Ég er hrifin af þér, Lumma. Hlustaðu aðeins, Lumma.

Ég er að hugsa um a.....

Sæmi er svo vel upp alinn að hann hættir alltaf í miðri setningu þegar einhver annar byrjar að tala. Lumma grípur fram í: *-..... að við fáum okkur eitthvað að borða og förum*

að komast í bað. Eigum við ekki að fara að gá að blessuðum húsbóndanum og finna út hvernig skapið er og hvernig bakið er og svoleiðis?

Lumma ætlar að standa upp, en Finnur tekur í handleg hennar. *-Hlustaðu aðeins, Lumma.....*

-Ég er farin að hlakka til að fá eitthvað að borða og komast í bað. En þú?

-Viltu giftast mér?

Flytja til Reykjavíkur?

Finnur, í Hróa Hattar búningi (væmna ímyndunarsenen okkar aftur) krýpur á kné fyrir framan Lummu, sem er með laust hárið og í slæðubúning og situr á þúfu (sbr. væmnu senuna áðan). Sólin glitrar í laufi bjarkanna, niður fossins fyllir vorloftið, og fuglarnir syngja, hundurinn þegir með háflukt augu, rollurnar eru farnar úr í buskann, því rollureksturinn fór í hund og kött og út í veður og vind.

Finnur krýpur fyrir framan Lummu, horfir í augu hennar, roðnar (einsog í gömlu sögunum).

Lumma er í stökustu vandræðum.

Hrói Höttur krýpur á kné fyrir framan hana, heldur hönd hennar í sinni.

Hann lítur upp í augu Lummu, sem er allt of gleiðfætt til þess að vera í þessum ímyndaða slæðubúningi sitjandi á þúfu og eflaust orðin rassblaut, því enn er vor.

Lumma (í slæðubúningnum) horfir niður á Finn krjúpandi, og segir:

-Þú ert nú eiginlega ekki neitt efni í bónda. Þú yrðir algjör hokrari.

Meira vinnur strit en vit hér. Til Reykjavíkur? Ertu að fara suður?

Finnur er auðvitað alls ekki krjúpandi fyrir framan Lummu, sem er auðvitað í sínum venjulegu sveitafötum. Gleiðfætt eins og venjulega. Þau sitja bara þarna hlið við hlið og Lumma er í klípu.

Finnur er auðvitað alls ekki í Hróahattarbúningi, heldur vinnuskyrtu og gömlum skítugum gallabuxum.

En Lumma starir enn vandræðalega framfyrir sig. Lítur svo á Finn:

-Noh! Það skipti bara engum togurum,.

Hún dæsir. Tekur á sig rögg og heldur áfram:

-Finnur. Hlustaðu.

Ég verð að tala í einlægni.

Ég get ekki haldið áfram að ljúga upp hundrað afsökunum.

Fallegir menn eiga að eiga fallegar konur.

Það nægir ekki að kaupa á mig falleg föt. Ég er og verð alltaf lumma.

Ef fallegur og ríkur maður á svona lummu, halda allir að hann sé leiðinlegur, eða heimskur, eða leiðinlegur og heimskur.

Fallegur, ríkur, skemmtilegur og greindur maður, hlýtur að eiga fallega konu. Þú sérð það sjálfur.

Hún talar af sér.

Hvernig veit hún að hann er ríkur?

Það rennur upp fyrir Lummu, að hún talaði af sér.

-Lumma? segir Finnur hissa eftir dágóða þögn.

-Finnur.

Fyrirgefðu.

Ég hefði ekki átt að gera þér þetta.

Lumma horfir afsakandi, en asnalega pínulítið brosandí, á Sæma.

-Ég hef eyðilagt heilt sumar fyrir þér.

Mitt yndislegasta sumar.

Ég njósnaði um þig - í bænum.

Enginn má sköpun renna, þú veist.

Eins og gömlu gæjarnir sögðu.

Aftur verður dágóð þögn.

-Vissirðu --- vissirðu allan tímann - ?? .. Ertu ekkert, ekki minnstu vitund ... ?

- ... hrifin af þér? bætir Lumma við.
Hún veit hvað vantaði aftaná setninguna.

-Finnur hlustaðu.

Þú myndir kaupa á mig kjóla, voða flotta og dýra, en ég liti alltaf út eins og lummulegur labbandi fataskápur.

Ég þjáist ekki af greinilegum kólesterolskortri, eins og þæjurnar í Reykjavík.

Ég er miklu smartari - ef smart skyldi kalla (!) - í sveitamannatúttum, Sæmi, Sæmundur yngri Sæmundsson, heldur en á háhæluðum skóm. Þú hlýtur að sjá það sjálfur.

Jú, ég var yfir mig ástfangin af þér, og þess vegna fylgdist ég með þér og vissi að þú fórst hingað. Ég elti þig hingað, Sæmundur.

Hundurinn er þykjustusofandi í grasinu við fætur Lummu. Hann opnar augun þegar hann heyrir nafnið sitt. Hundurinn elskar Lummu og athyglina sem hann fær, og kleinurnar og klattana sem hún laumar út.

Jafnvel nennir hann að reisa aðeins upp höfuðið og hallar undir flatt.

-Fætur eru til að hlaupa á, heldur Lumma áfram, -- -á eftir þessum yndislegu me me -- en ekki fyrir aðra til að horfa á.

Þögn.

Fegurð staðarins nýtur sín.

Við sjáum lækinn, fossinn, kjarrið, fjöllin, fegurð Háholasveitar þegar skaflarnir í giljunum gera gys að vorsólinni. Þeir eru þykkir og harðir. Hún elskar allt og vekur allt með kossi. En Vetur konungur er ekkert lamb að leika við á nærri 66° norður. Hann hlær kuldalega í fjöllunum, meðan nálin gægist upp úr sverðinum og veit að sumardagurinn fyrsti tákna ekki sumarkomu.

-Sumir eru fæddir með silfurskeið í munninum, Sæmi. En sumir eru það ekki. Þeir hafa önnur ráð til að bjarga sér. Það er auðvelt að vera góður og heiðarlegur og áhyggjulaus og hreinskilinn þegar maður þarf engar áhyggjur að hafa af neinu.

Ég njósnaði. Ég njósnaði um þig. Ég var svo hryllilega hrifin af þér.
Ég njósnaði um þig í Reykjavík. Ég var að deyja úr ást til þín.

Ég óskaði þess á tímabili, hér, hér á Hraðhólum, að þú værir bara Finnur fjósamaður, með engan aur nema þennan á hlaðinu eftir að fjóshaugurinn rann, hljóp yfir hlaðið. Þú ert svo hallærislega góður strákur. Ég held bara að uppeldið hái þér hrapa-
lega. Stelpur þola ekki svona ógeðslega kurteisi. Þær vilja að vísu vissa riddaramennsku.
--- Þú þarft að eignast hefðarmey.

Karlmaður á að uppfylla ferns konar dýrseðli handa konum, Sæmi minn:

Þeir eiga að vera tigrisdýr í rúminu,
og asnar til að borga reikningana.

Hitt tvennt var víst:

að skaffa mink í fataskápinn
og jagúar í bílskúrinn.

Mér er sama um minkinn, - vil alveg eins úlpu, - jagúarinn?---- vil alveg ein dráttarvél,
-- asnann? -- Það reddast alltaf þetta með reikningana. Það er sko þetta með
-- - tægerinn.

Ég á bíl, þarf ekki Jagúar,
og lopapeysu, þarf ekki mink,
get borgað fyrir mig sjálf.

Þarf ekki annan asna til þess.

Sumar vilja að karlmaður uppfylli svona ferns konar dýrseðli: Skaffa og skaffa. Ég veit eiginlega ekki hvað er mesta dýrseðlið af þessu fernu. Dýrin eru miklu heiðarlegri. Þau eru bara eins og þau eru.

Ég hlakka til að vera í heyskapnum.
Ég hef aldrei fundið lykt af nýpurkaðri töðu.

Ég hlakka til sumarsins - hér.

Ég lærði í skólanum - í Reykjavík - að mjólkinn komi úr kúnum, en í skólabókunum er ekki ilmurinn af kúakúknunum, sem angar úr hárinu á manni.

Ég litaði mína kú græna, með græn júgur og rauð horn. Ég vissi ekki þá að kýr hafa svona falleg augu.

Ég vissi ekki að það er hægt að hlaupa berfættur í mýrinni og verða ryðgaður á tánunum.

Það verður hallærisleg þögn.

Lumma rausar áfram. Kannski til þess að lina þjáninguna. Tala sig út úr þessu. Hún vissi að að þessu gæti komið, en var að vona að það yrði aldrei. En hún finnur í gegnum sársaukann og samviskubitið hlýju, sem gerir henni kleift að tala. Hann bað hennar í raun og veru. Það er bara ekki hægt. Það hljóta allir að sjá það. Það yrði aldrei hægt. Kannski vissi hún það allt frá upphafi.

-Við erum falleg skrautleg fiðrildi.

Ég sá fallegt skrautlegt fiðrildi.

Maður eltir fiðrildi og eltir það og eltir.

Maður heldur að það sé hægt að setja það á tituprjón og hafa það til skrauts.

En lífið getur ekki verið kyrrt á tituprjóni.

Kannski er fiðrildið í manni bara svona sálin í manni?

Kannski er betra að vera slímug púpa en skrautlegt fiðrildi.

Maður hlakkar til að þorna í sólinni og flögra í logninu, leita skjóls í rokinu, með skrautlega vængi, sem gleðja augu manna.

En menn hafa gaman af að blása. Blása á fiðrildi.

Gættu þín á mönnunum, fiðrildi.

Lumma niðurlút, döpur.

-Já en, -- tafsar Sæmi,
-hvernig
....gastu vitað, að ég fór hingað ??

-Ég á bróður.
Hann er snillingur í rafeindatækni, og getur hlerað í símann hjá fólki, samtöl og svoleiðis, hann getur farið inná útvarpsrásir og enginn skilur hvernig hann fer að þessu. Og svo hlær hann bara.
Æ, Sæmi. Ég var svo hrifin af þér. Ég elska þig, en bara á annan hátt en þá.

Hundurinn sem nennir ekki að vakna lítur upp, á Lummu. Leggst svo aftur fram á lappir sínar, og raunar oná lappirnar á Lummu líka. Ef hann skyldi sofna í sólarylnum, yrði hann var við þegar hún stendur upp.

-Hann er svolítið skrýttinn, hann bróðir minn, og getur ekki farið í tækniskóla. Hann, sko, þú skilur, svona, eh, er ekki eins og fólk er flest. Heitir víst van-
gefinn en er ofviti á sviðum. Hann er alveg með svona hluti á hreinu. Jafnvel klárari en þessir lærðu í rafeindatækni, því sumt sem hann gerir -- eins og það að tala allt í einu í útvarpið hjá nágrannanum -- það á ekki að vera hægt.

Hann útbjó hlerunarútbúnað.....

.....á hvern einasta glugga í húsinu ykkar.

Pálína örlagavaldur.

Kannski er eitthvað af hljóðnemum þar enn. Við náðum ekki að ná því niður. Hægri kom spriklandi út. Við stukkum á bak við öskutunnur. Hann missti af okkur. Hjartað barðist í brjósínu á mér svo hátt að ég hélt að hann myndi heyra það þar sem hann stóð rétt við okkur þar sem við kúrðum, móð og mäsandi í öskutunnuskýlinu. Ég var hræddust um að Snilli færi að gera eitthvert sprell og koma upp um okkur.

Lumma situr hnípin og súr.

Sæmi getur ekki verið henni reiður. Sæmi verður aldrei reiður. Kannski er hann ekki einu sinni sár. Bara hissa.

Það verður enn lengri óþægileg þögn.

-Hvers vegna gerði ég þér þetta?

Ég var svo skotin í þér.

Þú vissir ekki að ég var til.

Ég hlakka til vetrarmyrkursins hér fyrir norðan, Sæmi,

þegar fölgræn skíma

fæðist handan fjalla

og dagurinn er aðeins

morgunn

og kvöld

á hvítum hnúkum í suðri.

Engin götulýsing

til að skemma stjörnuhimininn

og norðurljósín.

Við hér fyrir norðan förum ekki að tala um snjó fyrr en húsin fara á kaf.

Sæmi og Lumma sitja þögul og stara fram fyrir sig.

Þetta er óstjórnlega erfitt og hallærislegt.

-Allan tímann þóttist ég vera vön sveitastörfum. Var að leiðbeina þér sem

kaupstaðabarni. Allt sem ég sagði er haugalygi eins og það leggur sig. Ég lifi í lygavef og

uppspuna. Ímyndaðu þér kónguló sem er að flækjast í sínum eigin vef! Hallærislegt

fyrirbæri. Ég er bara snögg að fatta, slá ryki og ljúga mig út úr hlutunum. Þykist þá bara

hafa verið að grínast --- þegar allt annað þrýtur. Kunni ekki að umgangast dýr, aka

dráttarvél, fara í vaðstígvélum í haughúsið en ekki í strigaskóm, kunni ekki að gefa kálfinum sullið sitt, stundum svo heppin að engin sá til mín. Ég vildi ekki láta komast upp um þá staðreynd að ég kunni ekkert til verka.

Ég er fædd og uppalin í Reykjavík, svo það var ekki skreyti að ég hef ekki komið þangað nema einu sinni. Fæddist þar einu sinni og fór aldrei í nein ferðalög þaðan. Heimilisaðstæður leyfðu ekki þannig sport. Þeir sem þurfa alltaf að bjarga sér sjálfir læra að bjarga sér sjálfir.

Lumma dæsir.

-Ég er búin að hitta nokkrar feitar stelpur hér í sveitinni, og við ætlum næsta vetur, þegar lítið er að gera, að hafa eins konar saumaklúbb þar sem við förum í megrunarleikfimi. Við ætlum að æfa ballett, Sæmi, og setja upp Svanavatnið, sýna það í félagsheimilinu og leyfa allri sveitinni að hlæja úr sér magann. Ímyndaðu þér margar klossaðar sveitalummur að dansa svani við undirleik Sergeis Vladimirs á einn dýrasta flygil á Íslandi á þessu litla sviði. Að minnsta kosti erum við búnar að hlæja að hugmyndinni. Og gettu þrisvar hver spilar á flautu.

Stundum er feitt fólk svona alltaf í góðu skapi og tekur sig ekkert hátiðlega.

Þessar mjóu þæjur eru bara leiðinlegar í samaburði við feitabollulummur.

Auðvitað vissi ég að mamma þín hafði hringt í Áshildi flautusnilling þegar þú varðst var við hæfileikaríkan ungan flautuleikara í Afdölum, Sæmi.

Finnur að fara frá Hrakhólum. Hann ætlar að vinna við göng fyrir vestan í sumar.

Hægri höndin er á leið norður að hitta á Sæma. Hann náði ekki sambandi og engin skilaboð komu. Hann bara dreif sig á nýja 4x4 norður. Tók með sér úlpu, var nærri búinn að gleyma stressaranum.

Hann er ekki hress með að Sæmundur, vinur hans, er að faðma Pálinu, kærustuna hans, þegar þau vita (/halda) að hann sé ekki í bænnum.

Dúrrí, Björn og Pétur litli eru að keyra norður með Leif. Leifur ætlar að vera fyrir norðan í sumar, heima á Hrakhólum, frekar en fá vinnu í bænnum. Hann ætlaði að vísu ekki norður, en fyrst þau voru að missa vinnumanninn ákvað hann að fara heim og rusla heyskapnum af og drífa í þessu margmargumrædda véltæka haughúsi.

Það er yndisfagur júnímorgunn.

Sviðið er hlaðið á Hrakhólum.

Nú kemur hver á fætur öðrum, allt í kraðaki einsog í öllum góðum försum:

Lumma opnar fjösdyrnar, búin að leysa kýrnar á básunum.

-Jæja, kusur mínar, segir Lumma. -Þá förum við beljurnar að kjaga út á tún í góða veðrinu og skiljum fjósafýluna eftir í fýlu hér inni í fjósi, þar sem hún á heima. Við erum útidýr en ekki innipúkar.

Kýrnar koma út úr fjósinu. Það er verið að hleypa þeim út í fyrsta sinn eftir veturinn. Þær hlaupa einsog kálfar, frelsinu fegnar, skvetta til afturlöppunum, og Lumma skellihlær.

Ekki stendur í neinum skólabókum þéttbýlisbarnanna að virðulegar mjólkurkúr hegði sér svona einsog fífl!

Krakkarnir á Hrakhólum hlæja líka, þótt þau sjái þenna kúadans og frelsisgleði á hverju vori.

Finnur kemur út með ferðatöskuna sína. Leggur hana á hlaðið rétt hjá bíl Lummu. Hún ætlar að skutla honum oní sjöppu. Rútan kemur kl.11.

Húsfreyjan og húsbóndinn koma út á hlað.

Húsfreyjan knúsar Finn og segir innilega: *-O, þú kemur örugglega til okkar einhvern tíma, góði minn.*

Og Lumma bætir við og hlær: *-og færð þönnukökur í gestastofu, en ekki skonrok í eldhúsinu eins og við sveitamennirnir.*

Finnur kveður húsfreyju og krakkana með kossi og húsbóndann með handabandi.

Bíll Dúrríar og Björns rennir í hlað.

Út stíga: Pétur, Leifur, Dúrrí og Björn.

Fagnaðarfundir.

Litlu systkin Leifs hlaupa til Leifs. Sá yngsti er þínulítið feiminn við Leif, því það er svo langt síðan hann sá hann síðast.

Bjargþrúður kemur út á hlað. Leifur ætlar varla að þekkja litlu systur, því Lumma er búin að setja í hana permanent. Flétturnar horfnar. Og hún er í þunnu sægrænu pilsí. Með bleikan varalit. Orðin þæja. Hún er útitekin og hárið hefur lýstst.

Pétur horfir á krakkana og krakkarnir horfa á Pétur.

Kýrnar eru farnar að bíta vornálina þarna við hlaðið eftir að hafa skvett rækilega úr klaufunum, og farnar að tvístrast.

Kvenfólkið talar.

-Góðu, ætliði ekki að fara að reka beljurnar, krakkar? segir húsfreyjan.

-Við tímdum ekki að sofa í nótt, segir Dúrrí. -Fegurðin var slík. Við sátum og horfðum á miðnætursólina í þrjá tíma í nótt.

Við fleyttum kerlingar í spegilsletttri lítilli tjörn, og miðnætursólin speglaðist og glitraði í henni. Hvílik fegurð!

Ég var að spyrja Leif hvernig hann tímdi að fara úr slíkri fegurð.

-Það koma nú aðeins fimm svona dagar á móti hverjum 360 hinsegin, segir Lumma.

Dúrrí hlær. Svo Lumma heldur áfram af sinni alkunnu málsnilld:

-Það koma svona dagar. Og þá er enginn tími til að standa og glápa á það. Þeir gera annað við blíðuna bændurnir hér en að glápa á himininn. En það er sko nógur tími til að standa við gluggann og horfa á glórulausa norðlenska stórhrið

-- stara út í glórulausan sortann -- dag eftir dag í heimskautamykrinu.

Fara svo út um strompinn og moka frá dyrunum þegar slotar, og leita svo að fjárhúsunum og gegna, leita að óslóðuðum vegum með blásara á dráttarvélinni. En það er ekkert stress. Bara leiðinda endalaus vinna.

Dúrrí skellihlær!

-Leifur minn, þetta er hann Finnur, segir mamma Leifs. -Gaman að þið skylduð hittast aðeins.

Leifur og Finnur takast í hendur.

Við sjáum þá einsog spegilmynd, þeir speglast hvor í öðrum.

Lumma truflar þá, enda hafa þeir ekkert að segja:

-Ertu nokkuð búinn að glutra niður vöðvunum þarna í aumingjaskapnum fyrir sunnan, Leifur? Varstu ekki bara að naga kúlupenna? Við hérna erum með vöðva- og vaxtarræktardellu.

Leifur horfir á Lummu.

Andlitið er svolítið kunnuglegt. Hvar sá hann þessa stúlku?

Lumma man vel að hún sá hann á Umferðamiðstöðinni, rauðhærðan og hallærislegan, og Snilli spilaði Svanavatnið og stríddi þeim í hátalaranum.

Sæmi og aðrir á þessum bæ eru hins vegar öllu vanir af Lummu hálfu og kippa sér því ekki lengur upp við neitt af því sem veltur uppúr henni.

Björn og Dúrrí vita ekki að Lumma er að hitta Leif í fyrsta sinn. Talar maður svona við þann sem maður hittir í fyrsta sinn?

-Ertu ekki duglegur að vinna annars? bætir Lumma við, og bætir enn gráu oná svart með: -Okkur vantar vinnudýr. Svona jálka, þú veizt.

Björn tekur töskur Leifs út úr skottinu á bilnum.

Einn litli bróðir Leifs er að lyfta töskum Leifs og Finns. Það gerir kraftadellan. Hann víxlar töskunum. Enginn veitir því athygli.

Lumma sækir sinn bíl.

Hún setur töskur Leifs í staðinn fyrir töskur Finns inn í sinn bíl. Finns (/Sæma) taska verður eftir á hlaðinu.

Fólk talar og þvælist.

Loks fara Lumma og Finnur með tilheyrandi veifi og blessi.

-Komum að reka kýrnar með krökkunum, Pétur, segir Dúrrí. -Maður tímir ekki að fara inn í svona góðu veðri.

Bjargþrúður bakar pönnukökur því það eru komnir gestir.

Húsfreyjan, mamma Leifs, reynir að fá alla inn í kaffi, en Dúrrí vill endilega reka kýrnar í góða veðrinu.

Dúrrí og Pétur fara því með krökkunum að reka beljurnar.

Björn og húsbóndinn, pabbi Leifs, röлта um í góða veðrinu og rabba

-- eitthvert karlatal um síðustu ráðstafanir ríkisstjórnarinnar.

Lumma keyrir Sæma á rútustoppið í Háhólasveit.

Hún keyrir inn á planið við sjoppuna og bílaverkstæðið.

Lumma kyssir Sæma á kinnina í kveðjuskyni.

Lumma og Finnur/Sæmi sitja þegjandi í bílnum.

Finnur segist bara bíða úti. Hún skuli fara.

Hann veifar til Lummu.

Hún bakkar, snýr bílnum við, veifar, og rekur þá augun í lopapeysu Finns/Sæma í aftursætinu. Hún teygir sig eftir peysunni, ætlar að fara að stoppa, en hættir við. Hún setur peysuna upp að andlitinu á sér. Lyktar af henni. Hættir alveg við að kalla í eigandann. Hún knúsar peysuna aðeins. Hún ætlar að nota hana sjálf.

Veifar brosandí til Finns -- sem bíður eftir rútunni suður.

Sæmi ráfar aðeins um á planinu.

Landróver með hestakerru aftaní er inni planinu fyrir framan bílaverkstæðið.

Valkyrja er á kafi í viðgerðum á Landróvernum. Hún lítur upp, skimar í kringum sig.

Rekur augun í Finn. Kallar:

-Hey, þú þarna, hvað heitirðu aftur, þú þarna á Hrakhólum?

Finnur. FINNUR.

Pumpaðu kúplinguna fyrir mig.

Hann pumpar kúplinguna á Landróvernum, en Valkyrja, á kafi í húddinu, reynir að gera við.

Strákurinn Palli á bílaverkstæðinu kemur út á plan: *-Passaðu þig á henni. Hún temur gradda. Hún á langa svarta svipu, með s-v-o-n-a löngu skafti og s-v-o-n-a löngu bandi, og það heyrast ögrandi smellir.*

Hún vill ekki fá lánaðan jeppann minn.

-Æ, góði Palli þegiðu, frussar Valkyrja útúr sér, hálf á kafi oní vélinni. -Ég hef ekki hugsað mér að borga það sem þú setur upp.

Pumpaðu, þú þarna, Finnur. Settu í afturábak.

Finnur leitar að afturábakgír.

Hann tekur ekki eftir að rútan kemur, enda sést lítið fyrir hestakerrunni.

Þar sem enginn farþegi er sjáanlegur, enginn gerir sig líklegan til að vera á leið suður, ekur rútan brott.

Finnur sér í skottið á henni þegar hún ekur áleiðis suður. Hann stekkur út úr Landróvernum, reynir að hlaupa og kalla, en rútan er farin. Sorrí.

-Pumpaðu betur, Finnur. Ég er að fara á Vindheimamela. Þú nærð í rútu þar.

Hægri höndin, sem er á leið á Hrakhóla, ekur framhjá rúrustoppinu á leið uppeftir.

Hann er á 4x4 jeppa Sæmundar Sæmundssonar ehf, en Sæmi þekkir ekki þennan nýja bíl fyrirtækisins. Hægri sér ekki Sæma sem situr þarna inni í einhverjum aflóga Landróver með hestakerru aftaní, og Hægri brunar áfram á Hrakhóla. Uppeftir.

Valkyrja gætir að hestunum í kerrunni.

Landróverinn skrönglast loks af stað frá rúrustoppinu, niðreftir, í áttina að Vindheimamelum. Í honum eru Valkyrja og Finnur (Sæmi). Hestakerran er aftaní. Valkyrja er að fara að keppa.

Lumma hefur ekið hægt heim á Hrakhóla aftur. Kemur í hlað um sama leyti og Dúrrí, Pétur og krakkarnir á Hrakhólum koma úr göngutúrnum, sem þau fengu sér við að reka kýrnar.

Björn og húsbóndinn eru enn á hlaðinu að rabba með hendur í vösum, asalausir.

Mófulgatíst heyrir í kyrrðinni.

Það er vor í lofti. Hér ríkir kyrrð -- þrátt fyrir allt þetta kraðak af fólki sem þvælist hér til og frá í þessari asnalegu sögu.

Kyrrð -- þar til húsfreyjan á Hrakhólum kemur út á hlað og er að bjóða öllum inn í kaffi, sem Björn og Dúrrí þiggja -- inni í gestastofu.

Nú heyrir í bíl sem kemur upp traðirnar.

Það er Hægri á 4x4 sem rennir í hlað. Hann stígur út úr bílnum.

Lumma er rétt í þessu að koma útúr sínum bíl á hlaðinu.

Hægri höndin horfir á Lummu. Hefur hann séð hana einhvers staðar? Hann man nú, að þessi sama hugsun skaut upp kollinum þegar hann kom hingað síðast.

-- Tölum sem minnst um þær hrakfarir sem hann lenti í þá. Þetta með benzínlausan bílaleigubíl og húslausan traktorinn. Nú er hann á bíl sem ekki klikkar, og í góðum stígvélum, og best af öllu: Sæmi ætlar loksins að koma heim og standa sig við eftirlitið fyrir vestan.

-Ég ætlaði að ná tali af Finni, segir hann við Lummu.

-Finnur er farinn með rútunni suður. Núna áðan. Þú hefur áreiðanlega mætt henni eða séð hana á rútustoppinu við sjoppuna.

Hægri höndin horfir framan í Lummu, skyndilega alvarlegur, hugsir og rannsakar.

Lumma horfir beint í augu Hægri handarinnar, alvarleg.

Það rennur upp fyrir Hægri hvar hann sá þetta andlit. Lumma finnur hvað hann er að hugsa. Hún stendur kyrr og horfir beint í augu hans.

Veggjalúsaeigendurnir!! Hægri sér fyrir sér þegar hann hljóp út í garð á inniskónum og ætlaði að ná þeim sem voru að paufast í garðinum, og reyndust hafa misst hluta af hlerunargræjunum á flóttanum.

Andlit Lummu. Þetta andlit, sem leit upp. Þessar tvær klunnalegu verur sem gufuðu upp. Eins og jörðin hefði gleypt þær.

Raunar kúrðu þau, Lumma og Snilli vangefni bróðir hennar, þarna á bak við öskutunnurnar, hreyfingarlaus með hjartslátt og Hægri fann þau ekki. Stóð þarna eins og asni, glápanði í kringum sig. En gafst upp og trítlaði fúll inn aftur á inniskónum. Og hringdi sennilega á lögguna til að fá skýrslu á málið.

Hægri höndin horfir enn á Lummu þarna á hlaðinu á Hrakhólum. Hann er mannglöggur og minnugur maður.

-Þú finnur ekki Sæma hér, segir Lumma ákveðið. -Hann er nýfarinn suður.

Hundurinn Sæmi situr á hlaðinu og hallar undir flatt. Hann veit ekkert yndislegra í þessari veröld en að heyra Lummu segja „Sæmi“. Allir aðrir höfðu sagt það bara til að skamma hann. Þangað til Lumma kom. Nafn hunds er nefnilega alltaf á Íslandi skammaryrði í hans eyrum.

Hans hundalíf er nokkuð gott. Þegar kallað er á hann til að gera eitthvað heyrir hann ekki. Þegar kallað er á hann til að éta sínar ruður, heyrir hann.

-Sæmi er farinn suður aftur, segir Lumma.

Sæmi dinglar skottinu.

-Ég fann Finn, bætir Lumma við.

-Má bjóða þér inn í kaffisopa, Hægri? spyr Lumma.

-Þakka fyrir, ég var nýbúinn.

Hann ætlar að fara að segja eitthvað, en hættir við það.

-Ætli ég aki ekki í bæinn þá.

Vertu blessuð.

Hægri höndin fer í sinn 4x4 á borgarbúatempói -- í algjöru ósamræmi við kyrrðina í sveitinni og göngulag Björns og bóndans þarna áðan.

-Eru engin leiktæki hérna?, spyr Pétur.

--nm--nm- (sem þýðir nei), svara krakkarnir.

-Eða körfuboltakarfa?

--nm--nm--

-Mark?

--nm--nm-- -- jú, róla í hlöðunni.

-Við getum farið í fornmannaleik, segir einn pollinn. Hann hleypur af stað. Hann snarast á bak dráttarvélarhúddinu, setur gömlu rekkjuvoðina á herðarnar, og þeysir mikinn, með skrúbbuskaft að vopni.

Pétur starir rannsakandi á hann og fitjar uppá nefið og hallar undir flatt.

-Þetta er leikræn tjáning, segir Lumma. -Kanntu það ekki?

Ertu alinn upp á cart-go í Laugardal, og kannt ekki að leika þér?

-Það heitir go-cart, leiðréttir Pétur, -og er fönn.

-Fjör, leiðréttir Lumma.

-Það er róla í hlöðunni

-Róla? segir Pétur með fyririlitningu. Pétri finnst það nú bara vera fyrir smábörn.

Krakkarnir hlaupa úti hlöðu. Hann drattast á eftir.

Rólan í hlöðunni er í löngum löngum böndum frá sperrum eða vaglbitum niður að gólfi. Hlaðan er nærri því tóm. Rólan sveiflast með ótrúlega lítilli tíðni í langar langar sveiflur.

-Leyfið Péttri. Hann hefur aldrei prófað.

Þetta er eins og að fljúga. Pétur kitlar í magann.

-Getum við ekki sett upp nokkrar rólur í viðbót og rólað öll í einu? dettur Péttri í hug. -Við getum til dæmis fengið tógið úr pabba bíl. Það er margir metrar.

Seinna leita Dúrrí og Björn að Péttri. Hann er hins vegar ekki tilbúinn til að fara heim. Péttri dettur í hug að fá að verða eftir á Hrakhólum og koma með Leifi í haust.

Hann segir, ófeiminn, við húsfreyjuna: *-Heyrðu. Má ég fá að vera hérna soldið?*

-Vera? O, ætli nú ekki það, góði minn, ef mamma þín leyfir þér. Hva, -- munar ekki mikið um einn.

-Þú verður settur beint í fjósið að moka skít, beljukúk, -- svona búllsjitt, þú veist, segir Lumma.

Pétur hikar aðeins.

-Það er allt í lagi. Maður verður sterkur af að moka, segja krakkarnir.

-Kraftæfingataekjasalurinn FJÓS - ókeypis aðgangur að fullkominni vaxtarrækt... OG ! ALLIR ! MEÐ !, -- hvort sem þeir vilja eða ekki. Hrak-kraft.

Dúrrí spyr: *-E - er það hægt?*

-O, ætli nú ekki það, segir húsfreyjan á Hrakhólum. -Ætli það muni nú mikið um einn. Ætli þú eigir ekki þetta inni hjá okkur bara, góða.

-Ertu ekki með fullan poka af tölvuspilum úti í bíl, Pétur minn? Gefðu krökkunum. Gefðu krökkunum einhvern tölvuleik. Þú átt svo mikið af þessu.

Pétur nær í pokann og réttir Gutta.

-Þurfum við ekki að borga ykkur þá eitthvað fyrir að hafa barnið?

O, ætli þú eigir það nú ekki inni hjá okkur.

-Ég kem bara með Leifi í haust, segir Pétur æstur.

Í Sjoppu við Þjóðveginn fyrir norðan.

Skritið, en jeppi Sæmundar Sæmundssonar ehf stendur ekki á planinu.

Hvað hefur komið fyrir jeppann? Splunkunýtt farartækið?

Hægri höndin situr einn við borð, með stressarann sinn í kjöltunni.

Hann dæsir. Hann er þreytulegur, áhyggjufullur, syfjulegur og ekki beint kátur.

-Blessaður. Ertu að fá þér bita?, er spurt fyrir aftan hann.

Hægri höndin á ekki von á að neinn sé að ávarpa hann, svo hann tekur ekki eftir. Enda er þarna fullt af sumarklæddu ferðafólki sem nýtur góðviðris, eða öllu heldur fer í ferðalag sem er aðallega fólgið í því að keyra og keyra og keyra og fara í sjoppurnar á leiðinni að kaupa djönk og nammi og gos. En það kemur nú ekki þessari sögu við. Önnur þjóðfélagsádeila.

Björn og Dúrrí eru með bakka að leita sér að sæti, og það er Björn sem kannast við Hægri og heilsar honum.

Hægri lítur loks upp, er lengi að átta sig. Hann er með hugann við morguninn eftir, er þreyttur, búinn að fara fyluferð norður, og vill bara að þessi bílaleigu-bíll fari að koma.

Hvaða bílaleigubíll??!!

Var Hægri ekki rétt áðan á splunkunýjum túttujeppa??

Jú,

en,

þegar Hægri fór frá Hrakhólum á leið til Reykjavíkur, stoppaði hann í sjoppunni þar sem bílaverkstæðið er og félagsheimilið, til að taka bensín.

Alexandra Bernadetta hin fagra, systir Sergeis Vladimirs, dældi á bílinn.

Hægri hafði aldrei séð fegurra fljóð.

Þar sem hann stóð þarna og horfði á heillandi fegurð stúlkunnar sem vann þarna, og kom sér þess vegna ekki inn til að borga, kom Sæmi auga á hann, úr fjarlægð (hjá verkstæðinu), þótt hann þekkti raunar ekki nýja jeppann.

-Hægri!!, kallaði Sæmi!! -Ég vissi ekki að þú ætlaðir að sækja mig. Gott að ég sá þig. Er þetta nýji jeppinn?

Hægri leit við og sá Sæma á planinu alllangt frá, við forljótan Landróver með hestakerru aftaní.

Hægri gekk því yfir til Sæma, feginn að sjá að hann hafði ekki týnt honum.

Sæmi spurði Hægri hvort hann mætti ekki fá jeppann því hann ætlaði að hjálpa Landróvereigandanum að koma þessum hrossum á Vindheimamela.

Ekki að vita hvernær hann gæfist upp, Landróverinn sko.

Hægri sá ekki betur en að þessi skítugi strákur (sem raunar var Valkyrja) gæti sjálfur séð um sín hross.

Hvort Sæmi væri í sífelldum björgunarsveitarstörfum hér á þessu krumma-skuði?

Hamingja Hægri yfir að finna Sæma var því skammvinn.

Hann borgaði fögru stúlkunni inni í sjoppunni.

Og:

Sæmi keyrði Hægri á þennan áningastað sem hann nú situr á, allfúll á svip. Sæmi bað Hægri um að panta sér bara bílaleigubíl og komast í flug í bæinn.

Sæmi sagðist ætla á mótið, kæmi svo í bæinn -- á nýju græjunni.

Hægri, fúll, hringdi til Pálinu, sem svaraði ekki fyrr en eftir dúk og disk, móð og mäsandi, skellihlæjandi: *-Við Sæmundur liggjum hér á skrifstofugólfinu, ég í kögurpilsinu með maskarann útum allar kinnar, orðin kafrijóð í kinnnum. Neðsta skúffan í stálskápnnum, nefnilega, var föst inni og við erum að reyna að losa hana neðanfrá!!*

Hægri fékk engan botn í þetta sem Pálina var að segja, en mundi aðeins eftir þessu faðm lagi hennar og Sæmundar þegar þau töldu hann vera farinn úr bænum.

-Pálina, sagði hann snubbótt, -Sæmi er að fara á einhverja Vindamela á hestamót, en ég kem með flugi í kvöld. Þarf að biðja þig um að sækja mig á Reykjavíkurlflugvöll. Ég hringi þegar vélin lendir.

Svo Hægri situr hér í sjoppu fyrir norðan og biður eftir bílaleigubíl.

-Við ætluðum aðeins að fá okkur í svanginn, segir Björn við Hægri. -Við drukkum meira en dagskammtinn af kaffi á bæ í Háhólasveit í morgun svo við erum í mjólkinni núna.

Hægri höndin rankar við sér.

Hann sprettur á fætur. Hægri réttir fram höndina. Hálfmissir stressarann úr kjöltu sinni.

-Þetta er konan mín, Dúrrí.

Dúrrí burðast við að reyna að halda á bakkanum með vinstri hendi og losa þá hægri, Björn að hjálpa henni, Hægri höndin patast eitthvað líka með stressarann sinn.

Þau koma sér saman um að sleppa handabandinu.

-Þetta er, eh, segir Björn, og ætlar að kynna manninn fyrir Dúrrí, -heyrðu, ég veit nú bara ekki hvað þú heitir - þetta er hægri höndin í fyrirtæki Sæmundar Sæmundssonar hf, - ekki rétt? Við höfum sést einhvers staðar.

Hægri nikkar kurteislega til Dúrríar: *-Ægir Þórðarson.*

Dúrrí og Björn líta í kringum sig. Öll borð eru upptekin.

-Gerid þið svo vel. Viljið þið ekki bara setjast hér? segir Hægri.

-Varstu búinn?

Dúrrí sest. Svo setjast þeir.

-Ég er nú eiginlega að reyna að láta leita að bílaleigubíl handa mér.

Vinur minn fór á bílnum á hestamót, en ég þarf að mæta á fund í fyrramálið.

Við líka! segir Dúrrí. -Við neyðumst til að brenna í bæinn -- í rigninguna --. Við þurfum að mæta í fyrramálið klukkan átta. Þetta eru Þjóðverjar. Þeir eru svo duglegir að vakna á morgnana. Þeir mæta örugglega fimm mínútur fyrir átta.

Við vorum svo heppin að hafa bezta tilboðið í alla mötuneytis- og gistipjónustu við gangnagerðina sem verið var að bjóða út fyrir vestan.

Hægri höndin lítur á Dúrrí. Hann vaknar allur úr doðanum.

-Og við tímdum ekki að sofa í nótt, heldur Dúrrí áfram, -síðast liðna nótt, -- vegna veðurs. Orðin svolítið framlág. Við verðum að skiptast á við að aka suður í nótt svo við getum blundað til skiptis.

Hægri höndin er greinilega að hugsa um annað en syfju, gott veður og fallett útsýni. *-Það var „vakað vegna veðurs“ síðast liðna nótt, heldur Dúrrí áfram. -Það er fallett hér fyrir norðan í góðu veðri og miðnætursól.*

Í rigningunni fyrir sunnan er menntóklíkan á Bömmernum í 101.

Sæmi ríki er víst enn í London.

Hvað er hann að gera, drengurinn?

Skyldi hann vera með gott húsnæði? Við gætum kannski heimsótt hann til London?

Lárviðar talar við sjálfan sig. Ekki í fyrsta sinn: *-.....Við tókum þetta ekki til okkar því trúbadorinn talar táknmál, dulmál, sem okkur vantar lykilinn að. Lykillinn er þroski. Hann -- lykillinn, sem er þroski -- er í vasa okkar. Innanávasanum. En við skiljum ekki því við finnum hann ekki.*

Við lærum bara að bjarga okkur. Lærum ekki að þroskast.

Þeir sem þurfa að bjarga sér, læra að bjarga sér.

Neyðin kennir allsberum manni að stela og lötum manni að ljúga.

En þeir sem fæðast með silfurskeið í munninum hafa ráð á að vera sakleysislega heiðarlegir á svipinn og fatta ekki lífsbaráttu hins örvæntingafulla allsbera manns.

Þeir sem vaða í kvenfólki þurfa ekki að tala, en útlitið kennir ljótu skáldi að bulla mikið.

-Jesús! Lár-us Við-ar !!!, segir ein stelpa. -Hvernig nennirður þessu?

-Nei, segir Lárviðar. -Ég er ekki Jesús. Bara rausandi slompað skólaskáld. Og það rignir mikið þessa dagana í höfuðborg landsins okkar. Allar þessar stéttir okkar

stéttaskiptingarlausu þjóðfélags biða eftir að það rigni peningum. En tilfinningar okkar mannanna eru einar og hina sömu hvort sem við fæðumst í fjárhúsi, erum lögð í jötu og alin upp í flórnum, á þessari öld eða fornöld, eða fædd með silfurskeiðina í tannlausum munnum, dekurdukkur. Við lifum fyrir að bjarga okkur -- og björgum okkur til þess að lifa. Hinn fagri vítahringur lífsins.

Öll menntun okkar gengur útá að næla sér í pening frá samborgurunum.

Skítt með þroskann, skítt með sálina.

Á Vindheimamelum bætist við fólk. Og hestar.

Sveittir hestar sem koma yfir hálandið í hundraðatali. Ef ekki hundrað-þúsundatali. Og bílar af öllum stærðum og gerðum. Tjöld. Krakkar. Gamalmenni. Mótsstemmning.

Sæmi, sem Valkyrja kallar auðvitað Finn á Hrakhólum, lofar Valkyrju að keyra í samfloti við hana ef Landróverinn skyldi pissa út. Hún er búin að skrá Blakka-Tý til keppni og vill sko alls ekki klúðra því með þessari helvítis Landróverdruslu stopp á leiðinni, einsog hún frussar því útúr sér.

Já, það styttnir ekki upp fyrir sunnan dag eftir dag en bongó fyrir norðan. Blokkarklíkan í Breiðholti, sú sem Leifur var í í fyrra, klíka sem alltaf lifir og hrærist í sínu blokkarhverfi, nema þegar skroppið er í 101, fær skritið tilboð, því í vinnunni hjá Gumma á dekkjaverkstæðinu er hestamaður, karl, sem segir við Gumma: *-veistu um einhverja sem vilja notfæra sér ókeypis far í hálfþómri rútu á hestamannamót fyrir norðan.* Og það var bara hoppað á það í bríaríi.

Þau eru ekki með neitt tjald eða neina svefnpoka. Það gerir kannski ekkert til. Veðrið er svo gott og sólskin alla nóttina.

-Hvað erum við að gera hér?

-Ég veit það ekki. Þetta bara heitir Vindamelar. Hvernig á ég að vita hvað við erum að gera hér?

-Nú. Við erum á hestamóti.

-Til hvers ?

-Það veit ég ekki.

-Nú, var ekki rigning í Reykjavík? Og það er ekki rigning hér.

-Hvað ertu að rífa þig? Horfðu á hestana. Til þess erum við hér.

-Vitið þið nokkuð hvað snýr fram og aftur á þessum farartækjum?

-Já já. Höfuðið fram, skottið aftur -- drif á öllum fjórum; - afturdekkinn geta sparkað.

Þau setjast niður í grasið innanum aðra mótsgesti.

Einhver knapi er að ljúka keppni.

Það er tilkynnt í hátalara á þessu venjulega hátalaramáli: *-Bárður í Skarði og Frigg hafa lokið sínu. Dómarar sýna nú brátt stigin.*

Næst inná völlinn er Valkyrja úr Álfhól í Afdölum á Blakka-Tý.

Jónði horfir oná skeiðvöll. Hann er sýnilega mjög upptekin af, og hrifinn af, því sem hann horfir á. Hestar eru fallegar skepnur.

Hinir krakkarnir hafa engan áhuga á keppninni.

Gummi tekur upp vasapela: *-Þetta er nefnilega stöðutáknið á svona svæði segir karlinn sem vinnur á dekkjaverkstæðinu með mér. Hann gaf mér þennan fullan af hvannarrótarbrennivíni.* Gummi sýpur á. Réttir Jóna -- sem er of upptekinn við að horfa á svartan hest og knapa sem ætla að fara að hlaupa í hringi þarna niðurfrá. Strákurinn hnippir í Jóna, sem má ekkert vera að því að súpa á einhverjum vasapela. En aðrir eru til í það.

Jóna starir oná skeiðvöll.

Valkyrja er glæsileg á Blakka-Tý.

Jóna stendur upp. Hann horfir stöðugt oná völlum. Hann fer nær til þess að sjá betur.

Sæmi (/Finnur) horfir á Valkyrju keppa. Þetta er ofsalega fallett.

Strákaleg sem hún jü er, og kjaftfor, sísparkandi frá sér strákum, einsog hún sé meira á ætt við hrossin sín en mennina, breytist hún í glæsilega álfa-drottningu þegar hún er komin á bak.

Aðskorinn tandurhrein keppnisgallinn gerir hana dömulega. Kvenlega og spengilega, sem hún er nú kannski ekki beint í sínum drullugalla með sinn venjulega fýlusvip og sóðakjaft að losa sig við ástleitna stráka.

Sæmi er í alvöru yfir sig hrifinn af Valkyrju á Blakka-Tý. Fögur sjón. Það er töggur í þessari stúlku, og hún er glæsileg svona hrein og fin á baki.

Valkyrja lýkur hringnum.

Lófaklapp.

Valkyrja teymir hestinn út af vellinum.

Finnur (/Sæmi) gengur til móts við hana og segir þetta hafa verið glæsilegt.

-Ekki hvað síst þér að þakka að vera öryggisnet, til þess að ég kæmist alla leið, svarar hún. Og Valkyrja brosir! Sæmi hafði ekki gert ráð fyrir að Valkyrja brosti nokkurn tíma, því ekkert virtist komast að hjá henni annað en hennar eigin frekja og hestarnir hennar. En hún brosti. Enda frammistaða Týs góð.

Jóna kemur þarna að, sogast einsog fluga í ljós, að Valkyrju.

Valkyrja er með hugann við hátalarann og væntanlega stigagiöf, og teymir hestinn sinn áfram án þess að taka eftir Jónða.

Sér ekki Jónða

-Góðan daginn. Fyrirgefðu - og til hamingju með frammistöðuna, segir Jónði við Valkyrju.

--- -Mér er sagt að þú kennir á hesta.

Valkyrja virðir Jónða ekki viðlits.

Jónði gengur við hliðina á Valkyrju hálfpartinn á hlið til að reyna að ná athygli hennar.

Hún er með allan hugann við hestinn sinn, keppnina og frammistöðuna.

-Mig nefnilega langar svo til að læra á hestbak, eða svoleiðis - læra að fara á hest, segir Jónði.

-Þetta var glæsilega gert, Valkyrja, segir Finnur.

-Takk, segir hún.

-Það fallegasta sem ég hef séð, segir Jónði. -Kennir þú á hesta? Ég er ofsalega klár að moka -- -- eða get lært það -- ef þig vantar hjálp. Ég er sko að leita mér að vinnu í sumar.

Valkyrja hefur ekki svo mikið sem litið í átt til þessa rausandi stráks. Hún er orðin leið á að hann eltir hana og hreytir út úr sér í áttina til hans: *-Æ, góði, þeg.....*

Hún lítur aðeins á Jónða um leið og hún spýtir orðunum frekjulega út úr sér, en þagnar í miðju orði.

Valkyrja horfir á Jónða. Hún er ekki vön að þagna í miðju orði. Ekkert getur truflað hana. En nú.....

Valkyrja horfir í augu Jónða, greinilega dolfallin af sjarma hans, þótt hún haldi þóttalegu viðmóti sínu og fasi --- eða reyni það að minnsta kosti --- þessu venjulega kalda viðmóti sem hún temur sér gagnvart gaurunum.

Jónði gengur hálfpartinn á hlið og reynir að halda athygli Valkyrju. Jónði brosir. Hann geislar af sjarma og fegurð.

-Og þú átt kannski jeppa með kúlu og krók og drifi á öllum, og hvað það nú er allt saman? segir Valkyrja. *-Það er nú bara það sem mig vantar en ekki strákafífl til tefja mig -- þótt þeir þykist kunna að moka.*

*-Neinei, að vísu ekki, viðurkennir Jónði og brosir hallærislega afsakandi.
-Mig langar bara svo mikið til að prófa að fara upp á hestbak. Læra það. Ég viðurkenni að ég er eins og álfur úr hól í þessum efnum.
-Ósköp hlýtur að vera erfitt að vera strákur, segir Valkyrja. -Það er svo mikið framboð af þessu strákastóði. Og þið eruð svo ánægðir með ykkur.
Framboðið er svo miklu meira en eftirspurnin, að það væri hægt að hafa útsölu á ykkur.*

Jónði skellihlær. Þá er hann fallegr en nokkru sinni.

Valkyrja gjóar augunum á Jónða, þótt hún vilji ekki vera við það. Hún hefur ekki hugsað sér að eyða tíma í stráka. En nú er eins og eitthvað gerist. Hún klappar Tý enn einu sinni: *-Þú stóðst þig vel, karlinn minn, fagri blakki Týr*, segir hún við hestinn sinn. Þeir einir, hestarnir, verða blíðu aðnjótandi frá henni.

Á Tómasarhaga 85, Reykjavík, kemur Gúffi, kátur, nærri því dansandi í göngulaginu, út úr húsinu með ferðatöskur. Lætur þær í bílinn, í skottið. Hann hleypur undan rigningunni og rokinu.

Krúkki kemur út með ferðatöskur. Lætur þær hjá Gúffa, sem setur þær í skottið.

Dúlla kemur út með handtösku og hattöskju. Lætur það hjá Gúffa, sem lætur þær í aftursætið.

Krúkki fer inn og nær í síðustu töskuna, lokar húsinu. Lætur töskuna hjá Gúffa sem lætur hana í framsætið í bílbelti.

Krúkki sest í bílstjórasætið.

Dúlla og Gúffi fara inn í bíl aftrí.

Dúlla og Gúffi kyssast beint á munninn með mmmmmmm og smelli.
Hnattreisan, eða eitthvert ferðalag á suðrænar strendur. Oh, hve Dúlla hlakkar til.

Hægri fær að sitja í hjá Birni og Dúrrí í bæinn, og þau ákveða að vera mjög ókurteis öll þrjú og sofa í stað þess að halda uppi kurteisislegum innihalds-
lausum samræðum. Aka til skiptis.
Þau þurfa aðeins að ræða þjónustu við göngin, svo þetta kemur vel út. Þau verða að vakna í fyrramálið, hvað sem tautar og raular.

Að mótinu á Vindheimamelum loknu aka menn brott, og ríða brott. Engum liggur í raun neitt á. Það gerir veðrið.
Valkyrja setur hestana sína í kerruna. Finnur ræsir 4x4. Bakkar að kerrunni.
Enginn Landróver? Nei hann komst ekki alla leið.
Valkyrja sezt framí hjá Finni -- og Jónði spyr hvort hann megi ekki fara með. Hann fær að setjast aftur í 4x4 jeppa Sæmundar Sæmundssonar ehf.

Þau koma að þar sem Landróverinn stendur, bilaður, í vegarkantinum. Glussinn lak af. Það mátti svosem búast við því. Helvítis draslið. Varahlutahrúgubrotjárn á hjólum. Nú er Valkyrja aftur komin í sitt venjulega andfélagslega skap.

En Jónði skellihlær. Brotajárnsbíla þekkir hann vel. Margur bíllinn skárri en þessi hafa lent í pressunni.

Næsta sena:

Finnur/Sæmi ekur 4x4 túttujeppa Sæmundar Sæmundssonar efh. Hann er ekki neitt skellihlæjandi. Nei, bara frekar sviplaus.

Aftaní 4x4 er Landróverinn í togi.

Þar í sitja Valkyrja, við stýrið, og við hlið hennar Jónði. Þau virðast skemmta sér konunglega.

Hestakerran er svo aftan í Landróvernum. Það er ekið á 30. Skrönglast. Allir fara framúr þeim. Valkyrja litur í bakspegilinn annað kastið til að fylgjast með hestakerrunni.

Framhurðin á Landróvernum opnast. Jónði skellir. Hurðin opnast. Jónði skellir. Valkyrja fleygir baggabandi til Jónða. Hurðin opnast. Jónði skellir hurðinni. Byrjar að binda.

Runan ekur löturhægt í Háhólasveit. Það er langt frameftir fram í Afdali.

Þau fá sér bita tvisvar á leiðinni. Enda er þetta margra tíma ferð.

Þegar Sæmi ekur framhjá félagsheimilinu í Háhólasveit ákveður hann að fylla enn á tankinn hjá Vladimir Sergej, sem afgreiðir bensínið þar.

Albert Pétur, litli bróðir Vladimirs, er að leika sér rétt hjá bensíndælunni. Hann er ótrúlega líkur Vladimir. Svona vasaútgáfa af honum. Fallegur strákur.

Hann hefur orð á að bíll sem dragi bíl sem dragi hestakerru sé svolítið fyndið.

Vladimir Sergej kemur út til að afgreiða bensín á 4x4. Hann er kátur að sjá Finn: - *Komdu blessaður og sæll, Finnur. Ert þú kominn á góðan bíl?*

Grannir fingur Vladimirs Sergeis stinga í stúf við kuldabólgulegar hendur annarra manna á þessum slóðum.

Finnur brosir: -*Já. Hann er góður þessi. Fyrirtækið á þennan.*

Valkyrja fer út úr Landróvernum og gætir að hestunum.
Jónði stígur út og teygir sig. Hann er léttklæddur í góða veðrinu. Flottur strákur, Jónði.
Það eru ekki allir fæddir undir þessari stjörnu að vera kvenngull frá náttúrunnar hendi.

Albert Pétur skoðar 4x4 á túttudekkjum gaumgæfilega, gægist inn í hann:

-Flottur þessi, maður!

Vladimir Sergei dælir bensíni á 4x4: *-Fylla?*

-Já, takk. Ég þarf að aka upp í Afdali og svo suður.

-Er það ekki næsti bær við óbyggðir? segir Vladimir Sergei og brosir.

-Það eru tónleikar í kvöld, Finnur, heldur hann áfram. -Má bjóða þér að hlusta á hljóðfærið þitt?

Systir mín átti átján ára afmæli um daginn og ég sagðist ætla að gefa henni tónleika í afmælisgjöf. Það þykir henni vel til fundið. Hún spilar einnig sjálf á hljóðfæri. Vel. Efnileg. Sæmi hikar.

-Ég, - ætlaði eiginlega að keyra suðurmæta í vinnu fyrir vestan.

Um andlit Vladimirs Sergeis breiðist kankvíslegt brosi: *-Ég er viss um að það verður hægt að setja aukastól fyrir þig í salnum.*

Sæmi brosir, og sér fyrir sér aðsóknina á klassíska tónleika í Háhólasveit.

Eins gott að hann reyni að fylla upp í salinn, úr því að hann er hér að þvælast.

Hvað munar um nokkra klukkutíma hér í tímaleysinu?

-Mér þykir vænt um þetta hljóðfæri. Ég gæti ekki skilið það við mig, segir Vladimir Sergei af sinni alkunnu háttvísi.

-Það er í góðum höndum. Og þessar hendur eiga það skilið.

Jónði og Valkyrja komast alla leið í Afdali, því Sæmi keyrir þau, með hestakerruna aftaní, en Landróverinn var skilinn eftir á verkstæðinu hjá Palla.

Hestarnir eru fegnir að sleppa úr kerrunni. Þeir fá gott klapp hjá Valkyrju.

Blokkarklíkan er strandarglópar.

Það fylgdi ekki sögunni að rútan, sem var hálf tóm, yrði þakkfull á suður-leiðinni.

Þau komast á puttanum með heyflutningabil í næsta þorp -- sem þau vita ekki hvað heitir. Menn eru svo hjálplegir í dreifbýlinu.

Hér er sumarlegt mannlíf.

Þau sjá sumarlega fjölskyldu fara úti stóran nýjan jeppling, frúin í bleikum þröngum buxum, nokkuð bossastór, í hvítum jakka og uppháum háhæla gullstígvélum sem ekki er hægt að renna alla leið upp því kálfarnir eru í stærra númeri en stígvélin; börnin tvö í nýjum sumarfötum, og þau eru sett í bílbeltin í aftursætinu.

Blokkarklíkan er svolítið utanveltu hér. Einsog gráar muskulegar verur sem passa ekki inni götummyndina. Öllu óviðkomandi hér. Þeim er einsog kippt útúr samhengi þegar þau eru ekki í blokkarhverfi í Reykjavík, sínu eiginlega umhverfi.

Þau eru sveipuð einhverju umkomuleysi og tilgangsleysi, eða þannig, einhverju, sem orð fá ekki lýst en er tilfinning ein saman.

Og Jóna vantar.

Þau röltu að bensínstöðinni sem virðist vera eini miðpunktur þorpsins.

Fjölskyldan í jepplingnum er einmitt í góðviðrisbíltúr á leið á bensínstöðina til að kaupa sér ís.

Það virðist vera jafnfljótlegt að fara þangað gangandi, því jepplingurinn kemur á planið um svipað leyti og klíkan fótgangandi. Líklega um 200 metrar.

Unglingarir í plássinu eru í stælfötum sem virðast hafa verið í tísku í Reykjavík fyrir ári síðan, og unglíngarnir á kráarölti í 101 láta ekki sjá sig í lengur. Tvær smástlepur eru á svo hælahaum stígvélum að göngulagið verður Frankensteinlegt.

Löggan kemur akandi í löggubílnum inná bílastæðið/bensínstöðina; er að spóka sig í magelighedskörsel í góðaveðrinu. Karllögga og kvenlögga. Löggan er nú laus við alla aðkomumenninna, mótsgestina. Slappar af.

Löggurnar fá sér ís og sleikja rólega, sitjandi í löggubílnum, og halda uppi kátum samræðum sem gætu verið um annað en löggæslu.

Flottur sætur fyrstaflokks drullugæi á algjörum togara sjænar drossíuna og tæmir öskubakkana í grasið.

Hér er litrík götummynd, eða frekar sjoppuplansmynd, en blokkaklíkan okkar, Jónðalaus, er eitthvert stílbrot, föl, muskuleg, umkomulaus, ráðvillt, peningalaus -- langt er heim í þeirra venjulega gráa blokkaumhverfi.

Annað kastið heyrir ámatlegt mjálm sem sker í eyru, en við tökum kannski ekki eftir því né setjum það í samhengi við eitt eða neitt.

En smátt og smátt fara einhverjir að hlusta, og mjálmið reynist koma frá háum auglýsingaturni benzínstöðvarinnar.

Jú, það er líklega kettlingur fastur þarna efst uppi og þorir ekki niður.

Sníglar koma á Harley, og ætla að pulsa sig. Fara inn að kaupa pulsu.

Þeir sjá að allir eru að glápa upp í þennan turn eða auglýsingaskilti, og auðvitað fara þeir líka að spekulera í þessu:

-Er þetta sími að hringja?

-Nei, alvöruköttur að hringja.

Gamall óhreinna bóndi kemur til að kaupa olíu á afgamla dráttarvél, úr tanki sem merktur er lituð olía.

Rétt á eftir honum keyrir 10 ára gömul sveitasmástelpa eldgamlan rússajeppe inná planið að lituðu olíunni,

12 ára sveitastrákpólli kemur á fólksbíl, næstur í röðinni, uppað lituðu olíunni, bóndinn dælir á dráttarvélinu, á bílinn og rússann, lítur aðeins í kringum sig.

Löggurnar sleikja ísinn sinn rólega, sitjandi í löggubílnum. Afslappaðar, taka ekkert eftir neinu nema hvort öðru og ísnum.

Bóndinn ákveður að redda þessu með kettlinginn í sjálfsheldunni, opnar silalega rússann að aftan og dregur út haglarann.

En Sniglarnir eru búnir að hlaupa á bakvið og ná í stiga, reisa hann upp við skiltið. Raunar er stigin aðeins of stuttur, svo Snigillinn þarf að fara alveg upp í efstu tröppuna til að geta teygst sig í kettlingin, sem hvæsir og læsir klónum í hönd bjargvættarinnar í skelfingu sinni.

Fólkið sem glápir heldur niðri í sér andanum af spenningsi, því Snigillinn í stiganum heldur kettlingnum mjúklega uppað sér, einsog kettlingurinn sé meira atriði en hann sjálfur þarna í háloftunum. og nú hefur hann aðeins aðra höndina til að halda sér -- hann á eftir að komast niður aftur.

Allir standa á öndinni. Hvernig ætlar þessi stóri feiti maður að komast niður?!

Löggan er búinn með ísinn og ekur brott afslöppuð, því þau voru of upptekin af sjálfum sé og ísnum til að taka eftir neinu.

Það var mikið klappað og hrópað þegar Snigillinn lagði skjálfandi kettlinginn varlega á malbikið -- og kettlingurinn stökk brott á ofsahraða og sagði ekki svo mikið sem takk.

-Hey!! Hvar er pulsan mín?!! Ég lagði hana á hnakkinn!!

Menn höfðu ekki tekið eftir að hundur stal pulsunni og var að klára hana skammt frá. Snigillinn fór inn að kaupa aðra.

Blokkarklíkukrakkarnir eru ekki með neinn pening.
Enginn peningur, engin pulsa.

Tvær smárútur stoppa á planinu.

Út stigur hópur af fólki, unglíngum, krökkum, fullornöðnum, sem eru í fornmannabúningum, sumir ríkmannlega klæddir og vopnaðir bronsuðum trésvörðum, aðrir í fátæklingafötum, allir óhreinir í framan og á höndunum. Fólkið er hávært, fer inni sjoppuna.

Gummi fer og talar við annan rútubílstjórann og spyr hvort þau (blokkarklíkan) fái far eitthvað áleiðis.

-Áleiðis hvert? Við erum nú að fara inni Fagradal, svarar bílstjórinn, -en ekki neitt í alfaraleið.

-Við erum einmitt að reyna að komast inni Fagradal, í fortíðina, sko, segir Gummi, -víkingatímabilið. -Er þetta nokkuð svona tímavél þannig að við lendum í fornöld í alvöru? Megum við kannski fá að sitja í hjá þér ef það er pláss?

-Það er ekki pláss, en þið megið alveg troðast í kösina ef þið viljið. Það eru engin sæti. Þetta eru propsflutningabílar.

Þau troðast í rútna með leikurunum, sem eru bara aukaleikarar, og troðfull rútan hrossast á slæmum vegi með þessa kös sem situr í hrúgu á gólfinu.

Auðvitað hlýtur að vera fallegt í Fagradal. En hvað þau í blokkarklíkunni eru að vilja þangað er nú ekki alveg á hreinu.

Rútan stoppar loks og allir troðast út, fegnir að rétta úr sér.

Krakkar sem eru þarna fyrir á svæðinu eru í fornmannabúningum, bærilega skítugir, og eru í fótbolta, aðrir sitja úti og rabba, eitthvað er um forneskjuleg hús þarna, sem eru greinilega hluti af leikmynd.

Stór rúta stoppar, og út koma erlendir túristar.

Þeirra á meðal amerískar konur í tandurhreinum ljósum fötum, gullsandölum, með litað hár og sætar, með barnsháa mjóa rödd.

Þessi rúta kemst ekki lengra, bíður þarna, en smárútur munu aka síðasta spölinn inn í Fagradal

Erlendu konurnar sem þurfa að fara yfir lítinn læk -- læk sem Íslendingarinn þramma yfir án þess að taka eftir segja hvellri röddu: *-a river !!! weeeee !! a river! and not birdged!!* -- og konurnar stikla á steinum með handleggina úti loftið. Þetta er mikið æfintýri í huga ferðalanganna.

Myndefni fyrir fokdýru myndavélar þeirra er þarna, þótt ekki sé alveg komið inn í sjálfan Fagradal:

Þarna eru fátæk börn, skítug, í ljótum fötum, í fótbolta.

Líklega búa þau í þessum alfóga húsum sem varla geta kallast manna-bústaðir.

Og mikið er myndað.

Einhver fin erlend dama kennir svo í brjósti um þessa fátæklinga sem eru að leika sér í fótbolta, að hún gefur þeim peninga í lófann.

Krakkarnir mótmæla: *-No, no, we play, we play in film. No, we play only.*

Frúin lætur sér ekki segjast, tekur um úlnliði --lófinn upp-- leggur peninga þéttingfast í lófa, lokar lófum ákveðið, og krakkarnir bara brosa og taka við, og segja *-thank you.*

Auðvitað vita góðu konurnar ekki að í stóra tjaldinu þarna eru dýrustu úlpur og dýrustu æfingaskór, og fullt af fokdýrum tölvuspilum til afþreyingar.

Blokkarklíkan fær hugmynd.

Þau læðast inní stóra tjaldið.

Þar er fullt af búningum og leikmunum -- og þar eru leifar af góðum mat!!
Þau háma í sig ókræsilega afganga, svo sem hálfnagaðar pizzuskorpur.
Svo klæða þau sig í larfa og óhreinka sig,

Gummi finnur blómakrans, setur á sitt höfuð, ekki ánægður með það, og smellir
kransinum á Bibí.

Bíbí röltir aðeins frá tjaldinu. Hvílik kyrrð. Hún gengur aðeins upp með læknum.
Svo sezt hún. Sezt við lækinn, heilluð af kyrrð og náttúruhljóðum.

Bíbí hefur ekki áður heyrt svona kyrrð, ekki séð svona stað.

Hún heyrir lækjarniðinn, örlítið seytli,

sér kónguló sem er í óða önn að spinna sinn vef, og er ekki bara ógeðsleg padda, einsog
allar svona pöddur hafa verið í hennar huga hingað til, heldur heillandi fyrirbrigði,
ótrúlegur vefari, og það glitrar á vefinn og ekkert virðist trufla hana.

Bíbí hlustar á fuglasönginn, heilluð. Sér litlu fuglana skjótast fram og til baka. Þeir
tísta bíbí bíbí. Bíbí brosir. Hún og þessir síkvikulu fuglar eru svo mikið eitt og hía sama
hér og nú.

Sólin merlar á yfirborði lækjarins.

Bíbí, alein þarna í sólskininu, í fátlingafötum frá liðnum öldum með blómakrans úr
plasti, svolítið skakkan, upplifir eitthvað sem hún hefur aldrei áður fundið. Fegurð og
seiðmagn náttúrunnar fær tímenn til að standa kyrran. Hún er það sem kallast
gagntekin. Þessi fegurð og tærleiki veldur
tímaleysi. Hún upplifir eitthvað meira en náttúruna: eru þetta Glæðheimar? Er þetta
eilífiðin sjálf. Hún rennur saman við náttúruna, einsog hluti af henni.

Þegar ferðafólkið kemur til baka að aðalrútunni sinni úr skoðunarferð í Fagradalinn, bera blokkarklíkufátæklingarnir sig aumlega á rútuþlaninu, betlandi pening, og fá einhvern slatta af erlendum smápeningum. Og önnur stór rúta er að koma.

Það stefnir í blómstrandi betl.

Ferðamenn taka myndir, einkum góðar konur sem vorkenna fátækum.
Vídeo sem sýna á heima: fátæklingar á Íslandi.

Litla athygli fær þó gömul kona í tötralegum fötum, sem kemur gangandi í nokkurri fjarlægð.

Góða ferðakonan tekur ekki mynd af henni. Tekur ekki eftir henni.

Gamla konan í töturunum gengur hokin að bílaþlaninu, að mótorhjól stóru sem þar er lagt.

Hún vippar sér á bak, ræsir hjólið, smellir hjálmi á höfuðið, brunar brott.

Góða konan með myndavélina starir orðlaus á.

Maður við hlið hennar segir svolítið stríðnislega: *-Þarna hefði nú verið gott myndefni!!*

En góða konan með vídeo-vélina var of hissa til að athuga það.

Nú of seint.

Blokkarklíkan okkar stendur sig vel í nýja hlutverkinu: fátæklingar á Íslandi

Allt í einu stendur Hrafn Gunnlaugsson fyrir aftan þau, alvarlegur og hvass-eygur, og horfir á þau rannsakandi.

Þau verða svolítið vandræðalega skömmustuleg.

-Komið, segir Hrafn, sem er greinilega vanur að láta hlýða sér og stjórna, og þau trítla af stað á eftir honum í átt að tjaldinu.

-Mig vantar ykkur, segir Hrafn. -Nokkrir dagar. Matur og einhverjir fáir peningakallar á dag á mann. Og hann horfir á þau bíðandi eftir svari.

Þau líta hvert á annað og glaðnar heldur yfir þeim.
Þau hafa allt í einu tilgang -- fyrir utan kaup og mat.

Þau fara inn í stóra tjaldið til að fá smink og búning, og eitthvað annað í svanginn en pizzuskorpuleifar.

Allt í einu verður einhver var við að Bibí er ekki þarna með þeim. Hvar er Bibí?
Þau fara út og kalla.
Og fá svarið „já“ einhvers staðar frá. Svo birtist Bibí. Augu hennar tindrandi og bros leikur um allt andlitið. Hún hafði gersamlega gleymt sér í náttúrunni.

Vladimir Sergei er í kjölfötum. Hann er fallegur maður.
Stólum hefur verið raðað í bekki í sal félagsheimilisins.

Sæmi(/Finnur) finnur út að hann er með vitlausa tösku!
Finnur(/Sæmi) sér í þessari vitlausu ferðatösku appelsínugula bindið sem Dúrrí gaf Leifi fyrir HótelHolt-fundinn.
Sæmi setur á sig þetta appelsínugula bindi og brosir aðeins.
Hann ætlar svo að skilja töskuna eftir hér, því í henni eru skólabækur sem líklega tilheyra Leifi á Hrakhólum.

Finnur mætir um leið og Vladimir Sergei, og þeir bíða tónleikagestanna.
Einhver er að koma.
Vladimir Sergei lítur fram að dyrum.
Sæmi lítur þangað líka.

Inn ganga hin yndisfagra Alexandra Bernadetta, systir Vladimirs, nýorðin 18, Albert Pétur sem lítur út eins og lítill prins í dökkbláum flauelssparifötunum og hvítri blúnduskyrtu, og með þeim er Raisa, barnfóstran. Þar á eftir staulast gamli maðurinn sem býr á þessum bæ. Hann hefur gaman af að heyra Vladimir spila á þennan flygil þarna. Í hans bernsku var eingöngu til fótstigið orgel.

Alexandra Bernadetta brosir til Finns/Sæma, sem stendur þarna dolfallinn yfir fegurð hennar.

Vladimir Sergei gengur til móts við systkin sín.

Sæmi er heillaður af fegurð þessarar goðumlíku veru sem svífur inn gólfið, nálgast, án þess að virðast snerta gólfið með nettum fótum sínum.

-Þetta er Finnur á Hrakhólum, sem ég sagði þér frá. Eigandi hljóðfærisins. Systir mín, Alexandra Bernadetta.

Sæmi heygir sig og kyssir hönd Alexöndru Bernadettu. Hún brosir, horfir í augu hans, þegar hann reisir sig upp. Það klæðir Sæma vel að hegða sér einsog hefðarmaður. Það er honum eiginlegt. Þau brosa öll að þessari glæsilegu framkomu.

-Bróðir minn, Albert Pétur.

Þið hafið sézt.

Albert Pétur stendur beinn og hefur hendur fyrir aftan bak. Það finnst honum fara vel við sparifötin. Hann horfir upp á Sæma og hneigir höfuð aðeins, en réttir ekki fram höndina.

-Barnfóstran okkar: Raisa.

Sæmi heilsar henni kurteislega með handabandi.

Þau setjast á fremsta bekk. Fleiri koma. Mönnum þykir gaman að þússa sig upp og hlusta á allt þetta tónaflóð sem maðurinn getur fengið útúr þessum svarta gljáandi flygli.

Útitekknir sveitamenn verða allt öðru vísi í sparifötunum en í venjulegu vinnugöllunum sínum.

Vladimir Sergei spilar á flygilinn.

Byrjar á Liebestraum Listzs.

Sæmi og Alexandra Bernadetta sitja hlið við hlið á fremsta bekk, Albert Pétur við hlið hennar, við hlið Alberts Péturs situr Raisa.

Allt er nú hvítt og bjart, óraunverulegt, í þessum annars drungalega félagsheimilissal. Einhverra hluta vegna verður allt svo ósegjanlega fallegt í huga Sæma. Þessi tónlist. Návist Alexöndru Bernadettu. Framkoma hennar svo eðlileg og fágúð.

Honum finnst eins og þessi salur vikki, verði of víðáttumikill til þess að geta verið inni þessum sal, verður eins og þaklaus og veggjalaus hvít víðátta sem flýgur upp í himininn með tilfinningaríkri tónlistinni.

Og að þau svífi upp í óendanlegan himingeiminn.

Bækurnar fást á Amazon
frejukettir@mmedia.is Norræn menning
Guðrún Kristín Magnúsdóttir verðlaunahöfundur

- myndasögur og lestraræfingar:

Hannesar saga Grásteins (20 bækur)
Apakríli, algjör dúlla!!
Hnallur og Spói
Palli og englabjallan
Sigga og hafragrauturinn
Hver er hann þessi Jakob?
Tóta og þau
Jónki fór í réttirnar....
Búi skreytir jólatré
Hagbarður og Hvutti

Hvar voru hrossin í hriðinni?
Hrekkjusvín og ljósastaurar
Tíkin Tóa og grey litli Krúsi
Mummi
Draumahúsið
Hrif
Bína brúða
Flugan

- langar barna- og unglingsögur:

Halla
Japl, jaml og fuður

- smásögur:

Saga Svaðilfara
Sál bróður, steinbitsbróður
Hreggnótt
Dívan skáldsins
Ég, hið silfraða sjal
Melana, drottning frumskógarins
Dagdraumar og sorgarband
Huginn Jöruson, hornungur (sakamál)

IN MEMORIAM
Tröllabarn
Í mjúku myrkri búa draumarnir
Vaknaðu, Lóa! Vaknaðu!
Þetta er mitt hús
Au pair
Leyniþræðir

1000 stjórnur - Bónda minn hálfan - Hljóðahver ljóðakver
Drottinn blessi heimilið

Strætó í hringi

-*Fylgir þessu hiti, eru verkir með þessu, mamma?*

Blisters and boiled ~~iee~~ no! boiled eyes! (handrit að drepfyndinni heimildarmynd)

- fræðsluefni, norræn menning

Óðsmál in fornu (2009)
Valhallar Óðsmál in gullnu (2010)
Óðsmál (1996)
Skírnismál, helgileikar (handrit handa börnum)
Rakni og Þögn - KLUKK (leikir barna efnisyfirlit)
Óðsmál in fáðu (streymi VHS DVD)

- verðlaunahandrit

-Ég er hættur! Farinn! Ég er ekki með í svona asnalegu leikriti!

barn semur handa börnum

TAK-sögurnar -geimveran TAK- 30 bækur
eftir Hjalta Bjarnason (þegar hann var 5-10 ára)

TAK og nornin

TAK og lyftingageimveran mikla

TAK og diskurinn

TAK og brúin

TAK og billinn

TAK og fiskarnir

TAK og slökkvibillinn

TAK og skemmtitækin

TAK og jarðeplaupptökuvélin

TAK og lyktarsjónvarpið

TAK og landbúnaðurinn

TAK og Lalli Marsbúi

TAK og páskaeggíð

TAK og fjölleikahúsið

TAK og martróðin

TAK og tilraunalímið

TAK og Freki

TAK og borðtuskan

TAK og flugeldarnir

TAK og græna ræktin

TAK og allraveðrapeysan

Glámur auli, eftir Bjarna Þór Einarsson (9 ára)

TAK og náttúruvæni einnotapokinn

TAK og erfiði maturinn

TAK og vinur filsins

TAK og flugvélin

TAK og fjarskagaman fjarskalitill

TAK og draugurinn

TAK og innbrotageimveran

TAK og Auðtrúa

Japl, jaml og fuður



Leifur óheppni og fjölskyldan á Hrakhólum,
Sæmi ríki og peningafjölskylda hans,
Jónði fagri og blokkaklíkan,
Lumma skemmtilega og Snilli teknó bróðir hennar,
Valkyrja, röskleikinn holdi klæddur,
Dúrrí mannþekkjari og Björn og Pétur litli
Krúkki, Gúffi og Dollý í **Gróss ehf**, alltaf að vona,
Vladimir Sergei snillingur og **Alexandra Bernadetta** systir hans

Japl, jaml og fuður

og margir fleiri; -- okkur þykir svo undurvænt um þau öll - einsog okkur sjálf!

ISBN 978-9979-895-11-4